

# Neðanjarðarkirkjan



Richard Wurmbrand

RICHARD WURMBRAND

NEÐANJARÐAR  
KIRKJAN

SÉRA MAGNÚS RUNÓLFSSON

*þýddi*

J.T.T.C.W., INC.  
VOICE OF THE MARTYRS  
Rev. Richard Wurmbrand  
General Director  
P.O. Box 11  
Glendale, Ca. 91209



ICHTHYS BÓKAFÉLAG  
AKUREYRI

# Tortured For Christ

## Icelandic Edition

Copyright 2015 Voice Media

info@VM1.global

Web home: [www.VM1.global](http://www.VM1.global)

All rights reserved. No part of the publication may be reproduced, distributed or transmitted in any form or by any means, including photocopying, recording, or other electronic, or mechanical methods, without the prior written permission of the publisher, except in the case of brief quotations embodied in critical reviews and certain other noncommercial uses permitted by copyright law. For permission requests, email the publisher, addressed “Attention: Permission Coordinator,” at the address above.

This publication **may not be sold, and is for free distribution only.**

## FORMÁLI

*eftir séra W. Stuart Harris, F.R.G.S.,\* aðalstjórnanda  
í Evrópukristniðöðinu.*

Það var í desember 1964, að ég kom fyrst til Rúmeníu. Rúmenía var eina landið í Evrópu, sem ég hafði ekki komið til að undantekinni Albaníu. Í nokkra mánuði hafði ég haft greinilega vísbendingu frá Guði um að fara. Fór ég því yfir landamærin frá Ungverjalandi ásamt séra John Moseley.

Urðum við þess brátt varir, að við vorum komnir í kommúnistaland, þar sem yfirvöld höfðu nánar gætur á okkur. Trúað fólk tók þó hjartanlega á móti okkur, og á sunnudagskvöldi, fyrsta sunnudag í aðventu, fórum við í Þýzku baptistakirkjuna í Búkarest. Þar vorum við báðir beðnir að flytja kveðjur og vitnisburð. Eftir samkomuna voru nokkrir, sem töluðu við okkur, meðal annarra hár maður, fögur í andliti en fjörlegur. Bað hann um samtal og kvaðst taka á sig áhættuna, ef við kæmum heim til hans. Fórum við því síðla kvölds um tíuleytið til hússins, þar sem Richard Wurmbrand bjó í þakherbergi mjög litlu á efstu hæð ásamt konu sinni og Mihai, syni sínum.

Hljóðlega gengum við inn, og síðan sagði presturinn, sem ég hafði heyrt svo mikið af á Vesturlöndum, frá hinni furðulegu reynslu sinni í 14 ára fangavist og lausnum úr fangelsi. Fyrst fór sonurinn og svo Sabína, konan hans, og litu út á götuna, og sögðu þau bæði, að húsið væri umkringgt af lögreglunni og bifreið hennar við

\*) F.R.G.S., Fellow of the Royal Geographical Society.

húsið á móti. Hve lengi mundu þeir hafa gætur á húsinu? Hver yrði árangurinn? Richard Wurmbrand lauk sögu sinni. Síðan báðumst vér fyrir. Það var eftirminnileg bænasamkoma, er vér báðum Guð að vernda þjóna sína. Við höfðum séð merkin eftir misþyrmingarnar á líkama hans, og við höfðum skilið betur en nokkru sinni skelfingar þess tíma. Og þó lýsti dýrð og elska Guðs gegnum hina skuggalegu sögu um fangavist og þjáningar. Guð heyrði bænir vorar, og lögreglan var farin, þegar við fórum loks út á götuna.

Við höfðum mætt þessari fjölskyldu Guðs í fyrsta sinn, dáðríkum vottum Jesú Krists, og við fundum báðir, að við yrðum aldrei samir aftur. Því er mér heiður að því að kynna þessa bók, og geri ég það með heitri bæn til Guðs um, að hann hræri hjörtu margra til elsku til þjóðanna í Austur-Evrópu, svo að þeir svari með stórhug og veiti þeim mikla hjálp, sem líða vegna Jesú Krists, og uppfylli á holdi sínu það, sem enn vantar á Kristsþjáningarnar til heilla fyrir líkama hans, sem er söfnuðurinn.

## UM HÖFUNDINN

Séra Richard Wurmbrand er mótmælendaprestur, sem var 14 ár í fangavist og leið pyntingar í heimalandi sínu, Rúmeníu. Hann er einn af víðkunnustu kristnu leiðtogum Rúmeníu, rithöfundum og uppeldisfrömuðum. Fára nöfn eru betur kunn í heimalandi hans.

Árið 1945, þegar kommúnistar tóku Rúmeníu og reyndu að stjórna söfnuðunum, sínum málstað til framdráttar, hóf Richard Wurmbrand þegar í stað áhrifa-rika, öfluga „neðanjarðar“-starfsemi fyrir ánauðuga þjóð sína og meðal innrásarhermannanna frá Rússlandi. Leiddi það til þess, að hann var tekinn höndum 1948 ásamt Sabínu, konu sinni. Kona hans var í þrældómi í þrjú ár. Richard Wurmbrand var 3 ár í einangrunarfangelsi og sá engan nema kommúnistana, kvalara sína. Eftir 3 ár var hann fluttur í fjöldafangelsi og var þar í 5 ár, og þar var hann pyntaður áfram.

Vegna þess, að hann var kunnur kristinn leiðtogi á alþjóðavettvangi, spurðu sendimenn erlendra ríkja um öryggi hans hjá kommúnistastjórninni. Var þeim sagt, að hann hefði flúið frá Rúmeníu. Menn úr leynilög-reglunni, sem þóttust vera samfangar hans, sögðu konu hans, að þeir hefðu verið við jarðarför hans í grafreit fangelsisins. Fjölskyldu hans og vinum erlendis var sagt að gleyma honum, hann væri dáinn.

Eftir 8 ár var hann látinn laus og tók þegar í stað upp starf sitt í neðanjarðarkirkjunni. Tveim árum síðar var hann tekinn höndum á ný, 1959, og dæmdur í 25 ára fangelsi.

Hann var látinn laus við almenna náðun 1964 og

hélt enn áfram neðanjarðarstarfsemi sinni. Kristnir menn í Noregi sáu, að hætta var á þriðju fangelsun og hófu málaumleitanir við yfirvöld kommúnista til að fá hann leystan út úr Rúmeníu. Kommúnistar voru þá farnir að selja pólitíska fanga sína. Gangverð fyrir fanga var 800 sterlingspund. Hans verð var 2.500 pund.

Í maí 1966 bar hann vitni fyrir öryggisnefnd amerísku öldungadeildarinnar og var afklæddur ofan í mittisstað til að sýna 18 djúp sár eftir misþyrmingar á líkama hans. Saga hans barst um heiminn í blöðum í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu. Í september 1966 fékk hann aðvörun um, að kommúnistastjórnin í Rúmeníu hefði afráðið að láta myrða hann á laun. Samt þagnar hann ekki, þrátt fyrir þessar hótanir um dauða. Hann hefur verið nefndur „rödd neðanjarðarkirkjunnar“. Kristnir leiðtogar hafa nefnt hann „lifandi píslarvott“ og „Pál járntjaldsins“.

## TIL

*séra W. Stuart Harris, aðalstjórnanda Evrópukristni-  
boðsins, London, sem kom fyrstur sendimaður frá kristn-  
um mönnum á Vesturlöndum til Rúmeníu, þegar ég var  
látinn laus úr fangelsi 1964. Hann kom inn í hús vort  
mjög seint að kveldi og hafði áður gætt margra varúðar-  
ráðstafana og flutti oss fyrstu orð kærleiks og huggunar  
og fyrstu hjálpina við fjölskyldur kristinna píslarvotta.  
Í nafni þeirra læt ég nú þakklæti vort í ljós.*



## INNGANGSORÐ

*Hvers vegna ég reit þessa bók.*

Ég flyt hverjum frjálsum kristnum manni skilaboð frá neðanjarðarkirkjunni handan við járntjaldið.

Neðanjarðarkirkjan, sem ég stýrði mörg ár, ákvað, að ég skyldi reyna allt til að komast til hins frjálsa heims og færa yður áriðandi boðskap. Það var kraftaverk, að ég lifði af og komst til hins frjálsa heims. Um mikilleik þess kraftaverks eruð þér í þann veginn að fara að lesa. Í þessari bók skila ég þeim boðskap, sem hin trúa, líðandi neðanjarðarkirkja í kommúnistalöndum fól mér.

Fyrst ber ég fram vitnisburð minn og segi frá starfi neðanjarðarkirkjunnar, til þess að þér gefið fullan gaum, sem mjög ríður á, að boðunum frá neðanjarðarkirkjunni.

# 1

## GUÐLEYSINGI FINNUR KRIST

Ég var alinn upp hjá fjölskyldu, sem játaði enga trú. Ég hlaut enga trúarlega fræðslu í bernsku, og 14 ára gamall var ég orðinn sannfærður og forhertur guðleysingi. Þetta voru afleiðingar af biturri bernsku. Ég hafði verið munaðarlaus frá upphafi og hafði þekkt fátæktingina á hinum erfiðu árum fyrri heimsstyrjaldar. Fjórtán ára gamall var ég eins sannfærður guðleysingi og kommúnistar eru nú. Ég las bækur guðleysingja. Það var ekki það eitt, að ég trúði ekki á Guð eða Krist . . . Ég hataði þessar hugmyndir og taldi þær skaðlegar mannshuganum. Og þannig óx ég upp fjandsamlegur trúarbrögðunum.

En seinna skildi ég, að ég naut þeirrar náðar að vera einn hinna útvöldu Guðs, þótt ég skildi ekki hvers vegna. Ekkert í skapgerð minni gat orsakað það, því að skapgerð mín var mjög ill.

Þótt ég væri guðleysingi, dró eitthvað óskiljanlegt mig alltaf að kirkjum. Mér þótti erfitt að fara fram hjá kirkju án þess að fara inn í hana. Þó skildi ég aldrei það, sem fram fór í þessum kirkjum. Ég hlýddi á ræðurnar, en þær töluðu ekki til hjarta míns. Ég var harla viss um, að það væri enginn guð til. Ég hataði þá hugsun, að Guð væri húsbóndi, sem ég yrði að hlýða. Ég hataði hina röngu guðsmynd, sem bjó í huga mínum. En ég hefði verið mjög feginn að vita, að einhvers staðar í þessum heimi væri kærleiksrikt hjarta. Ég hafði þekkt lítið af gleði bernsku og æsku. Ég þráði, að ein-

hvers staðar væri kærleiksrikt hjarta, sem bærðist mín vegna einnig.

Ég vissi, að það væri enginn Guð til, en það hryggði mig samt sem áður, að slíkur Guð kærleikans væri ekki til. Einu sinni fór ég í bágindum mínum inn í kaþólska kirkju. Ég sá þar fólk, sem kraup og sagði eitthvað. Mér datt í hug að krjúpa með því og nema orð þess og fara með bænirnar til að sjá, hvort nokkuð gerðist. Fólkið fór með bæn til hinnar helgu meyjar. „Heil vertu, María, full náðar.“ Ég hafði orðin yfir eftir þeim hvað eftir annað. Ég leit til stytunnar af Maríu mey, en ekkert gerðist. Það hryggði mig. Dag einn gerði ég bæn mína til Guðs, þótt ég væri mjög sannfærður guðleysingi. Bæn mín var eitthvað á þessa leið: „Guð, ég veit með vissu, að þú ert ekki til. En skyldi svo vera, að þú værir til, þótt ég mótmæli, þá er það ekki skylda mín að trúá á þig. Það er þín skylda að opinberast mér.“ Ég var guðleysingi, en guðleysið gaf ekki hjarta mínu frið.

Ég komst að því síðar, að meðan þessi órói fyllti hjarta mitt, var gamall smiður í þorpi einu hátt uppi í fjöllum Rúmeníu, sem bað á þessa leið: „Guð minn, ég hef þjónað þér á jörðu og ég vil fá laun mín bæði á himni og jörðu. Og laun mín eiga að vera þau, að ég deyi ekki, fyrri en ég hef leitt Gyðing til Krists, því að Jesús var af Gyðingum kominn. En ég er fátækur, gamall og sjúk-ur. Ég get ekki farið og leitað uppi Gyðing. Í þorpinu mínu er enginn Gyðingur. Komdu með Gyðing í þorpið mitt, og skal ég þá gera mitt bezta til að leiða hann til Krists.“

Eitthvað ómótstæðilegt dró mig til þessa þorps. Ég átti ekkert erindi til þessa þorps. Í Rúmeníu eru um 12 þúsund sveitaþorp, en ég fór einmitt til þessa þorps. Smiðurinn sá, að ég var Gyðingur, og hann sat um mig eins og nokkur falleg stúlka hefur nokkurn tíma verið

umsetin. Hann leit á mig sem svar við bæn sinni og gaf mér Biblíu til lestrar. Ég hafði lesið Biblíuna oft áður af menningarlegum áhuga. En Biblían, sem hann gaf mér, var öðruvísi. Hann sagði mér síðar, að hann hefði beðið tímunum saman með konu sinni fyrir afturhvarfi mínu og konu minnar. Og Biblían, sem hann gaf mér, var rituð ekki svo mjög með lettri, heldur með eldslogum kærleikans af bænum hans. Ég gat tæplega lesið hana. Ég gat aðeins grátið yfir henni, þegar ég var að bera mitt illa líf saman við líf Jesú, óhreinleik minn við hreinleik hans, hatur mitt við kærleik hans, og hann tók við mér og gerði mig einn af sínum.

Skömmu á eftir mér varð konu minni einnig snúið. Hún leiddi aðrar sálir til Krists, og þær leiddu enn fleiri til Krists, og þannig óx upp nýr lúterskur söfnuður í Rúmeníu.

Svo komu tímar Nazista. Vér urðum að þola mikið. Nazisminn í Rúmeníu gjörðist feikna einræðislegur og strengilegur og ofsótti bæði mótmælendur og Gyðinga.

Ég var stofnandi þessarar kirkju og í rauninni leiðtogi hennar, jafnvel áður en ég hlaut formlega vígslu og áður en ég fékk undirbúning undir starf mitt. Ég bar ábyrgð á henni. Við hjónin vorum tekin höndum nokkrum sinnum, barin og dregin fyrir dómara hjá Nazistum. Ógnarstjórn Nazista var mikil, en ekki nema svipur hjá sjón hjá kommúnistum seinna. Það varð að gefa Mihai syni mínum annað nafn, ólíkt Gyðinganöfnum, til þess að hann yrði ekki drepinn.

En eitt var gott við Nazistatímamann. Þeir kenndu oss, að unnt er að þola líkamlegar barsmíðar, að mannsandinn getur lifað af hræðilegar pyntingar með Guðs hjálp. Þeir kenndu oss aðferðina við kristilega leynistarfsemi, sem var undirbúningur undir miklu verri þrengingar síðar, þrengingar, sem vér áttum rétt framundan.

## STARF MITT MEÐAL RÚSSA

Mig iðraði þess, að ég hafði verið guðleysingi. Frá fyrsta degi, eftir afturhvarf mitt, hafði ég löngun til að vitna fyrir Rússum. Rússar eru þjóð alin upp í guðleysi frá bernsku. Þrá mín eftir að ná til Rússa hefur rættzt. Hún tók að rætast á tímum Nazista, því að margar þúsundir rússneskra stríðsfanga voru í Rúmeníu og vér gátum unnið kristilegt starf meðal þeirra.

Það var spennandi starf og hrífandi. Ég gleymi aldrei fyrsta stríðsfanganum, sem varð á vegi mínum. Hann sagðist vera verkfræðingur. Ég spurði hann, hvort hann tryði á Guð. Ég hefði ekki lagt mikið upp úr því, þótt hann hefði sagt nei. Það er réttur hvers manns að trúa eða trúa ekki. En þegar ég spurði hann, hvort hann tryði á Guð, leit hann á mig skilningslausum augum og sagði: „Ég hef enga hernaðarlega skipun um að trúa. Ef mér er skipað það, trúi ég.“

Mér vöknaði um augu. Mér fannst sem hjarta mitt væri tætt sundur. Frammi fyrir mér stóð maður, sem var andlega dauður, maður, sem hafði misst mestu gjöf, sem Guð hefur gefið honum, — að vera einstaklingur. Hann var heilapvegið verkfæri kommúnista, reiðubúinn að trúa eða trúa ekki eftir skipun. Hann átti ekki fram- ar sjálfstæða hugsun. Þetta var sannur Rússi eftir öll þessi ár undir valdboði kommúnista. Eftir það áfall að sjá, hvað kommúnisminn hafði gert mannlegum verum, hét ég Guði því að vígja þessum mönnum líf mitt, til þess að gefa þeim aftur persónuleika sinn og gefa þeim trú á Guð og Krist.

Ég þurfti ekki að fara til Rússlands til að ná til Rússa.

Það hófst 23. ágúst 1944, þegar ein milljón rússneskra hersveita hélt inn í Rúmeníu, og fljótlega eftir það náðu kommúnistar völdum í landi voru. Þá hófst martröð svo mikil, að þjáningin á tímum Nazista virtist lítil.

Kommúnistaflokkurinn hafði þá ekki nema 10 þúsund meðlimi í Rúmeníu, sem hefur 18 milljónir íbúa. En Vishinsky, utanríkisráðherra Sovétríkjanna, réðst inn í skrifstofu Mikaelis I., hins elskaða konungs vors, barði hnefanum í borðið og sagði: „Þú verður að velja kommúnista í ríkisstjórnina.“ Her vor og lögregla voru svipt vopnum, og síðan komust kommúnistar til valda með ofbeldi, hataðir af næstum því öllum. Það varð ekki án samstarfs þeirra, sem réðu fyrir Bandaríkjunum og Bretlandi á þeim tímum.

Menn eru ábyrgir fyrir Guði, ekki aðeins fyrir persónulegar syndir sínar, heldur einnig fyrir syndir þjóðar sinnar. Harmleikur allra undirokaðra þjóða er á ábyrgð, sem hvílir á hjörtum kristinna manna í Ameríku og Bretlandi. Ameríkumenn verða að vita, að þeir hafa stundum stutt Rússa til að leggja á oss harðstjórn morða og ógna. Ameríkumenn verða að bæta fyrir þetta með því að hjálpa hinum undirokuðu þjóðum að komast til ljóss Krists.

### *KÆRLEIKURINN OG VILLAN TALA SAMA TUNGUMÁL.*

Jafnskjótt og kommúnistar komust til valda, beittu þeir kirkjuna tækjum afvegaleiðslunnar fimlega. Kærleikurinn og afvegaleiðslan tala sama tungumál. Maður, sem vill fá sér konu, og sá, sem vill fá stúlkuna aðeins eina nótt og kasta henni svo frá sér, segja báðir: „Ég elska þig.“ Jesús hefur sagt oss að greina mál villunnar frá máli kærleikans og greina úlfa í sauðarklæðum frá sauðunum.

Þegar kommúnistar náðu völdum, voru þúsundir presta, hirða og þjóna, sem kunnu ekki að greina þessar raddir í sundur.

Kommúnistar kölluðu saman þing allra kristinna safnaða í þinghúsi voru. Það voru 4 þúsund prestar, hirðar og þjónar frá öllum kirkjudeildum. Þessir 4000 prestar og andlegrar stéttar menn kusu Jósef Stalin heiðursforseta þessa þings. Jafnframt var hann forseti Heims-hreyfingar guðleysingja og fjöldamorðingi kristinna manna. Biskupar og prestar stóðu upp hver á fætur öðrum í þinghúsinu og lýstu því yfir, að kommúnismi og kristindómur væru í rauninni það sama og gætu átt samleið. Hver presturinn eftir annan lofaði kommúnismann og fullvissaði hina nýju stjórn um hylli kirkjunnar.

Við hjónin vorum viðstödd þetta þing. Konan mín sat hjá mér og sagði við mig: „Ríkarð, stattu upp og þvoðu þessa hneisu af andliti Krists. Þeir eru að hrækja í andlit honum.“ Ég sagði við konuna mína: „Ef ég geri það, missirðu manninn þinn.“ Hún sagði: „Ég vil ekki vera gift bleyðu.“

Pá stóð ég á fætur og talaði til þessa þings, ekki til að lofa morðingja kristinna manna, heldur Krist og Guð og sagði, að hollustu vora ætti hann fyrs og fremst. Ræðunum á þessu þingi var útvarpað og allt landið gat heyrt boðskap Krists fluttan úr ræðustóli kommúnistaþingsins. Seinna varð ég að gjalda þessa, en það hafði verið þess virði.

Grísk-kaþólskir og mótmælenda kirkjuleiðtogar kepptust um að ganga á vald kommúnismans. Grísk-kaþólskur biskup setti hamar og sigð á klæði sín og bað presta sína að kalla sig ekki frammar „yðar náð“, heldur „félaga biskup“. Ég fór á þing baptista í borginni Resita. Það var þing undir rauðu flaggi, þar sem þjóðsöngur Sovétríkjanna hafði verið sunginn standandi. Forseti baptista lýsti því yfir, að Stalin gerði ekki annað en uppfylla boðorð Guðs. Hann lofaði Stalin sem mikinn fræðara í Biblíunni. Prestar eins og Patrascoiu og Rosianu voru

enn opinskárri. Þeir urðu embættismenn í Leynilögreglunni. Rapp, biskupsfulltrúi lútersku kirkjunnar í Rúmeníu, fór að kenna það í guðfræðiskólanum, að Guð hafi gefið þrjár byltingar: eina með Móse, eina með Jesú og þá þriðju með Stalin, og væri sú seinasta fremri þeirri á undan.

Skilja verður það, að sannir baptistar, sem mér þykir mjög vænt um, voru ekki sammála og reyndust trúir Kristi þrátt fyrir miklar þrengingar. Eigi að síður „kusu“ kommúnistar leiðtoga þeirra, og baptistar áttu ekki annars kost en viðurkenna þá. Sama ástand er enn í æðstu „stjórn“ trúmála.

Þeir, sem gengu í þjónustu kommúnismans í stað Krists, tóku að lasta bræðurna, sem gengu ekki í lið með þeim.

Eins og kristnir menn í Rússlandi stofnuðu neðanjarðarkirkju eftir byltinguna í Rússlandi, neyddi valdataka kommúnista og sviksemi margra kirkjuleiðtoga oss til að stofna einnig í Rúmeníu neðanjarðar kirkju, sem væri fagnaðarerindinu trú, boðaði það og ynni Kristi sálir. Kommúnistar bönnuðu allt þetta, og hin opinbera kirkja samsinnti.

Ég hóf leynistarf ásamt öðrum. Hið ytra hafði ég mjög virðingarverða stöðu, sem átti ekkert skylt við leynistarfsemi mína og var höfð sem hula. Ég var prestur hjá Norska lúterska kristniboðinu og jafnframt starfaði ég sem fulltrúi í Heimsráði kirkna í Rúmeníu. (Í Rúmeníu höfðum vér ekki minnstu hugmynd um, að þessi stofnun mundi nokkurn tíma eiga samstarf við kommúnista. Hún vann ekki annað en líknarstarf í landi voru á þeim tíma.) Þessir tveir titlar veittu mér góða afstöðu gagnvart yfirvöldunum, sem vissu ekki um leynistarf mitt.

Það hafði tvær greinar.



Önnur var leynistarfsemi vor meðal milljóna rússneskra hermanna.

Hin var leyniþjónusta vor við hina undirokuðu þjóð Rúmeníu.

### RÚSSAR — ÞJÓÐ „ÞYRSTRA“ SÁLNA.

Mér er það himinn á jörðu að boða Rússum fagnaðarerindið. Ég hef boðað fagnaðarerindið meðal fólks af mörgu þjóðerni, en aldrei séð fólk teyga í sig fagnaðarerindið eins og Rússa. Svo eru sálir þeirra þyrstar.

Grísk-kaþólskur prestur, vinur minn, símaði til mín og sagði mér, að rússneskur liðsforingi hefði komið til sín til að skrifa. Vinur minn kunni ekki rússnesku, hefði hann fengið honum áritun mína, þar eð hann vissi, að ég kynni rússnesku. Maður þessi kom til mín daginn eftir. Hann elskaði Guð. Hann þráði Guð. En hann hafði aldrei séð Biblíu. Hann hafði aldrei verið við guðsþjónustu. Kirkjur eru mjög sjaldgæfar í Rússlandi. Hann hafðið ekkert trúarlegt uppeldi hlotið. Hann elskaði Guð án minnstu þekkingar á honum.

Ég fór að lesa fyrir hann Fjallræðuna og dæmisögur Jesú. Eftir lesturinn tók hann að dansa um herbergið í gleðhrifningu og hrópa: „Hvílík dásamleg fegurð! Hvernig gat ég lifað án þess að þekkja þennan Krist!“ Það var í fyrsta sinn, sem ég sá mann svo frá sér numinn af gleði í Kristi.

Þá varð mér á skyssa. Ég las fyrir hann um þínu Krists og krossfestingu, án þess að búa hann undir það. Hann hafði ekki átt von á því, er hann heyrði um húðstrýkingu hans, krossfestingu og dauða að lokum. Hann féll ofan í hægindastól og tók að gráta sáran. Hann hafði verið farinn að trúá á frelsara, en nú var frelsari hans dáinn.

Ég leit á hann og blygðaðist mín fyrir að hafa kallað mig kristinn mann og prest, fræðara annarra. Ég hafði aldrei sámpínzt Kristi eins og þessi rússneski liðsforingi nú. Mér var sem ég sæi Maríu Magdalenu gráta undir krossinum, grátandi og trúfasta, jafnvel þegar Jesús var liðið lík í gröfinni.

Svo las ég honum söguna af upprisunni. Hann hafði ekki vitað, að frelsari hans reis upp úr gröfinni. Þegar hann heyrði þessi dásamlegu tíðindi, barði hann á kné sér og formælti, en ég held, að það hafi verið mjög „heilög“ formæling. Þetta var hið óheflaða orðbragð hans. Aftur varð hann glaður. Hann æpti af fögnuði: „Hann lifir! Hann lifir!“ Og aftur dansaði hann um herbergið, gagntekinn af gleði.

Ég sagði við hann: „Biðjum.“ Hann þekkti ekki bænir. Hann þekkti ekki hin heilögu bænarorð vor. Hann féll á kné með mér og bað þessum orðum: „Ó, Guð, hvað þú ert góður náungi. Hefði ég verið þú og þú ég, hefði ég *aldrei* fyrirgefið þér syndir þínar. En þú ert sannarlega góður náungi. Ég elska þig af öllu hjarta.“

Ég held, að allir englar á himni hafi hætt verki sínu til að hlýða á þessa háleitu bæn rússnesks liðsforingja. Maðurinn var unninn Kristi.

Í verzlun einni hittu ég rússneskan höfuðsmann og konu, sem var liðsforingi. Voru þau að kaupa alls kyns hluti og áttu erfitt með að tala við sölumanninn, sem skildi ekki rússnesku. Ég bauðst til að þýða fyrir þau og við kynntumst. Ég bauð þeim í hádegisverð heima hjá mér. Áður en við færum að eta, sagði ég við þau: „Þið eruð á kristnu heimili, og það er venja okkar að biðja.“ Ég flutti bænina á rússnesku. Þau lögðu frá sér hnífa og gaffla og höfðu ekki framar lyst á mat. Tóku þau að spyrja margra spurninga um Guð, Krist og Biblíuna. Þau vissu *ekkert*.

Það var ekki auðvelt að tala við þau. Ég sagði þeim

söguna um manninn, sem átti 100 sauði og týndi einum. Þau skildu það ekki. „Hvernig getur hann átt 100 sauði? Hefur samyrkjubúið ekki tekið þá?“ Svo sagði ég þeim, að Jesús væri konungur. Þau svöruðu: „Allir kóngar hafa verið vondir menn og drottnað harðlega yfir fólkinu, og Jesús hlýtur að hafa verið harðstjóri.“ Þegar ég sagði þeim söguna um verkamenn í víngarði, sögðu þau: „Gott, þessir menn unnu gott verk með því að rísa gegn eiganda víngarðsins. Víngarðurinn á að vera í eign samyrkjubúsins.“ Allt var þeim nýtt. Þegar ég sagði þeim frá fæðingu Jesú, spurðu þau þess, sem mundi virðast lastmæli í munni vestræns manns: „Var María kona Guðs?“ Og mér varð það ljóst í viðræðunum við þau og marga aðra, að nota verður alveg nýtt mál til að boða Rússum fagnaðarerindið eftir svona mörg ár, sem þeir hafa búið við kommúnisma.

Trúboðar, sem fóru til Mið-Afríku, áttu erfitt með að þýða orðin hjá Jesaja: „Þótt syndir yðar séu rauðar sem skarlat, skulu þær verða hvítar sem snjór.“ Enginn í Mið-Afríku hefur nokkurn tíma séð snjó. Þeir áttu ekkert orð yfir snjó. Það varð að þýða þannig: „Syndir yðar skulu verða hvítar eins og kókoshnetukjarni.“

Vér urðum því að þýða fagnaðarerindið á tungu Marxista og gera þeim það skiljanlegt. Það gátum vér ekki af sjálfsdáðum, en Heilagur andi gerði það með oss.

Höfuðsmanninum og kvenliðsforingjanum var snúið til kristinnar trúar á þeim sama degi. Síðar veittu þau oss mikla hjálp í leynistarfsemi vorri meðal Rússa.

Vér prentuðum á laun margar þúsundir guðspjalla og önnur kristileg rit og dreifðum meðal Rússa. Gátum vér smyglað mörgum Biblíum og ritum úr Biblíunni inn í Rússland með aðstoð rússneskra hermanna, sem höfðu snúizt til trúar.

Vér notuðum aðra aðferð til að færa Rússum eintök af orði Guðs. Rússnesku hermennirnir höfðu verið mörg

ár í herþjónustu, og áttu margir þeirra börn heima og höfðu ekki séð þau allan þennan tíma. Rússar hafa mikla ást á börnum sínum. Mihai, sonur minn, og önnur börn innan tíu ára aldurs, voru von að fara til rússnesku hermannanna á götum og í görðum og höfðu með sér margar Biblíur, guðspjöll og önnur rit í vösum. Rússnesku hermennirnir voru vanir að klappa þeim á kollinn, tala hlýlega við þau, og hugsuðu þá um sín eigin börn, sem þeir höfðu ekki séð árum saman. Hermennirnir gáfu þeim súkkulaði eða brjóstsykur, og börnin gáfu hermönnum í staðinn Biblíur og guðspjöll, sem þeir tóku fegins hendi. Oft gjörðu börnin það óhult, sem hefði verið of hættulegt fyrir oss að gjöra opinberlega. Voru þau Rússum „ungir kristniboðar“. Þetta bar ágætan árangur. Margir rússneskir hermenn fengu fagnaðarerindið á þennan hátt, þegar engin önnur leið var til að færa þeim það.

### *PRÉDIKUN Í RÚSSNESKUM HERMANNA- SKÁLUM.*

Vér störfuðum meðal Rússa ekki aðeins með vitnisburði einstaklinga. Vér gátum einnig starfað í smáhópum með fundahaldi.

Rússar voru sólgirnir í úr. Þeir stálu úrum af öllum. Þeir stöðvuðu menn á götum, og urðu allir að láta þau af hendi. Mátti sjá Rússa með nokkur úr á hvorum handlegg. Það mátti sjá rússneska kvenliðsforingja með vekjaraklukkum hangandi um hálsinn. Þær höfðu aldrei áður átt úr og gátu aldrei fengið nóg af þeim. Rúmenar, sem vildu eignast úr, urðu að fara í hermannaskála Sovéthersins til að kaupa stolið úr, og keyptu þeir oft sitt eigið úr. Það var því algengt, að Rúmenar kæmu í rússneska herskála. Vér í neðanjarðarkirkjunni höfðum

gott yfirvarp — að kaupa úr — til að fara þangað líka.

Fyrst þegar ég reyndi að prédika í rússneskum her-skála, kaus ég til þess grísk-kaþólska hátíð, dag Péturs og Páls postula. Fór ég til herbækistöðvarinnar undir því yfirskini, að ég ætlaði að kaupa úr. Lét ég sem eitt væri of dýrt, annað of lítið, þriðja of stórt. Nokkrir hermenn þyrptust kringum mig og buðu mér allir eitt-hvað til kaups. Spurði ég þá í gamni: „Heitir nokkur ykkar Páll eða Pétur?“ Það hétu sumir. Þá sagði ég: „Vitið þið, að það er í dag sá dagur, er hin grísk-kaþólska kirkja yðar heiðrar Pétur og Pál postula?“ Það vissu sumir hinna eldri Rússa. Sagði ég því: „Vitið þér, hverjir Pétur og Páll voru?“ Enginn vissi það. Fór ég að segja þeim af Páli og Pétri. Einn hinna eldri tók fram í fyrir mér og sagði: „Þú ert ekki hingað kominn til að kaupa úr. Þú hefur komið til að segja oss frá trúnni. Setztu hérna niður hjá oss og talaðu við oss. En farðu mjög varlega. Vér vitum, hverjir það eru, sem þú þarft að vara þig á. Allir í kringum mig eru góðir menn. Þegar ég legg hönd á kné þér, máttu ekki tala um annað en úr. Þegar ég fer burt með höndina, máttu flytja boðskap þinn aftur.“ Allmikill fjöldi var kringum mig, og sagði ég þeim frá Páli og Pétri, um Krist, sem Páll og Pétur létu lífið fyrir. Stundum ætlaði einhver að nálgast, sem þeir treystu ekki. Hermaðurinn lagði hönd á kné mér, og fór ég jafnskjótt að ræða um úrin. Þegar sá maður fór, hélt ég aftur áfram að boða Krist. Þessi heimsókn var margendurtekin með aðstoð kristinna rússneskra hermanna. Fundu margir félagar þeirra Krist. Þúsundum guðspjalla var dreift á laun.

Margir bræður og systur í neðanjarðar kirkjunni voru tekin og barin mikið fyrir þetta, en þau sviku ekki hreyfingu vora.

Við verk þetta veittist oss sú gleði að hitta fyrir bræður úr neðanjarðar kirkju Rússlands, og fengum vér að

heyra um reynslu þeirra. Framar öllu kynntumst vér því hjá þeim, hvernig miklir helgir menn verða til. Þeir höfðu búið svo mörg ár við kommúnistafræðslu. Sumir þeirra höfðu farið gegnum háskóla hjá kommúnistum, en alveg eins og fiskur lifir í söltu vatni án þess að verða saltur, fóru þeir í gegnum skóla kommúnista, en höfðu varðveitt sálir sínar hreinar og skírar í Kristi.

Þeir kristnu Rússar voru undurfagarar sálir. „Vér vitum, að stjarnan og hamarinn og sigðin á hífum vorum er stjarna Andkristsins.“ Þetta sögðu þeir með mikilli hryggð. Þeir veittu oss mikla hjálp í að útbreiða fagnaðarerindið meðal annarra rússneskra hermanna.

Ég get sagt, að þeir áttu allar kristilegar dyggðir nema dyggð gleðinnar. Hana áttu þeir aðeins við afturhvarfið. Svo hvarf hún. Ég furðaði mig mikið á því. Einu sinni spurði ég baptista: „Hvernig stendur á því, að þið eigið enga gleði?“ Hann svaraði: „Hvernig get ég verið glaður, þegar ég verð að leyna prestinn minn því, að mér sé alvara í trú minni, að ég lifi í bæn, að ég reyni að vinna sálir? Prestur kirkjunnar er njósnari leynilögreglunnar. Vér erum látnir njósna hver um annan, og hirðarnir eru þeir, sem svíkja hjörðina. Fögnuður hjálpræðisins er *mjög djúpt* í hjörtum vorum, en ytri gleðina, sem þér hafið, hana getum vér ekki átt lengur.

Hjá oss er kristindómurinn orðinn örlagaríkur. Þegar þér frjálst kristnir menn vinnið Kristi sál, vinnið þér meðlim í kirkju, sem lifir friðsömu lífi. En þegar vér vinnum mann, vitum vér, að hann getur vel orðið að fara í fangelsi, að börnin hans geta orðið munaðarlaus. Gleðin yfir því að hafa leitt einhvern til Krists, er alltaf blandin þeirri tilfinningu, að greiða verði gjald.“

Vér höfðum hitt fyrir alveg nýja gerð kristinna manna, kristna menn í neðanjarðar kirkjunni. Þar kom oss margt á óvart.

Eins og margir hyggjast vera kristnir, en eru það ekki í raun og veru, eins fundum vér marga meðal Rússa, sem halda sig vera guðleysingja, en eru það ekki í rauninni.

Ég átti tal við rússnesk hjón, sem bæði voru myndhöggvarar. Þegar ég fór að tala við þau um Guð, svörðu þau: „Nei, Guð er ekki til. Við erum „bezbozhniki“, guðlaus. En við skulum segja þér nokkuð merkilegt, sem henti okkur.

Einu sinni vorum við að gera mynd af Stalin. Meðan á verkinu stóð, spurði konan mín mig: „Hvernig er það með þumalfingerinn? Gætum við ekki stutt þumalfingerinum á móti hinum fingrunum, — væru fingurnir eins og tær, — þá gætum við ekki haldið á hamri, meitli, neinum verkfærum, bók eða brauðsneið. Mannlífið væri óhugsandi án þessa litla þumalfingers. Nú, hver hefur gert þumalfingerinn? Við lærðum bæði kenningu Marx í skóla og vitum, að himinn og jörð urðu til af sjálfu sér. Guð hefur ekki skapað þau. Það hef ég lært, og því trúi ég. En hafi Guð ekki skapað himin og jörð, hafi hann aðeins skapað þumalfingerinn, væri hann vegsamlegur fyrir það eitt.

Við lofum Edison, Bell og Stephenson, sem fundið hafa upp ljósaperuna, símann og járnbrautina og aðra hluti, en hvers vegna ættum við ekki að lofa þann, sem hefur fundið upp þumalfingerinn? Hefði Edison ekki haft þumalfinger, hefði hann ekki fundið neitt upp. Það er ekki nema réttmætt að lofa Guð, sem hefur fundið upp þumalfingerinn.“

Maðurinn reiddist mjög, eins og eiginmenn gera einatt, þegar konur þeirra segja þeim eitthvað, sem vit er í. „Vertu ekki að þessu bulli. Þú hefur lært, að það er enginn guð til. Það er aldrei að vita, nema húsið sé umsetið og við komumst í vandræði. Komdu því inn

í höfuðið á þér í eitt skipti fyrir öll, að það er enginn guð til. Það er enginn á himnum.“

Hún svaraði: „Þetta er enn meira undur. Hafi verið almáttugur guð á himni og hafi forfeður vorir trúað á hann í fávizku sinni, þá væri ekki nema eðlilegt, að við hefðum þumalfingur. Almáttugur guð getur gert allt, svo að hann getur einnig gert þumalfingur. En sé enginn á himnum, ætla ég fyrir mitt leyti að tigna af öllu hjarta þann „engan“, sem hefur gert þumalfingurinn.“

Þau fóru því að tigna þennan „engan“. Trúin á þennan engan óx með tímanum; þau trúðu ekki einungis, að hann væri aðeins skapari þumalfingursins, heldur einnig stjarnanna, blómanna, barnanna og alls hins fagra í lífinu.

Það var alveg eins og í Aþenu til forna. Páll postuli hitti þar fyrir menn, sem tignuðu „ókunnan Guð“.

Hjónin voru ósegjanlega fegin að heyra það hjá mér, að trú þeirra væri rétt, að það er raunverulega einhver „enginn“ á himnum, Guð, sem er andi, andi kærleikans, vizkunnar, sannleikans og máttarins, sem elskaði þau svo, að hann gaf son sinn eingetinn til að fórna sér fyrir þau á krossinum.

Þau höfðu trúað á Guð án þess að vita það. Mér veittist sá heiður að leiða þau eitt skref áfram — til þess að eignast reynslu hjálpræðis og endurlausnar.

Einu sinni sá ég rússneskan kvenliðsforingja á götunni. Ég gekk til hennar og bað afsökunar: „Ég veit, að það er ókurteisi að ávarpa ókunna konu á götu, en ég er prestur og hef gott eitt í huga. Ég óska að tala við yður um Krist.“

Hún spurði mig: „Elskið þér Krist?“ Ég sagði: „Já, af öllu hjarta.“ Þá féll hún í faðm mér og kyssti mig hvað eftir annað. Þetta var mjög mikið vandræðaástand



fyrir prest, svo að ég kyssti hana aftur, vonaði, að fólk héldi, að við værum skyld. Hún sagði við mig: „Ég elska Krist líka“. Ég fór með hana heim. Þar komst ég að því, mér til stórfurðu, að hún vissi ekkert um Krist — alls ekki neitt —, þekkti aðeins nafnið. Og þó elskaði hún hann. Hún vissi ekki, að hann er *frelsarinn*, ekki heldur, hvað hjálpræði merkir. Hún vissi ekki, hvar eða hvernig hann lifði og dó. Hún þekkti ekki kenningar hans, æviferil hans eða starf. Hún var mér sálfræðilegt undrunarefni. Hvernig er hægt að elska nokkurn og vita ekki annað en nafn hans?

Þegar ég spurði um þetta, sagði hún: „Þegar ég var barn, var mér kennt að lesa með myndum. Fyrir a var akarn (enski textinn hefur epli fyrir a. Akarn er aldin eikarinnar), fyrir b var bjalla o. s. frv. Þegar ég kom í æðri skóla, var mér kennd sú heilaga skylda að verja föðurlandið hið kommúnistíska. Ég hlaut fræðslu um siðgæði kommúnista. En ég vissi ekki, hvernig „heilög skylda“ eða „siðgæði“ væri. Þar þarfnaðist ég myndar. Nú vissi ég, að forfeður vorir höfðu haft myndir af öllu fögru, lofsverðu og sönnu í lifinu. Amma mín beygði sig alltaf fyrir þessari mynd og sagði, að það væri mynd af Kristi. Og ég elskaði þetta nafn. Mér varð þetta nafn svo raunverulegt. Það eitt að nefna þetta nafn, veitti mér mikla gleði.“

Meðan ég var að hlýða á hana, mundi ég það, sem stendur í Filippibréfinu, að fyrir þessu nafni muni öll kné beygja sig. Vera má, að Andkristurinn geti afmáð þekkinguna á Guði um stundarsakir. En nafn Krists eitt er gætt mætti og mun leiða til ljóssins.

Hún fann Krist á heimili mínu og öðlaðist mikla gleði, og nú lifði hann í hjarta hennar, sá, sem hún elskaði, þótt hún þekkti nafnið hans eitt.

Allt, sem fyrir mig kom meðal Rússa, var auðugt af skáldskap og djúpu innihaldi.

Trúuð kona, sem var að dreifa guðspjöllum á járnbrautarstöð, gaf liðsforingja nokkrum áritun mína.

Kvöld eitt kom hann í hús mitt, — hár, myndarlegur rússneskur liðsforingi (lutenant).

Ég spurði: „Hvað get ég gert fyrir yður?“

Hann svaraði: „Ég er að leita að ljósi.“

Ég fór að lesa fyrir hann merkustu staði Ritningarinnar. Hann lagði hönd sína á hönd mér og sagði: „Ég bið yður af öllu hjarta að leiða mig ekki afvega. Ég telst til þjóðar, sem er haldið í myrkri. Gjörið svo vel að segja mér, hvort þetta er áreiðanlega orð Guðs.“ Ég fullvissaði hann um það. Hann hlustaði tímum saman . . . og tók við Kristi.

Rússar eru aldrei yfirborðslegir eða grunnfærnir í trúarefnum. Berðust þeir gegn trúnni eða hölluðust þeir að henni og leituðu Krists, væru þeir heilshugar. Þess vegna er hver kristinn maður í Rússlandi kristniboði, sem leitast við að vinna menn. Því er ekkert land á jörðinni eins þroskað og ávaxtasamt til boðunar á fagnaðarerindinu. Rússar eru í eðli sínu einhver trúhneigðasta þjóð í heimi. Gangi heimsins má breyta, ef vér viljum ganga fast að því verki að færa þeim fagnaðarerindið.

Það er hörmulegt, að Rússland og þjóðir þess hungar mest allra eftir orði Guðs, og þó virðast allflestir hafa afskráð þá.

Rússneskur liðsforingi sat fyrir framan mig í járnbrautarlest. Ég var búinn að tala við hann um Krist aðeins fáeinar mínútur, þegar hann kom með flóð af guðleysisrökum. Marx, Stalin, Voltaire, Darwin og aðrar tilvitnanir gegn Biblíunni flóðu alveg af munni hans. Hann gaf mér ekkert færi á að mótmæla. Hann talaði nærri klukkutíma til að sannfæra mig um, að það væri enginn guð til. Þegar hann hafði lokið máli sínu, spurði ég hann: „Hvers vegna biður þú, þegar þú ert í nauð-

um staddur, úr því að enginn guð er til?“ Eins og þjóf-ur, sem staðinn er að verki, svaraði hann: „Hvernig veiztu; að ég bið?“ Ég lét hann ekki sleppa. „Það var ég, sem spurði fyrst. Ég spurði, hvers vegna þú bæðir. Gerðu svo vel að svara mér.“ Hann laut höfði og kannaðist við það: „Á vígstöðvunum, þegar vér vorum umkringdir af Þjóðverjum, báðum vér allir. Vér kunnum það ekki. Því sögðum vér: „Ó, Guð, og andi móður minnar.“ En þetta er sannarlega mjög góð bæn í augum hins eina, sem lítur á hjartað.

Starf vort meðal Rússa hefur borið mikinn ávöxt.

Ég man eftir Piotr. Enginn veit, í hvaða rússnesku fangelsi hann dó. Hann var svo ungur. Ef til vill tvítugur. Hann hafði komið til Rúmeníu með rússneska hernum. Hann snerist til trúar á leynifundi og bað mig um skírn.

Eftir skírnina bað ég hann að segja oss, hvaða vers í Biblíunni hefði haft mest áhrif á hann í því að koma til Krists.

Hann kvaðst hafa hlustað með athygli á einni hinna leynilegu samkoma vorra. Hefði ég lesið Lúkas 24, söguna um Jesúm og lærisveinana, sem voru á leið til Emmaus. Þegar þeir nálguðust þorpið, „lét hann sem hann ætlaði lengra“. Piotr sagði: „Mig langaði að vita, hvers vegna Jesús sagði þetta. Vafalaust langaði hann að vera kyrr hjá lærisveinunum. Hvers vegna sagðist hann þá vilja halda lengra? Skýring mín var sú, að Jesús var kurteis. Hann vildi vera alveg viss um, að hann væri velkominn. Þegar hann sá, að honum var boðið inn, fór hann glaður inn í húsið með þeim. Kommúnistar eru ókurteisir. Þeir fara með ofbeldi inn í hjörtu vor og hugi. Þeir þvinga oss frá morgni til kvölds til að hlýða á sig. Það gera þeir með skólum sínum, útvarpi, blöðum, kvikmyndum, guðleysingjasamkomum og hvarvetna. Það verður að hlusta stöðugt á guðleysis

áróður þeirra, hvort sem þeim líkar betur eða verr. Jesús lítur á frelsi vort. Hann ber kurteislega að dyrum. Hann hefur unnið mig með látprýði.“ Þessi reginmunur á kommúnisma og Kristi hafði sannfært hann.

Hann var ekki eini Rússinn, sem þessi dráttur í skapgerð Jesú hefur haft áhrif á. Mér hafði aldrei komið þetta í hug, þótt prestur væri.

Eftir afturhvarfið hætti Piotr frelsi sínu og lífi hvað eftir annað við að smygla kristilegum ritum, aðstoð til handa neðanjarðar kirkjunni frá Rúmeníu til Rússlands. Að lokum var hann gripinn. Ég veit, að 1959 var hann ennþá í fangelsi. Er hann dáinn? Er hann kominn til himna, eða er hann að halda áfram hinni góðu baráttu á jörðu? Ég veit það ekki. Guð einn veit, hvar hann er núna.

Margir aðrir voru það, sem gerðu eins og hann meira en að snúa sér. Vér ættum aldrei að láta þar við lenda að vinna Kristi sál. Þá er verkið ekki nema hálfnað. Hver sú sál, sem vinnst Kristi, verður að vera sálna-veiðari. Rússarnir létu sér ekki nægja að verða kristnir, heldur urðu kristniboðar í neðanjarðarkirkjunni. Þeir hirtu ekki um afleiðingarnar. Þeir sýndu einurð vegna Krists, sögðu alltaf, að það væri svo lítið, sem þeir gætu gert fyrir Krist, sem dó fyrir þá.

### *NEÐANJARÐARSTARFSEMI MEÐAL ÞRÆLKAÐRAR ÞJÓÐAR.*

Önnur grein á starfsemi vorri var neðanjarðarkristni-  
boð meðal Rúmena sjálfra.

Mjög brátt tóku kommúnistar af sér grímuna. Fyrst í stað beittu þeir blekkingum til að fá kirkjuleiðtoga í fylgd með sér, en svo hófst ógnarstarfsemin. Þúsundir voru teknar til fanga. Það fór að verða áhættusamt

einnig fyrir oss að vinna Kristi sál, eins og það hafði lengi verið Rússum.

Sjálfur var ég seinna í fangelsi ásamt sálum, sem Guð hafði hjálpað mér að vinna Kristi. Ég var í klefa með manni, sem hafði farið frá sex börnum og var nú í fangelsi fyrir trú sína á Krist. Kona hans og börn bjuggu við hungur. Hann átti ef til vill aldrei að sjá þau aftur. Ég spurði hann: „Ber þú kala til mín fyrir það, að ég leiddi þig til Krists og af því að fjölskylda þín býr nú við bágindi út af því?“ Hann sagði: „Ég á engin orð til að lýsa þakklæti mínu fyrir, að þú leiddir mig til hins undursamlega frelsara. Ég mundi aldrei óska, að það væri á aðra lund.“

Það var ekki auðvelt að boða Krist við nýjar aðstæður. Oss tókst að prenta nokkra kristilega bæklinga og komum þeim gegnum hina ströngu ritskoðun kommúnista. Við sýndum eftirlitsmanni kommúnista bók með mynd á forsíðu af Karli Marx, stofnanda kommúnismans. Bækurnar hétu *Trúarbrögðin eru ópium fyrir fólk* eða annað svipað. Hann hugði þær vera kommúnistabækur og setti innsiglið á þær. Í bókum þessum voru fyrst fáeinar blaðsíður fullar af tilvitnunum í Marx, Lenin og Stalin, og féll það í kramið hjá eftirlitsmanninum. Síðan bárum vér fram vitnisburð vörn um Krist.

Neðanjarðar kirkjan er ekki leynileg nema að nokkru. Nokkuð af starfinu er augljóst eins og borgarísjaki. Við fórum á kröfufundi kommúnista og dreifðum út þessum „kommúnista“ritlingum. Þegar kommúnistar sáu myndina af Marx, kepptust þeir um að kaupa bókina. Þegar þeir komu að tíundu síðu og komust að raun um, að hún var öll um Guð og Jesúm, vorum vér víðs fjarri.

Það var ekki auðvelt að prédika við þessar nýju aðstæður. Fólk vort var mjög aðþrengt. Kommúnistar tóku allt af öllum. Frá bændum tóku þeir akra og fénað. Frá rakara eða klæðskera tóku þeir litlu vinnustofuna. Það

voru ekki auðkýfingar einir, sem sviptir voru eignum. Örsnauðir menn urðu einnig að líða mikið. Næstum hver fjölskylda átti einhvern í fangelsi og fátæktin var mikil. Menn spurðu: „Hvernig stendur á því, að Guð kærleikans leyfir sigur hins illa?“

Það hefði ekki heldur verið auðvelt fyrir fyrstu postulana að boða Krist á föstudaginn langa, þegar Jesús dó á krossinum og mælti þessi orð: „Guð minn, Guð minn, hví hefur þú yfirgefið mig?“

En sú staðreynd, að verkið var unnið, sannar, að það var frá Guði og ekki frá oss. Kristin trú á svör við slíkum spurningum.

Jesús sagði oss frá vesalings Lazarusi, sem var þá þjakaður eins og vér erum þjakaðir — að dauða kominn, hungraður, hundar sleiktu sár hans, — en að lyktum báru englar hann í faðm Abrahams.

*HVERNIG NEÐANJARÐARKIRKJAN VANN VERK  
SITT AÐ NOKKRU LEYTI FYRIR  
ALLRA AUGUM.*

Neðanjarðarkirkjan hélt fundi sína á heimilum manna, í skógum, í kjöllurum, — hvar sem unnt var. Þar undirbjó hún einatt augljósa verkið á laun. Á valdatíma kommúnista gerðum vér áætlun um götuprédikun, sem varð með tímanum mjög hættusöm, en með þessum hætti náðum vér til margra sálna, sem vér náðum ekki til á annan hátt. Konan mín var mjög ötul í þessu starfi. Nokkrir kristnir menn komu þá saman á götuhorni og hófu söng. Fólk þyrptist í kringum þá til að hlusta á hinn fagra söng og konan mín flutti boðskap sinn. Vér hurfum af staðnum, áður en götulög-reglan kom.

Dag nokkurn, þegar ég var að starfa á öðrum stað, flutti kona mín ræðu fyrir þúsundum verkamanna við innganginn að hinni miklu Malaxa-verksmiðju í Búka-arest. Hún talaði við verkamennina um Guð og um hjálpræðið. Daginn eftir voru margir verkamenn skotnir eftir uppreisn gegn óréttlæti kommúnista. Þeir höfðu heyrt boðskapinn í tæka tíð.

Vér vorum neðanjarðarkirkja, en vér töluðum opinberlega til fólks og stjórnenda um Krist eins og Jóhann-  
es skírari.

Einu sinni var það á þrepum einnar af stjórnarbygg-  
ingum vorum, að tveir kristnir bræður ruddu sér braut  
til forsætisráðherra vors, Gheorghiu Dej. Þau fáu augna-  
blik, sem þeir höfðu til umráða, vitnuðu þeir fyrir hon-  
um um Krist og hvöttu hann til að snúa sér frá synd-  
um sínum og ofsóknum. Hann lét varpa þeim í fangelsi  
fyrir djarfan vitnisburð þeirra. Mörgum árum síðar,  
þegar hinn sami forsætisráðherra, Gheorghiu Dej, var  
mjög veikur, kom ávöxturinn af fagnaðarerindinu, sem  
þeir höfðu gróðursett mörgum árum fyrr og liðið mikið  
fyrir. Þegar forsætisráðherrann var í nauðum staddur,  
mundi hann orðin, sem höfðu verið töluð til hans.  
Þau orð voru eins og Ritningin segir: „lifandi og kröft-  
ug og beittari en tvíeggjað sverð“. Þau gengu gegnum  
hörku hjarta hans og hann gekk Kristi á hönd. Hann  
játaði syndir sínar, tók við frelsaranum og tók að þjóna  
honum í veikindum sínum. Hann dó skömmu síðar, en  
fór til nýfundins frelsara síns, aðeins af því að tveir  
kristnir menn voru fúsir til að greiða verðið. Þeir eru  
gott dæmi um hina hugdjörfu kristnu menn í löndum  
kommúnista nú.

Neðanjarðar kirkjan starfaði þannig ekki aðeins á  
leynifundum og leynistarfi, heldur með djarfri boðun  
fagnaðarerindisins opinberlega á götum kommúnista og  
fyrir leiðtogum þeirra. Það hafði í för með sér kostnað,

en vér vorum við því búinir að greiða hann. Og neðanjarðar kirkjan er við því búin til þessa dags.

Leynilögreglan ofsótti neðanjarðar kirkjuna mjög, því að þeir sáu, að hún var eina mótspyrnan, sem eftir var, og var einmitt sú mótspyrna, andleg mótspyrna, sem mundi grafa undan guðleysisvaldi þeirra, ef látin væri eiga sig. Þeir sáu, eins og djöfullinn einn getur, beina ógnun við sig. Þeir vissu, að maður, sem tryði á Krist, yrði aldrei sálarlaust og auðsveipt verkfæri. Þeir vissu, að menn var unnt að fangelsa, en gátu ekki fangelsað trúna á Guð. Því börðust þeir hart.

En neðanjarðar kirkjan á einnig samúð og meðlimi jafnvel í ríkisstjórnnum kommúnista og í leynilögreglu þeirra.

Vér kenndum kristnum mönnum að ganga í leynilögregluna og klæðast þeim búningi, sem mest var hataður og fyrirlitinn í landi voru, svo að þeir gætu borið fregnir um athafnir leynilögreglunnar til neðanjarðar kirkjunnar. Þó nokkrir af bræðrunum í neðanjarðar kirkjunni gerðu þetta og héldu trú sinni leyndri. Það er ekki auðvelt að vera fyrirlitinn af fjölskyldu sinni og vinum fyrir að klæðast einkennisbúningi kommúnista og segja þeim ekki, hver tilgangurinn er. Þeir gerðu þetta samt. Svo mikil var elska þeirra til Krists.

Þegar mér var rænt á götu, haldið árum saman með mestu leynd, gekk kristinn læknir raunverulega í þjónustu leynilögreglunnar til að komast að því, hvar ég væri. Hann hafði aðgang að öllum fangageymslum sem læknir hjá leynilögreglunni, og vonaðist til að finna mig. Allir vinir hans forðuðust hann og héldu, að hann væri orðinn kommúnisti. Það að ganga í búningi kvalarans er miklu meiri fórn til Krists en að vera í fanga-fötum.

Læknirinn fann mig í djúpum og dimmum klefa, og lét vita um, að ég væri enn á lífi. Hann var fyrstur



vina, sem fann mig, meðan ég var í fyrsta átta og hálfis árs fangelsinu. Honum var það að þakka, að fregnir komust á kreik um, að ég væri á lífi, og þegar fangar voru láttnir lausir í Eisenhower-Krústsjöv-, „þíðunni“ 1956, gerðu kristnir menn háværar kröfur um lausn mér til handa, og ég var látinn laus um stuttan tíma.

Hefði þessa kristna læknis ekki notið við, sem gekk í leynilögreluna til að finna mig, hefði ég aldrei verið látinn laus. Ég væri enn í fangelsi eða kominn í gröfina.

Þessir meðlimir neðanjarðar kirkjunnar notuðu aðstöðu sína í leynilögrelunni og aðvöruðu oss oftsinnis og voru til mikillar hjálpar. Enn hefur neðanjarðar kirkjan menn í þjónustu leynilögrelunnar, sem vernda og aðvara kristna menn, þegar hætta er á ferðum. Sumir eru hátt settir meðal kommúnista, en leyna trú sinni á Krist og veita oss mikla hjálp. Sá dagur kemur, að þeir geta játað Krist opinberlega, þótt þeir þjóni honum nú á laun.

Eigi að síður voru margir meðlimir neðanjarðar kirkjunnar uppgötvaðir og settir í fangelsi. Við áttum vora „Júdasa“, sem sögðu til og fóru með skilaboð til leynilögrelunnar. Kommúnistar reyndu að finna presta og leikmenn, sem vildu koma upp um bræðurna, og notuðu til þess hýðingar, byrlun, hótanir og fjárkúgun.

## 2

Ég starfaði bæði ljóst og leynt þangað til 29. febrúar 1948. Það var sunnudagur, fagur sunnudagur. Þann sunnudag rændi leynilögreglan mér á götu, þegar ég var á leið til kirkju. Oft hafði ég hugsað um það, hvað átt væri við með „mannráni“, sem er nefnt nokkrum sinnum í Biblíunni. Kommúnisminn hefur frætt oss um það.

Margir voru gripnir svona á þeim tíma. Vagn frá leynilögreglunni nam staðar fyrir framan mig, fjórir menn stukku út og ýttu mér inn í vagninn. Ég var *numinn brott* mörg ár. Meira en átta ár vissi enginn, hvort ég var lífs eða liðinn. Menn frá leynilögreglunni, sem þóttust hafa verið sambandingjar mínir, komu til konu minnar. Sögðust þeir hafa verið við greftrun mína. Olli það henni mikilli hryggð.

Þúsundir fóru í fangelsi á þeim tíma úr öllum kirkju-deildum. Það voru ekki prestar einir, sem voru settir í fangelsi, heldur og bændur, piltar og stúlkur, sem báru vitni um trú sína.

Fangelsin í Rúmeníu voru full eins og í öllum kommúnistalöndum. Fangavistinni fylgja pyntingar.

Pyntingarnar voru stundum hryllilegar. Ég kys að tala ekki of mikið um þær, sem ég hef orðið að líða. Ég get ekki sofið á nóttunni, þegar ég geri það. Það er sársaukafullt.

Í annarri bók\*) segi ég nákvæmlega frá öllu því, sem vér urðum að líða með Guði í fangelsi.

\*) W. H. Allen: In God's Underground.

## ÓLÝSANLEGAR ÞJÁNINGAR.

Prestur að nafni Florescu var þíndur með rauðglóandi járn göddum og hnífum. Hann var barinn mjög illa. Síðan voru hungraðar rottur reknar inn í klefa hans eftir langri pípu. Hann gat ekki sofið, heldur varð að verja sig allan tímann. Tæki hann sér smáhvíld, réðust rotturnar á hann.

Hann var neyddur til að standa tvær vikur, dag og nótt. Kommúnistar ætluðu að fá hann til að svíkja trúbræður sína, en hann veitti staðfasta mótspyrnu. Að lokum komu þeir með 14 ára son hans og tóku að berja drenginn með ól fyrir augunum á föður hans og sögðust halda áfram að berja hann, þangað til presturinn segði það, sem þeir vildu vita. Veslings maðurinn varð hálfsturlaður. Hann þoldi það, meðan hann gat. Þegar hann gat það ekki lengur, hrópaði hann til sonar síns: „Alexander, ég verð að segja það, sem þeir vilja vita. Ég get ekki þolað að sjá þig barinn lengur.“ Sonurinn svaraði: „Faðir minn, ger þú mér ekki þann órétt að láta mig eiga svikara að föður. Veittu mótspyrnu. Ef þeir drepa mig, ætla ég að deyja með orðin: „Jesús og föðurland mitt.“ Kommúnistarnir tóku æði, réðust á barnið og börðu til bana, en blóðið dreifðist á klefaveggina. Hann dó með lofgjörð til Guðs á vörum. Bróðir vor, Florescu, náði sér aldrei eftir þessa sjón.

Hólkar voru settir á úlnliðina á oss með beittum göddum að innan. Ef vér vorum grafkyrrir, skáru þeir ekki. En naglarnir rifu úlnliðina, þegar vér skulfum af kulda í ísköldum klefum.

Kristnir menn voru hengdir upp á köðlum með höfuðið niður og barðir svo, að líkamir þeirra sveifluðust fram og aftur við högginn. Kristnir menn voru settir í

kæliklefa, sem voru svo kaldir, að þeir voru hélaðir að innan. Sjálfur var ég settur fáklæddur í einn slíkan. Fangelsislæknar voru á gægjum við glufu, þangað til þeir sáu einkenni dauða af frosti. Þá gáfu þeir merki og verðir komu þjótandi inn til að fara út með oss og hlýja oss. Þegar oss hafði hlýnað um síðir, vorum vér þegar í stað settir í ísklefana aftur til að frjósa — hvað eftir annað. Látnir þiðna, síðan frystir, unz eftir voru ein eða tvær mínútur til dauða, síðan látnir þiðna aftur. Þessu hélt endalaust áfram. Allt til þessa dags þoli ég oft ekki að opna kælikáp.

Vér kristnir menn vorum settir í viðarkassa, lítið eitt stærri en vér vorum sjálfir. Það var ekki neitt svigrúm. Tylftir af nöglum voru reknar í hliðarnar á kössunum, og stóðu hárbeittir broddarnir inn í kassann. Þetta var meinlaust, meðan vér stóðum grafkyrrir. Vér vorum látnir standa inni í þessum kössum endalaust. En þegar vér urðum þreyttir og létum undan, stungust naglarnir inn í líkami vora. Ef vér hreyfðum eða hræðum vöðva, stungust hinir hræðilegu naglar í oss. Það er ofvaxið öllum mannlegum skilningi, sem kommúnistar hafa gjört kristnum mönnum.

Ég hef séð kommúnista kvelja kristna menn, og andlit þeirra ljómuðu af annarlegri gleði. Þeir hrópuðu, meðan þeir voru að kvelja hina kristnu menn: „Vér erum djöfullinn.“

Barátta vor er ekki við hold og blóð, heldur við tignirnar og völdin, völd hins illa. Vér sáum, að kommúnismi er ekki frá mönnum, heldur frá djöflinum. Hann er andlegt vald — vald hins illa — og ekkert getur mætt því nema sterkara andlegt vald, Andi Guðs.

Oft spurði ég kvalarana: „Er engin miskunn til í hjörtum yðar“ Svöruðu þeir venjulega með tilvitnun í orð Lenins: „Enginn býr til eggjakökur án þess að brjóta eggskurnina, og enginn heggur við án þess að

flísarnar fljúgi“. Ég svaraði: „Ég þekki einnig þessa tilvitnun í orð Lenins. En hér er munur. Þegar viður er höggvinn, verður hann þess ekki var. En hér er við mannlegar verur að eiga. Barsmíð veldur kvölum, og mæður gráta.“ Það var til einskis. Þeir eru efnishyggjumenn. Hjá þeim er ekkert til nema efni, og maður er fyrir þeim sem viður, sem eggjaskurn. Vegna þessarar trúar sökkva þeir í ótrúlegt dýpi grimmdar.

Það er erfitt að trúa grimmd guðleysis. Þegar maðurinn hefur enga trú á laun hins góða eða refsing hins illa, er engin ástæða til mannúðar. Það eru engar hömlur frá djúpi hins illa í manningum. Kommúnistar, kvalarar vorir, sögðu oft: „Það er enginn guð til, ekkert líf eftir þetta, engin refsing fyrir hið illa. Vér getum gert hvað sem oss þóknast.“ Ég hef heyrt einn kvalaranna segja: „Ég þakka guði, sem ég trúi ekki á, að ég hef lifað til þessarar stundar, þegar ég get komið fram öllu hinu illa í hjarta mínu.“ Hann sýndi það með ótrúlegum hrottaskap og pyntingum á föngunum.

Mig tekur mjög sárt, er krókódill étur mann, en ég get ekki áfellt krókóðilinn. Hann er krókóðill. Hann er ekki siðferðileg vera. Því er ekki unnt að áfella kommúnista. Kommúnisminn hefur eyðilagt siðgæðisvitund þeirra. Þeir stærðu sig af því, að þeir hefðu enga miskunnsemi í hjarta.

Ég lærði af þeim. Þeir gáfu Jesú ekkert rúm í hjörtum sínum, og eins ákvað ég að ljá Satan ekki minnsta rúm í mínu.

Ég hef borið vitni fyrir undirnefnd öryggis í öldungaráði Bandaríkjanna (The Internal Security Subcommittee of The U. S. Senate). Þar lýsti ég óttalegum hlutum, t. d. að kristnir menn voru bundnir við krossa í fjóra sólarhringa. Krossarnir voru settir á gólfið og hundruð fanga urðu að gera allar líkamsþarfir sínar á andlit og líkami þeirra, sem krossfestir voru. Síðan voru

krossarnir reistir upp aftur, og kommúnistar fögnuðu og hæddust að þeim: „Lítið á Krist yðar. Fagur er hann. En sá ilmur, sem fylgir honum af himni.“ Ég lýsti presti, sem var orðinn nærri vitskertur af kvölum og var neyddur til að helga saur og þvag úr mönnum og bera fram sem sakramenti fyrir kristna menn. Þetta átti sér stað í fangelsinu í Pitesti í Rúmeníu. Ég spurði prestinn, hvers vegna hann hefði ekki heldur kosið að deyja en taka þátt í þessu lastmæli. Hann svaraði: „Dæmdu mig ekki. Ég er búinn að þjást meir en Kristur.“ Lýsingar Biblíunnar og Inferno hjá Dante jafnast ekki á við pyntingarnar í fangelsum kommúnista.

Þetta er ekki nema litill hluti af því, sem átti sér stað einn sunnudag og margra aðra sunnudaga í fangelsinu í Pitesti. Öðru er ekki einu sinni unnt að skýra frá. Hjarta mitt mundi gefast upp, ætti ég að segja frá því aftur og aftur. Það er of hræðilegt og ósæmlegt til að færa það í letur. Þetta er það, sem bræður yðar í Kristi gengu í gegnum og gera enn.

Einn hinna miklu hetja trúarinnar var Milan Haimovici prestur.

Fangelsin voru troðfull, og fangaverðirnir þekktu ekki nöfnin á oss. Þeir kölluðu á þá, sem höfðu verið dæmdir til að fá 25 högg fyrir að brjóta einhverja fangelsisreglu. Ótal sinnum fór Milan Haimovici og tók út höggin fyrir einhvern annan. Með þessu vann hann hylli annarra fanga, ekki aðeins sér, heldur Kristi, sem hann var fulltrúi fyrir.

Ég lyki aldrei, ef ég ætti að halda áfram að segja frá öllum skelfingum kommúnista og öllum sjálfsfórnum kristinna manna. Það voru ekki pyntingarnar einar, sem voru kunnar. Hetjudáðirnar voru einnig kunnar. Hetjudáðir fanganna voru þeim bræðrum, sem nutu enn frelsis, innblástur.

Einn af starfsmönnum vorum var stúlka í neðan-

jarðar kirkjunni. Lögregla kommúnista hafði komizt að því, að hún var að dreifa út guðspjöllum á laun og kenna börnum að þekkja Krist. Réðu þeir af að taka hana höndum. En þeir ákváðu að fresta handtöku hennar fáeinar vikur til giftingardags hennar, til þess að handtakan yrði átakanlegri og sárari. Á heiðursdegi sínum var stúlkan klædd brúðarkjól. Dásamlegasti og fagnaðarríkasti dagur á ævi ungrar stúlku. Allt í einu var dyrunum hrundið upp og leynilögreglan ruddist inn.

Þegar brúðurin sá leynilögregluna, rétti hún fram handleggina til að verða handjárnuð. Þeir settu hlekkina á úlnliðina á henni. Hún leit til unnusta síns, kyssti svo á hlekkina og sagði: „Ég þakka hinum himneska brúðguma mínum fyrir þetta djásn, er hann hefur gefið mér á heiðursdegi mínum. Ég þakka honum, að ég skuli vera virt þess að líða fyrir hann.“ Hún var dregin brott frá kristnum grátandi mönnum og grátandi brúðguma. Þeir vissu, hvað biður ungra kristinna stúlkna í höndum fangavarða kommúnista. Eftir fimm ár var hún látin laus — eyðilögð, buguð kona, 30 árum eldri í útliti. Brúðguminn hafði beðið hennar. Hún sagði, að þetta væri það minnsta, sem hún gæti gert fyrir Krist sinn. Svona fagrir kristnir menn eru í neðanjarðar kirkjunni.

### HEILAVOTTI LÝST.

Vesturlandamenn munu hafa heyrt um heilavott í Kóreustríðinu og nú í Víetnam. Ég hef sjálfur verið heilavveginn. Það er hræðilegasta pyntingin.

Vér urðum að sitja 17 tíma á dag í mörg ár og heyra þetta:

Kommúnismi er góður.

Kommúnismi er góður.

Kommúnismi er góður.

Kommúnismi er góður.

Kristindómur er heimskulegur.

Kristindómur er heimskulegur.

Kristindómur er heimskulegur.

Gefstu upp. Gefstu upp. Gefstu upp. Gefstu upp.

Í 17 stundir á dag — dag eftir dag, viku eftir viku og mánuð eftir mánuð.

Nokkrir kristnir menn hafa spurt mig, hvernig vér höfum staðið gegn heilaþvotti. Það er ekki til nema ein aðferð gegn heilaþvotti. Það er „hjartaþvottur“. Sé hjartað hreinsað í elsku Jesú Krists og elski það hann, geturðu staðið gegn öllum pyntingum. Hvað er það, sem elskandi brúður mundi ekki gera fyrir elskandi brúðguma? Hvað er það, sem elskandi móðir mundi ekki gera fyrir barnið sitt? Elskir þú Krist eins og María gerði, hún, sem hélt á Kristi í örmum sér, þegar hann var barn, elskir þú Krist eins og brúður elskar brúðguma sinn, geturðu staðizt allar pyntingar. Guð dæmir oss ekki eftir því, hvað mikið vér líðum, heldur eftir elskunni. Ég votta það um kristna menn í fangelsum kommúnista, að þeir gátu elskað. Þeir gátu elskað Guð og menn.

Pyntingarnar og hrottaskapurinn héldu áfram hömlulaust. Þegar ég missti meðvitund eða varð of sljór til að gefa kvölurunum nokkra von um játningar, var ég fluttur í klefann aftur. Þar lá ég í óhirðu og nær dauða en lífi til þess að safna nokkru þreki, svo að þeir gætu byrjað við mig aftur. Margir létu lífið, þegar hér var komið, en einhvern veginn fór svo, að þrek mitt kom alltaf aftur. Á næstu árum brutu þeir í mér fjóra hryggjarliði og mörg önnur bein, í ýmsum fangelsum. Þeir gerðu í mig skurði á 12 stöðum. Þeir brenndu og skáru átján göt á líkama minn.



Þegar lækningar í Osló sáu allt þetta og örin eftir berkla í lungum, sem ég hafði einnig, sögðu þeir, að það væri hreint kraftaverk, að ég væri enn á lífi. Ég ætti að hafa verið dauður í mörg ár eftir læknisfræðibókum þeirra. Ég veit sjálfur, að það er kraftaverk. Guð er Guð kraftaverka.

Ég hygg, að Guð hafi gert þetta undur til þess að þér gætuð heyrt rödd mína hrópa upp fyrir hönd neðanjarðar kirkjunnar handan við járntjaldið. Hann leyfði, að einn kæmist út lifandi og hrópaði hátt boðskapinn frá liðandi og trúuðum bræðrum yðar.

### STUTT FRELSI – SÍÐAN NÝ FANGAVIST.

Árið 1956 kom. Ég hafði verið í fangelsi í hálf títunda ár. Ég hafði lézt mikið, fengið ljót ör, verið barinn hrottalega, hafði verið sparkað í mig, hlegið að mér, ég hafði verið sveltur, það hafði verið þrengrt að mér, ég hafði verið spurður spjörunum úr, mér hafði verið hótad, ég vanræktur. Ekkert af þessu hafði komið því til leiðar, sem til var ætlað. Þeir gáfust því upp og létu mig lausan. Auk þess voru enn að berast til þeirra mót-mæli út af fangavist minni.

Ég fékk að snúa aftur til fyrri stöðu minnar aðeins eina viku. Ég flutti tvær ræður. Þá var ég kallaður fyrir og bannað að prédika eða taka þátt í nokkru trúarlegu starfi. Hvað hafði ég sagt? Ég hafði ráðið sóknarbornum mínum til að sýna „þolinmæði, þolinmæði og meiri þolinmæði“. — „Það þýðir, að þú varst að segja þeim að vera aðeins þolinmóðir, og þá muni Ameríkumenn koma og frelsa þá,“ æpti lögreglan á mig. Ég hafði einnig sagt, að hjólið snúist og tímarnir breyt-

ist. „Þú segir þeim, að kommúnistar muni ekki halda völdum. Þetta eru gagnbyltingarlygar“, æptu þeir. Þetta var því endirinn á opinberu starfi mínu.

Sennilega héldu yfirvöldin, að ég þyrði ekki að ögra þeim og snúa mér aftur að neðanjarðarboðun fagnaðarerindisins. Þar skjátlaðist þeim. Með leynd sneri ég aftur til þess starfs, sem ég hafði stundað áður. Fjölskylda mín stóð á bak við mig.

Aftur fór ég að vitna fyrir leyndum hópum trúaðs fólks, kom og fór eins og andi undir vernd manna, sem mátti treysta. Nú hafði ég ör til að styrkja boðskap minn um hið illa í guðleysisstefnunni og til að telja kjark í þá, sem hikuðu við að treysta Guði og vera hugrakkir. Ég stýrði leynisamtökum boðenda, sem studdu hver annan í að dreifa fagnaðarerindinu fyrir augum kommúnista, sem forsjónin hafði blindað. Svo kann að fara, að maður, sem er svo blindur, að hann sér ekki hönd Guðs að verki, sjái ekki heldur hönd prédikarans.

Að lokum fór svo, að hinn takmarkalausí áhugi lögreglunnar á athöfnum mínum og vistarveru bar árangur. Af einhverri ástæðu tóku þeir ekki fjölskyldu mína um leið, ef til vill vegna þess, hve þekktur ég var. Ég hafði verið hálf tólf ára í fangelsi og síðan verið tiltölulega frjálst í þrjú ár. Nú átti ég að verða í fangelsi í hálf sjötta ár til viðbótar.

Seinni fangavist mín var verri en sú fyrri að mörgu leyti. Ég vissi vel, hvers vænta mátti. Líkamleg heilsa mín varð mjög slæm nærri því undir eins. En vér héldum áfram neðanjarðar starfi neðanjarðar kirkjunnar í neðanjarðar fangelsum kommúnista.

VÉR SKIPTUM VIÐ ÞÁ –  
VÉR PRÉDIKUÐUM, EN ÞEIR BÖRÐU.

Það var stranglega bannað að prédika fyrir öðrum föngum. Það var vitað, að hver sem staðinn yrði að þessu, hlyti mikla barsmið. Margir af oss afréðu að taka á sig kostnaðinn við þau réttindi að prédika og gengum því að skilmálum þeirra. Það voru verðskipti: Vér prédikuðum og þeir börðu oss. Vér höfðum gleði af að prédika. Þeir höfðu gleði af að berja oss, svo að báðir aðilar voru glaðir.

Oftar en ég fæ munað, kom það fyrir, sem nú skal greina: Einhver bræðranna var að prédika fyrir hinum föngunum. Fangaverðirnir ruddust skyndilega inn og komu að honum í miðri setningu. Þeir drógu hann niður ganginn til „barsmiðastofunnar“. Eftir barsmið, sem virtist endalaus, komu þeir með hann aftur og hrundu honum – blóðugum og særðum – inn á fangelsisgólfið. Hann reis hægt á fætur, lagaði til á sér fötin og sagði: „Jæja, bræður, hvar var ég, þegar ég var truflaður?“ Hann hélt svo áfram boðskap sínum.

Ég hef séð margt fagurt.

Stundum voru prédikararnir leikmenn. Einfaldir menn, innblásnir af Heilögum anda, prédikuðu oft fall-ega. Hjarta þeirra var allt í orðum þeirra, því að það voru engir smámunir að prédika við þessar aðstæður með yfirvofandi refsingu. Síðan komu fangaverðirnir og tóku prédikarann út og börðu hann hálfdaudan.

Í fangelsinu í Gherla var kristinn maður, Grecu að nafni, dæmdur til þess að verða barinn til bana. Framkvæmdin tók nokkrar vikur. Var hann barinn mjög hægt. Hann var barinn neðan á iljar með gúmmikylfu og var síðan sleppt. Eftir nokkrar mínútur var hann barinn aftur, svo aftur eftir nokkrar mínútur. Hann var barinn á kynfærin. Svo gaf lækni honum sprautu. Hon-

um batnaði, og var honum gefin mjög góð fæða til að hleypa í hann þrótti, og síðan var hann barinn á ný, unz hann dó undir þessum hægu höggum hvað eftir annað. Einn þeirra, sem stýrðu þessu, var í miðnefnd kommúnistaflokksins og hét Reck.

Reck var vanur að segja öðru hvoru orð, sem kommúnistar sögðu oft við kristna menn: „Þú veizt, að ég er Guð. Ég hef líf þitt og dauða á mínu valdi. Sá, sem er á himnum, getur ekki tekið þá ákvörðun að halda lífinu í þér. Undir mér er allt komið. Þú færð að lifa, ef ég óska þess. Þú verður drepinn, ef ég óska þess. Ég er Guð.“ Þannig hæddi hann hinn kristna mann.

Bróðir Grecu gaf Reck svar undir þessum kringumstæðum, sem ég heyrði síðar hjá Reck sjálfum. Hann sagði: „Þú veizt ekki, hve djúpskilið orð þú hefur mælt. Þú ert í raun og veru guð. Hver fiðrildislirfa er í raun og veru fiðrildi, ef hún þroskast rétt. Þú varst ekki skapaður til að vera kvalari, morðingi. Þú varst skapaður til að verða vera líkur Guði. Jesús sagði við Gyðingana á hans tíma: „Þér eruð guðir“. Líf guðdómsins er í hjarta þínu. Margir þínir líkar, margir ofsóknarar, eins og t. d. Páll postuli, hafa uppgötvað einhvern tíma, að það er smánarlegt fyrir mann að fremja grimmdarverk, að þeir geta aðhafzt eitthvað betra. Þess vegna urðu þeir hluttakar í guðlegu eðli. Trúið mér, herra Reck, það er hin raunverulega köllun yðar að verða guð, Guði líkur, ekki kvalari.“

Reck gaf ekki mikinn gaum að orðum fórnarlambssíns þá, frekar en Páll postuli að hinum fagra vitnisburði Stefáns, þegar hann var af lífi tekinn í návist hans. En þessi orð geymdust í hjarta hans og höfðu áhrif. Seinna skildi Reck, að þetta var raunverulegt kall til hans.

Ein var sú lexía, sem lærðist af allri barsmíðinni, pyntingunum og slátruninni hjá kommúnistum: að and-

inn er líkamanum æðri. Oft fór svo, að vér fundum að vísu kvalirnar, þegar vér vorum pyntaðir, en þær voru eins og eitthvað fjarlægt, langt frá andanum, sem hvarf í dýrð Krists og nálægð hans.

Þegar vér fengum eina brauðsneið á viku og óhreina súpu daglega, tókum vér þá ákvörðun að gjalda tíund einnig þá. Tíundu hverja viku tókum vér sneiðina og gáfum veikari bræðrum eins og tíund vora til meistarans.

Kristinn maður var dæmdur til dauða. Honum var leyft að sjá konu sína áður en hann dæi. Seinustu orð hans við konuna voru þessi: „Þú verður að muna, að ég dey með kærleika til þeirra, sem deyða mig. Þeir vita ekki, hvað þeir gera, og það er síðasta bón mín til þín, að þú elskir þá líka. Hafðu ekki gremju í hjarta, þótt þeir deyði þann, sem þú elskar. Við munum hittast í himni.“ Þessi orð fengu á foringjann í leynilögreglunni, sem var við samtal þeirra tveggja, og seinna sagði hann mér söguna í fangelsi, sem hann var settur í fyrir það að gerast kristinn.

Í fangelsinu í Tírgux-Ocna var mjög ungur fangi, sem hét Matchevici. Hafði hann verið settur í fangelsi 18 ára gamall. Hann var nú mjög sjúkur af berklum vegna pyntinganna. Fólkið hans komst einhvern veginn að því, að hann væri svona þungt haldinn, og sendi honum hundrað glös af streptomycin, og hefði það getað ráðið úrslitum lífs og dauða. Hinn pólitíski foringi fangelsisins kallaði hann fyrir sig og sýndi honum böggulinn og sagði: „Hér er lyfið, sem getur bjargað lífi þínu. En þú mátt ekki taka við bögglum frá fólkinu þínu. Persónulega vildi ég hjálpa þér. Þú ert ungur. Ég kysi ekki, að þú dæir í fangelsi. Hjálpaðu mér, svo að ég geti hjálpað þér. Gefðu mér upplýsingar um meðfanga þína. Þá get ég réttlætt það fyrir yfirboðurum mínum að fá þér böggulinn.“

Matchevici svaraði þegar í stað: „Ég óska ekki eftir að lifa og þurfa að blygðast mín að líta í spegil, af því að ég sjái þar andlit svikara. Ég get ekki gengið að því skilyrði. Ég kys heldur að deyja.“ Hinn pólitiski starfsmaður tók í hönd hans og sagði: „Ég samfagna þér. Ég bjóst ekki við öðru svári frá þér. En ég vildi gera þér annað tilboð. Nokkrir fanganna láta oss í té upplýsingar. Þeir þykjast vera kommúnistar og þeir tala illt um þig. Þeir leika tveim skjöldum. Vér berum ekkert traust til þeirra. Vér vildum vita, að hve miklu leyti þeim er alvara. Þig svíkja þeir. Þeir vinna mikið tjón með því að segja oss frá orðum þínum og athöfnum. Ég skil, að þú vilt ekki koma upp um féлага þína. En láttu oss í té vitneskju um þessa menn, sem eru á móti þér, og muntu þá bjarga lífi þínu.“ Matchevici svaraði jafn hiklaust og fyrra sinnið: „Ég er lærisveinn Krists, og hann hefur kennt oss að elska jafnvel óvini vora. Þessir menn, sem svíkja oss, gera oss mikið tjón, en ég get ekki launað illt með illu. Ég get ekki látið í té upplýsingar, ekki einu sinni gegn þeim. Ég vorkenni þeim. Ég bið fyrir þeim. Ég vil ekki hafa neitt samband við kommúnista.“ Matchevici kom aftur frá viðræðunni við pólitiska starfsmanninn og dó í sama klefa og ég var í. Ég sá hann deyja. — Hann lofaði Guð. Kærleikurinn sigraði jafnvel hinn eðlilega lífsþorsta.

Sé fátækur maður mikill hljómlistarunnandi, gefur hann sinn síðasta eyri til þess að geta hlýtt á söngleik. Svo er hann peningalaus. En hann hefur ekki farið alls á mis. Hann hefur heyrt það, sem fagurt er.

Ég tel það ekki mikinn missi, þótt ég hafi verið mörg ár í fangelsi. Ég hef séð það, sem fagurt er. Sjálfur hef ég verið einn hinna óstyrku í fangelsi, ég hef hlotið þann heiður að vera þar með mjög helgum mönnum, hetjum trúarinnar, sem jöfnuðust á við kristna menn á fyrstu öldum. Þeir gengu fúslega í dauðann fyrir

Krist. Hinni andlegu fegurð slíkra dýrlinga og trúarhetja verður aldrei lýst.

Það, sem ég segi hér, eru engar undantekningar. Hið yfirnáttúrlega er orðið eðlilegt kristnum mönnum í neðanjarðar kirkjunni.

Neðanjarðar kirkjan er sú kirkja, sem hefur horfið aftur til síns fyrri kærleika.

Ég elskaði Krist mikið, áður en ég fór í fangelsi. Nú, eftir að ég hef séð brúði Krists — hinn andlega líkama hans — í fangelsi, tel ég, að ég elski neðanjarðar kirkjuna jafn mikið og ég elska Krist. Ég hef séð fegurð hennar, fórnarlund hennar.

### ÞAÐ, SEM KOM FYRIR KONU MÍNA OG SON.

Ég var numinn brott frá konu minni. Ég vissi ekki, hvað hennar beið. Það var ekki fyrr en eftir mörg ár, að ég frétti, að hún hefði einnig verið sett í fangelsi. Kristnar konur líða miklu meira en karlmenn í fangelsi. Hrottalegir fangaverðir hafa nauðgað stúlkum. Háðið og klámið er hræðilegt. Konur voru þvingaðar til erfiðisvinnu við síki, sem þurfti að gera, og urðu þar að vinna jafn erfiða vinnu og karlar. Þær mokuðu mold að vetri. Skækjur voru gerðar að eftirlitsmönnum, og þær kepptust um að kvelja hinar trúuðu. Konan mín hefur etið gras eins og búpeningur til að halda lífi. Hungraðir fangar átu rottur og snáka við síki þetta. Ein af skemmtunum fangavarðanna á sunnudögum var sú að fleygja konum í Dóná og veiða þær svo upp, til að hlæja að þeim, hæðast að þeim, þegar þeir sáu líkami þeirra vota, kasta þeim út í aftur og veiða þær upp aftur. Konu minni var hrundið í Dóná á þennan hátt.

Sonur minn var látinn eftir á flækingi á götunni, þegar móðir hans og faðir höfðu verið tekin frá honum. Mihai hafði verið mjög trúhneigður frá bernsku og haft mikinn hug á trúmálum. Síðar, níu ára gamall, þegar hann hafði verið sviptur föður sínum og móður, gekk hann gegnum eldraun í trúarlífi sínu. Hann fylltist beiskju og dró alla sína trú í efa. Hann átti á þessum aldri við vandamál að etja, sem börn þekkja ekki. Hann varð að hugsa um að vinna fyrir sér.

Það var glæpur að hjálpa börnum kristinna píslarvotta. Tvær konur, sem veittu honum hjálp, voru handteknar síðar og barðar svo illa, að þær eru bæklaðar allt til þessa — eftir 15 ár. Kona, sem lagði sig í lífs-hættu og tók Mihai í hús sitt, var dæmd í 8 ára fangelsi fyrir þann glæp að hjálpa fjölskyldum fanga. Allar tennur voru slegnar úr munninum á henni. Hún var beinbrotin. Hún verður aldrei vinnufær aftur. Hún verður einnig bæklud til æviloka.

### „MIHAI, TRÚÐU Á JESÚM.“

11 ára gamall tók Mihai að vinna fyrir sér sem verkamaður. Þjáningarnar höfðu veiklað trú hans. En tveim árum eftir að konan mín var fangelsuð, var honum leyft að sjá hana. Hann fór til kommúnistafangelsisins og sá móður sína á bak við járngrindur. Hún var óhrein, mögur, hafði sigg á höndum, klædd hinum óþrifalega fangabúningi. Hann bar naumast kennsl á hana. Fyrstu orð hennar voru þessi: „Mihai, trúðu á Jesúm.“ Fangaverðirnir tóku æði, drógu hana frá Mihai og fóru út með hana. Mihai grét, þegar hann sá móður sína dregna burt. Sú stund var afturhvarfsstund hans. Hann vissi, að Kristur er vissulega *frelsarinn*, úr því að unnt er að elska hann við þessar kringumstæður. Hann sagði



síðar: „Þótt kristindómurinn hefði engin önnur rök að styðjast við en þau, að móðir mín trúir honum, nægir mér það.“ Þennan dag tók hann við Kristi til fulls.

Í skólanum átti hann í stöðugri baráttu fyrir tilveru sinni. Hann var góður nemandi og fékk að launum rautt bindi – merki þess að vera í félagsskap ungmánna (Young Communist Pioneers). Sonur minn sagði: „Ég skal aldrei bera hálsbindi þeirra, sem settu föður minn og móður í fangelsi.“ Hann var rekinn úr skóla fyrir þetta. Þegar hann hafði misst ár, fór hann í skóla aftur og leyndi því, að hann væri sonur kristins fanga.

Seinna átti hann að gera ritgerð móti Biblíunni. Þar skrifaði hann: „Rökin gegn Biblíunni eru veik, og tilvitnanirnar gegn Biblíunni eru ósannar. Kennarinn hefur áreiðanlega ekki lesið Biblíuna. Biblían er í samræmi við vísindin.“ Aftur var hann rekinn. Nú varð hann að missa tvö skólaár.

Loks var honum leyft að stunda nám í guðfræðiskóla. Þar var honum kennd guðfræði Marxista. Allt var skýrt að hætti Marx. Mihai andmælti opinberlega í kennslustund. Aðrir nemendur gengu í lið með honum. Það varð til þess, að hann var rekinn og gat ekki lokið guðfræðinámi sínu.

Einu sinni kom það fyrir í skólanum, að prófessorinn hélt guðleysisræðu. Sonur minn stóð upp og andmælti prófessornum og sagði honum, að hann tæki á sig mikla ábyrgð með því að afvegaleiða svo marga unga menn. Allir nemendurnir snerust á sveif með honum. Einn varð að hafa hug til að tala fyrstur. Þá voru hinir hans megin. Hann reyndi stöðugt að leyna því, að hann væri sonur Wurmbrands, hins kristna fanga, til þess að hann gæti fengið menntun. En oft komst það upp, og hið venjulega endurtók sig, að hann var kallaður á skrifstofu rektors og rekinn.

Mihai þoldi einnig mikið hungur. Fjölskyldur krist-

inna manna, sem sitja í fangelsi í kommúnistalöndum, svelta nær alltaf til bana. Það er mikill glæpur að hjálpa þeim.

Ég ætla að segja aðeins frá einu tilfelli þjánainga fjölskyldu, sem ég þekki. Trúbróðir lenti í fangelsi fyrir starf sitt í neðanjarðar kirkjunni. Hann lét eftir konu og sex börn. Eldri dætur hans, 17 og 19 ára, gátu enga vinnu fengið. Eini atvinnurekandinn í kommúnistalöndum er ríkið, og það veitir börnum „glæpamanna“ úr kristnum hóp engu atvinnu. Þér megið ekki leggja siðferðilegan mælikvarða á þessa sögu. Takið aðeins við staðreyndum. Þessar tvær dætur kristins píslarvotts voru sjálfar kristnar. Þær urðu báðar skækjur til þess að hafa ofan af fyrir minni systkinum sínum og móður sinni sjúkri. Yngri bróðir þeirra, 14 ára, gekk af vitinu, þegar hann sá það, og varð að setja hann á hæli. Þegar faðir þeirra kom úr fangelsinu eftir mörg ár, átti hann þá eina bæn: „Guð, settu mig aftur í fangelsið. Ég get ekki þolað að sjá þetta.“ Hann fékk bænheyrslu og er nú í fangelsi aftur fyrir þann glæp að vitna um Krist fyrir börnum. Dætur hans eru ekki skækjur lengur. Þær hafa fengið atvinnu með því að hlýðnast kröfu leynilögreglunnar. Þær eru orðnar uppljóstrarar. Þeim er tekið með sæmd í hverju húsi, af því að þær eru dætur kristins píslarvotts. Þær hlusta og segja leynilögreglunni frá öllu, sem þær heyra. Þér ættuð ekki aðeins að segja, að það sé ljótt og siðlaust. Það er það auðvitað. Heldur spyrjið sjálfa yður, hvort það sé ekki einnig yðar synd, að slíkar harmsögur gerast, að svona kristnar fjölskyldur eru láttnar einar, án hjálpar frá yður, sem eruð frjáls.

### 3

Full 14 ár mín liðu í fangelsi. Allan þann tíma sá ég aldrei Biblíu eða neina aðra bók. Ég hafði gleymt því að skrifa. Vegna hins mikla hungurs, deyfilyfja og pyntinga hafði ég gleymt Heilagri ritningu. En daginn, sem 14 árin fullnuðust, kom þetta vers úr djúpi gleymskunnar upp í huga minn: „Jakob vann fyrir Rakel í 14 ár, og fannst honum það stuttur tími, því að hann elskaði hana.“

Mjög fljótlega eftir þetta var ég látinn laus við almenna útlausn, sem gefin var í landi mínu, að mjög miklu leyti fyrir áhrif almenningsálits í Ameríku.

Ég fann konu mína aftur. Hún hafði beðið mín trúfastlega í 14 ár. Við hófum nýtt líf í mestu fátækt, því að sé einhver handtekinn, er hann sviptur öllu.

Prestar, sem voru látnir lausir, gátu fengið litlar kirkjur. Mér var fengin kirkja í borginni Orsova. Kirkjumálaráðuneyti kommúnista sagði mér, að meðlimir væru 35 og mættu aldrei verða 36. Mér var sagt, að ég yrði að vera umboðsmaður þeirra og ljóstra upp um hvern meðlim við leynilögregluna og halda öllum unglíngum frá. Þannig nota kommúnistar kirkjurnar sem tæki til eftirlits.

Ég vissi, að margir kæmu, ef ég prédikaði, svo að ég reyndi jafnvel aldrei að byrja í hinni opinberu kirkju. Ég fór aftur að starfa í neðanjarðarkirkjunni, tók þátt í allri fegurð og hættum þeirrar kirkju.

Á þeim árum, sem ég sat í fangelsi, hafði Guð gert dásamlega hluti. Neðanjarðar kirkjan var ekki lengur

yfirgefin og gleymd. Ameríkumenn og aðrir kristnir menn höfðu tekið að hjálpa oss og biðja fyrir oss.

Kvöld eitt var ég að hvíla mig svolítið heima hjá trúbróður í bæ úti á landi. Hann vakti mig og sagði: „Það eru komnir bræður frá útlandinu.“ Á Vesturlöndum voru til kristnir menn, sem ekki höfðu gleymt oss eða yfirgefið oss.

Kristnir leikmenn höfðu stofnað leynistarfsemi til hjálpar fjölskyldum kristinna píslarvotta og til þess að smygla inn í landið kristilegum bókmenntum og hjálp.

Í öðru herbergi hitti ég sex bræður, sem höfðu komið til að vinna þetta verk. Ræddu þeir mikið við mig. Eftir langan tíma sögðu þeir mér, að þeir hefðu heyrt, að þarna væri einhver, sem hefði verið 14 ár í fangelsi, og að þá fýsti að hitta hann. Sagði ég þeim því, að ég væri maðurinn. Þeir sögðu: „Vér bjuggumst við að hitta einhvern þunglyndislegan mann. Það getur ekki verið þú, því að þú ert fullur af gleði.“ Ég fullvissaði þá um, að ég væri hinn fangelsaði maður, og að gleði mín stafaði af því að vita, að þeir væru komnir og vér ekki lengur gleymdir. Stöðug, reglubundin hjálp tók að berast til neðanjarðar kirkjunnar. Fengum vér margar Biblíur eftir leyndum leiðum og aðrar kristilegar bókmenntir og hjálp handa fjölskyldum kristinna píslarvotta. Vér í neðanjarðar kirkjunni gátum nú unnið miklu betur, fyrir hjálp þeirra.

Þeir gáfu oss ekki aðeins Guðs orð, heldur sáum vér, að vér vorum elskaðir. Þeir færðu oss huggunarorð.

Á heilaþvottarárunum heyrðum vér sagt: „Enginn elskar þig framar. Enginn elskar þig framar. Enginn elskar þig framar.“ Nú sáum vér Englendinga og Ameríkumenn, sem hættu lífi sínu til að sýna, að þeir elskuðu oss. Þeir laumuðust inn í hús umkringd af leynilögreglu. Lögreglan vissi ekki um komu þeirra. Kristnir menn í Ameríku eða Englandi skilja ekki, hve

dýrmætar þær eru, Biblíurnar, sem var smyglað inn á þennan hátt.

Ég og fjölskylda mín hefðum ekki haldið lífi án þeirrar efnislegu hjálpar, sem ég fékk frá kristnum mönnum erlendis. Sama er að segja um marga aðra presta og píslarvotta í neðanjarðar kirkjunni í löndum kommúnista. Ég get borið vitni af eigin reynslu um hina efnislegu og jafnvel enn meiri siðferðilegu hjálp, sem kristni-boðsfélög í Evrópu á Stóra-Bretlandi hafa veitt oss. Mennirnir frá þeim voru oss sem englar sendir af Guði.

Ég átti yfir höfði mér aðra handtöku vegna endurnýjaðs starfs neðanjarðar kirkjunnar. Á þeim tíma greiddu tvenn kristileg samtök 2500 punda lausnargjald fyrir mig — Norska kristni-boðsfélagið meðal Gyðinga og Hebreska kristna sambandið. Nú gat ég farið frá Rúmeníu.

### *HVERS VEGNA FÓR ÉG ÚR RÚMENÍU KOMMÚNISTA?*

Ég hefði ekki farið, þrátt fyrir hætturnar, ef leiðtogar neðanjarðar kirkjunnar hefðu ekki skipað mér að nota þetta tækifæri til að komast úr landi, til þess að vera rödd neðanjarðar kirkjunnar til hins frjálsa heims. Þeir óskuðu þess, að ég talaði til yðar á Vesturlöndum í þeirra nafni um þjáningar þeirra og þarfir. Ég kom til Vesturlanda, en hjarta mitt varð eftir hjá þeim. Hefði ég ekki skilið, hver nauðsyn yðar var að heyra um þjáningar og hetjudáðir neðanjarðar kirkjunnar, hefði ég aldrei farið frá Rúmeníu. Þetta er erindi mitt.

Ég var kallaður tvívegis til leynilögreglunnar, áður en ég fór frá Rúmeníu. Þeir sögðu mér, að peningunum fyrir mig hefði verið veitt viðtaka. (Rúmenía selur þegna sína fyrir fé vegna hinnar erfiðu fjárkreppu,

sem kommúnisminn hefur fært landinu). Þeir sögðu við mig: „Farðu til Vesturlanda og boðu Krist eins mikið og þér þóknast, en snertu ekki við oss. Segðu ekki orð móti oss. Vér segjum þér hreinskilnislega, hvað vér ætlumst fyrir með þig, ef þú segir frá því, sem gjörðist. Í fyrsta lagi getum vér fengið glæpamann til að koma þér fyrir fyrir 5 þúsund pund, eða vér getum rænt þér.“ (Sjálfur hef ég verið í fangelsi með grísk-kaþólska biskupinum Vasile Leul, sem hafði verið rænt í Austurríki og fluttur til Rúmeníu. Allar neglur höfðu verið slitnar af fingrunum á honum. Ég hef verið með öðrum, sem rænt var í Berlín. Rúmenum hefur nýlega verið rænt frá Ítalíu og París). Ennfremur sögðu þeir: „Vér getum einnig eyðilaggt mannorð þitt með því að koma á kreik sögu um þig með stúlku, um þjófnað eða einhverja æskusynd þína. Það er mjög auðvelt að blekkja eða villa Vesturlandamenn, einkum Ameríkumenn.“

Þegar þeir höfðu hótað mér, leyfðu þeir mér að fara til Vesturlanda. Þeir höfðu mikið traust á heilapvottinum, sem ég fékk. Það eru margir á Vesturlöndum nú, sem hafa gengið undir hið sama og ég, en þegja. Sumir þeirra bera jafnvel lof á kommúnismann, eftir að kommúnistar hafa pyntað þá. Kommúnistar voru harla vissir um, að ég þegði.

Ég og fjölskylda mín gátum því farið frá Rúmeníu í desember 1965.

Síðasta verk mitt, áður en ég færi, var að ganga til grafar hershöfðingjans, sem hafði fyrirskipað handtöku mína og pyntingarárin. Ég setti blóm á leiði hans. Með því helgaði ég sjálfan mig því verki að færa kommúnistum, sem eru svo snauðir andlega, gleðina í Kristi, sem ég nýt.

Ég hata kommúnistakerfið, en ég elska mennina. Ég hata syndina, en ég elska syndarann. Ég elska kommúnista af öllu hjarta. Kommúnistar geta drepið kristna

menn, en þeir geta ekki drepið elsku þeirra jafnvel til þeirra, sem drápu þá. Ég ber ekki minnstu beiskju eða gremju til kommúnista eða kvalara minna.

## 4

Til er helgisaga með Gyðingum þess efnis, að englarnir hafi tekið undir sigurljóðin, sem Ísraelsmenn sungu, þegar forfeður þeirra voru leystir úr Egyptalandi og Egyptar drukknuðu í Rauðahafi. Og Guð sagði við englana: „Gyðingar eru menn og geta fagnað undankomu sinni. En ég ætlast til meiri skilnings af yðar hálfu. Eru Egyptar ekki einnig mínar skepnur? Elska ég þá ekki einnig? Hvernig getur ykkur sézt yfir hryggð mína yfir óförum þeirra?“

Þegar Jósúa var við Jerikó, hóf hann upp augu sín og horfði, og sjá, maður stóð gegnt honum með brugðið sverð í hendi. Gekk Jósúa til hans og sagði við hann: „Hvort ert þú vor maður eða af óvinum vorum?“

Hefði þetta ekki verið annað en maður, hefði svarið ekki getað verið annað en: „Ég er yðar maður“, „Ég er af óvinum yðar“ eða „Ég er hlutlaus.“ Þetta eru einu svörin, sem unnt er að gefa við þessari spurningu að manna hætti. En sú vera, sem Jósúa sá, var úr öðrum heimi. Þegar hann var spurður, hvort hann væri af Ísraelsmönnum, gaf hann því svar, sem er næsta óvænt og torskilið: „Nei.“ Hvað felst í þessu nei?

Hann kom úr þeim heimi, þar sem hvorki er verið með né móti, heldur er þar öllu sýndur skilningur, allt litið samúðaraugum og elskað með brennandi kærleika.

Til er mannlegt svið. Á því sviði verður að berjast við kommúnisma til hins ýtrasta. Á þessu sviði verðum vér einnig að berjast gegn kommúnistum, því að þeir styðja þessa grimmu, villtu hugsjón.



En kristnir menn eru meira en aðeins menn. Þeir eru börn Guðs. Hluttakar guðlegs eðlis.

Þess vegna hafa pytingar í fangelsum kommúnista ekki komið inn hjá mér hatri til kommúnista. Þeir eru sköpunarverk Guðs. Hvernig gæti ég hatað þá? Þó get ég ekki heldur verið vinur þeirra. Vinátta merkir ein sál í tveim hjörtum. Ég er ekki ein sál með kommúnistum. Þeir hata guðshugmyndina. Ég elska Guð.

Væri ég spurður: „Ertu með kommúnistum eða á móti þeim?“, yrði svar mitt flókið. Kommúnismi er mesta ógnun við mannkynið. Ég er algerlega andvígur honum og vil berjast gegn honum, unz yfir lýkur. En í andanum á ég sæti í himinhæðum hjá Jesú. Ég er á hveli neisins, þar sem kommúnistar eru elskaðir, þrátt fyrir alla glæpa sína, með skilningi. Þar eru englaverur að reyna að hjálpa öllum að ná takmarki mannlegs lífs, þ. e. verða líkir Kristi. Því er það markmið mitt að flytja kommúnistum fagnaðarboðskapinn, færa þeim gleðiboðskapinn um eilíft líf.

Kristur, Drottinn minn, elskar kommúnista. Hann hefur sjálfur sagt, að hann elski alla menn og að hann mundi heldur skilja eftir 99 réttláta sauði en að láta hinn eina, sem villtist burt, tynast. Postular hans og allir hinir miklu fræðarar kristninnar hafa kennt þessa almennu elsku í nafni hans. Heilagur Makaríós sagði: „Þótt einhver elski alla menn ákaft, en segi aðeins um einn mann, að hann geti ekki elskað hann, er sá, sem það segir, ekki lengur kristinn, vegna þess að elska hans nær ekki til allra.“ Heilagur Ágústínus segir: „Hefði allt mannkynið verið réttlátt og aðeins einn maður syndari, hefði Kristur komið til að þola krossinn fyrir þann eina mann. Þannig elskar hann hvern einstakling.“ Kristin kenning er augljós. Kommúnistar eru menn, og Kristur elskar þá! Eins gjörir hver sá, sem hefur

hugarfar Krists. Vér elskum syndarann, þótt vér hötum syndina.

Vér vitum um elsku Krists til kommúnista af vorri eigin elsku til þeirra.

Ég hef séð kristna menn í fangelsum kommúnista með 50 punda hlekki á fótunum, kvalda með rauðglóandi járngöddum; það hafði verið neytt ofan í þá salti, og síðan voru þeir látnir vera án vatns; þeir sultu, voru barðir með ólum, þjádust af kulda, en þeir báðu heitt fyrir kommúnistum. Þetta verður ekki skýrt á mannlegan hátt. Það var kærleikur Krists, sem var úthellt í hjörtum þeirra.

Seinna lentu kommúnistarnir, sem höfðu kualið oss, einnig í fangelsi. Þar sem kommúnismi ræður ríkjum, eru kommúnistar og jafnvel leiðtogar þeirra settir í fangelsi nærri því jafn oft og andstæðingar þeirra. Nú var hinn pyntaði og kvalarinn í sama klefa, og þótt hinn vantrúaði sýndi hatur í garð þeirra, sem höfðu dregið þá fyrir rannsóknarrétt og barið þá, gengu kristnir menn í vörn fyrir þá, þó að þeir ættu jafnvel á hættu að vera barðir sjálfir og sakaðir um að vera samsekir kommúnistum. Ég hef séð kristna menn gefa síðustu brauðsneiðina sína (við fengum þá eina sneið á viku) og læknislyfið, sem gat borgið lífi þeirra, handa sjúkum kommúnista og böðli, sem var orðinn samfangi.

Síðustu orð Júlíu Maníú, sem var kristinn og fyrrverandi forsætisráðherra Rúmeníu og dó í fangelsi: „Verði kommúnistum hrundið frá völdum í landi voru, verður það helgasta skylda hvers kristins manns að fara út á göturnar og verja kommúnista og leggja líf sitt við fyrir réttlátri reiði lýðsins, sem þeir hafa drottnað yfir með hörku.“

Fyrstu dagana eftir afturhvarf mitt til trúar, fannst mér, að ég gæti ekki lifað lengur. Þegar ég gekk á göt-

unni, fann ég líkamlegan sársauka með hverjum karli og konu, sem um veginn fór. Það var sem hnífur í hjartað. Svo brennandi var sú spurning, hvort hann eða hún væri hólpinn. Ef einhver í söfnuðinum syndgaði, grét ég stundum saman. Þráin eftir frelsun allra sálna hefur haldizt í hjarta mínu, og kommúnistar eru ekki undanþegnir.

Þegar vér vorum í einangrunarklefum, gátum vér ekki beðizt fyrir eins og áður. Vér vorum svo soltnir, að enginn getur gert sér það í hugarlund. Vér höfðum verið látnir taka inn deyfilyf, svo að vér vorum eins og fábjárar. Vér vorum þróttlausir eins og beinagrindur. Faðir vor, var of löng bæn fyrir oss. Vér höfðum ekki gáning á að fara með það. Eina bæn mín, sem ég endurtók aftur og aftur, var: „Jesús, ég elska þig.“

Og svo, einn dýrlegan dag, kom svarið frá Jesú: „Þú elskar mig. Nú skal ég sýna þér, hvað ég elska þig.“ Allt í einu fann ég loga í hjarta mínu, sem brann eins og eldar í sólkórónunni. Lærisveinarnir, sem gengu til Emmaus, sögðu, að hjörtu þeirra hefðu brunnið, þegar Jesús talaði við þá. Eins var mér farið. Ég þekkti elsku hans, sem gaf líf sitt á krossinum, fyrir oss alla. Slík elska getur ekki útilokað kommúnista, hve þungar sem sindir þeirra eru.

Kommúnistar hafa framið skelfingar og fremja enn, en „mikil vötn geta ekki slökkt elskuna og árstraumar ekki drekkt henni. Elskan er sterk eins og dauðinn, ástríðan hörð eins og hel.“ Eins og gröfin heimtar alla, ríka og snauða, unga og aldna, menn af öllum kynþáttum og öllum stjórnámálaskoðunum, heilaga menn og glæpamenn, þannig er elskan, hún nær til allra, Kristur, elskan, holdi klædd, hættir aldrei fyrr en hann vinnur kommúnista einnig.

Presti nokkrum var eitt sinn hent inn í klefann til mín. Hann var nær dauða en lífi. Blóðið lagaði úr and-

liti hans og líkama. Hann hafði verið barinn hræðilega. Vér þvoðum hann. Nokkrir fanganna formæltu kommúnistum. En presturinn gat með erfiðismunum stunið upp: „Ekki að formæla þeim. Verið hljóðir, mig langar til að biðja fyrir þeim.“

### *HVERNIG VÉR GÁTUM GLAÐZT, JAFNVEL Í FANGELSI.*

Þegar ég lít um öxl á hin 14 ár í fangelsi, þá var það stundum góður tími. Aðra fanga og jafnvel fanga-verði furðaði oft á því, hve kristnir menn gátu verið glaðir við óttalegustu aðstæður. Það var ekki unnt að hindra oss í að syngja, þótt vér sættum höggum fyrir. Ég geri ráð fyrir, að næturgalar mundu einnig syngja, þótt þeir vissu, að þeir yrðu deyddir eftir sönginn. Kristnir menn í fjötrum dönsuðu af gleði. Hvernig gátu þeir glaðzt við þessar kringumstæður?

Ég hugleiddi oft í fangelsinu orð Jesú til lærisveina sinna: „Sæl eru þau augu, sem sjá það, sem þér sjáið.“ Lærisveinarnir voru þá nýkomnir úr ferðalagi um Gyðingaland og höfðu séð hræðilega hluti. Gyðingaland var undir kúgun. Hvarvetna var eynd þjóðar, sem átti við harðstjórn að búa. Lærisveinarnir mættu sjúkdómum, plágum, sulti og sorg. Þeir komu í hús föðurlandsvina, sem höfðu verið teknir og settir í fangelsi, en orðið að skilja eftir foreldra eða eiginkonur. Það var ekki fagur heimur álitum.

Samt sagði Jesús: „Sæl eru þau augu, sem sjá það, sem þér sjáið.“ Það var vegna þess, að þeir höfðu séð meira en þjáningarnar. Þeir höfðu einnig séð frelsara allra manna, þann sem aflar æðstu gæðanna, marksins, sem mannkynið stefnir að. Fiðrildislirfurnar eru aðeins ljótir maðkar, sem skriða á laufi, en skildu, að eftir

Þessa aumu tilveru kemur líf, þegar þeir verða fögur, marglit fiðrildi, sem geta flogið blóm af blómi. Vér áttum einnig þessa hamingju.

Umhverfis mig voru menn eins og Job, sumir miklu meir aðþrengdir en Job hafði verið. En ég þekkti endalok sögu Jobs, hvernig hann hlaut helmingi meira en hann hafði áður. Ég hafði umhverfis mig menn líka vesalings Lazarusi, hungraða og hlaðna kaunum, sem enginn hirti. En ég vissi, að englar mundu sækja þá alla og flytja í skaut Abrahams. Ég sá þá eins og þeir verða í framtíðinni. Ég sá dýrling eilífðar, krýndan heiðri í hinum sóðalega, óhreina og veiklaða píslarvotti.

En er ég leit þessa menn, ekki eins og þeir eru, heldur eins og þeir verða, gat ég einnig komið auga á menn líka Páli postula í ofsóknurunum, sem líktust Sál frá Tarsus. Leynilögregluþjónar, sem vér vitnuðum fyrir, urðu sjálfir kristnir menn, og tóku því með gleði að líða seinna í fangelsi fyrir það að hafa fundið Krist eins og vér. Fangaverðir, sem börðu oss, voru í augum vorum líklegir til að líkjast fangaverðinum í Filippí, sem byrjaði með því að berja Pál, en snerist svo til trúar. Oss dreymdi, að þeir mundu senn spyrja: „Hvað á ég að gera til þessa að ég verði hólpinn?“ Menn, sem horfðu á og hæddust að, þegar kristnir menn makaðir saur voru bundnir við krossa, voru í augum vorum eins og múgurinn á Golgata, sem bráðlega barði sér á brjóst af ótta við syndina, sem þeir höfðu framið.

Í fangelsinu fundum vér von hjálpræðis handa kommúnistum. Þar fundum vér til ábyrgðar gagnvart þeim. Það var þegar þeir píndu oss, að oss lærðist að elska þá.

Mikill hluti fjölskyldu minnar hefur verið myrtur. *Það var í mínu húsi, að morðingi þeirra snerist til trúar.* Sá staður var einnig bezt til þess valinn. Þess vegna fæddist hún í fangelsum sú hugmynd að hefja kristilegt starf meðal kommúnista.

Guð sér allt öðruvísi en vér, líkt og vér sjáum með öðrum hætti en maurar. Óttalegt er það frá mannlegu sjónarmiði að vera makaður út í saur og bundinn við kross. Þó kallar Biblían þjáningar píslarvottanna léttvæga þrengingu. Oss þótti langt að vera 14 ár í fangelsi. Í Bibliunni nefnist sú þrenging skammvinn og léttbær og afli oss eilífs dýrðarþunga. Þetta gefur oss rétt til að ætla, að grimmd og glæpir kommúnista séu léttvægari í augum Guðs en vorum, þótt oss mönnum virðist engin afsökun fyrir þeim vera til og að vér verðum að berjast gegn þeim til hins ýtrasta með fullum rétti. Harðstjórn þeirra, sem þegar hefur staðið hálfu öld, kann að vera aðeins augnablik á villigötum frammi fyrir Guði, en fyrir honum eru þúsund ár svo sem einn dagur. Þeir eiga enn kost á að verða hólpnir.

Hin himneska Jerúsalem er móðir og elskar eins og móðir.

Hlið himinsins eru ekki lokuð fyrir kommúnistum. Ljósíð er ekki heldur slökkt þeim. Þeir geta gert iðrun eins og allir aðrir, og vér verðum að kalla þá til iðrunar.

Ekkert nema kærleikurinn getur umbreytt kommúnistum, kærleikur, sem verður að vera skýrt greindur frá samsekt við kommúnista, en er iðkaður af mörgum leiðtogum kirkjunnar. Hatur blindar. Hitler var andkommúnisti, en einn þeirra, sem hata. Þess vegna sigraði hann þá ekki, heldur hjálpaði þeim að vinna einn þriðja af heiminum.

Með kærleika hófum vér kristniboð meðal kommúnista í fangelsinu. Höfðum vér þá fyrst og fremst í huga höfðingja kommúnista.

Sumir kristniboðsforystumenn virðast hafa aflað sér lítillar þekkingar á kirkjusögu. Hvernig var Noregur unninn Kristi? Með því að vinna Ólaf konung. Rússland fékk ekki fagnaðareriðið fyrr en unninn var Vladímír konungur. Ungverjaland varð unnið með því

að vinna hinn heilaga Stefán, konunginn. Sama er að segja um Pólland. Ynnist ættarhöfðingi í Afríku, kom allur ættflokkurinn á eftir. Vér stofnum til kristniboðs meðal meðalmanna, sem geta orðið mjög vel kristnir, en hafa mjög lítil áhrif og geta ekki breytt ástandinu.

Vér verðum að ávinna valdamenn, menn stjórn mála, fjármála, vísinda og lista. Þeir eru tæknimenn sálnanna. Þeir móta sálir manna. Vinnist þeir, vinnast mennirnir, sem þeir stjórna og stýra.

Frá sjónarmiði kristniboðs hefur kommúnisminn yfirburði, sem önnur þjóðfélagskerfi hafa ekki. Það er miðlægara.

Ameríkumenn yrðu ekki mormónar, þó að forseti Bandaríkjanna snerist til mormónatrúar. En snerist Mao Tse-tung til kristinnar trúar — eða Breshnev eða Ceausescu — yrði náð til landa þeirra. Svo mikil eru áhrif leiðtoganna.

En getur kommúnistaleiðtogi snúizt? Vafalaust, því að hann er vansæll og óviss alveg eins og fórnarlamb hans. Næstum allir valdamenn kommúnista í Rússlandi lentu að lokum í fangelsi, eða þeirra eigin félagar skutu þá. Sama er að segja um Kína. Jafnvel ráðherrar í innsta hring, eins og Iagoda, Iejov og Bería, sem virtust hafa allt vald í hendi sinni, hlutu sömu endalok og síðasti andbyltingarsinninn: fengu kúlu í hnakkann, og úti var um þá. Nýlega var Shelepin, innanríkisráðherra Sovétríkjanna, og Rankovic, innanríkisráðherra Júgóslavíu, varpað út eins og óhreinum tuskum.

### *AÐFERÐIN TIL AÐ RÁÐAST Á KOMMÚNISMANN ANDLEGA.*

Yfirráð kommúnista gera engan hamingjusaman, ekki einu sinni þá, sem hagnast á þeim. Þeir óttast einnig,

að sú komi nótt, er vagn leynilögreglunnar sæki þá, af því að flokkslinan hefur breytzt.

Ég hef þekkt marga leiðtoga kommúnista persónulega. Þeir eru menn þunga hlaðnir. Jesús einn getur gefið þeim hvíld. Vinnist valdhafar kommúnista Kristi, getur það orðið til þess að bjarga heiminum frá kjarnaeyðingu, til þess að forða mannkyninu frá hungri vegna þess, hve mikið af tekjunum fer nú til kostnaðarsamrar hervæðingar. Vinnist valdamenn kommúnista, getur það bundið endi á alþjóða þenslu. Vinnist valdhafar kommúnista, gleður það Krist og englana. Það getur orðið sigur kirkjunnar. Öll svæði, þar sem kristniboðar starfa við erfið skilyrði, eins og Nýja-Gínea eða Madagaskar, koma í kjölfarið, ef valdamenn kommúnista vinnast, því að það gefur kristninni algerlega nýtt afl.

Ég hef sjálfur þekkt kommúnista, sem snúið hafa til kristinnar trúar. Sjálfur var ég herskár guðleysingi í æsku. Guðleysingjar og kommúnistar, sem snúizt hafa til trúarinnar, elska Krist mikið, af því að þeir hafa syndgað mjög mikið.

Þörf er á hernaðarlegri hugsun í kristniboðun. Allar sálir eru jafnar frá sjónarmiði hjálpræðisins. Þær eru ekki jafnar frá sjónarmiði hernaðartækni kristniboðsins. Það ríður meir á að vinna mikinn áhrifamann, sem getur svo unnið þúsundir, en að tala við villimann í frumskógi og sannfæra hann um hjálpræði honum einum til handa. Þess vegna kaus Jesús að enda þjónustu sína, ekki í smáporpi, heldur í Jerúsalem, höfuðstöðvum andlegs lífs í heiminum. Af sömu ástæðum leitaðist Páll við að komast til Rómaborgar.

Biblían segir, að sæði konunnar muni mölva höfuð höggormsins. Vér kitlum höggorminn á kviðnum og látum hann hlæja. Höfuð höggormsins er einhvers staðar milli Moskvu og Peking, ekki í Túnis eða á Madagaskar. Kirkjuleiðtogar, kristniboðsstjórnendur og



hver hugsandi kristinn maður verður að láta kommúnistalöndin sig mestu máli skipta.

Vér verðum að leggja niður vanaiðju. „Bölvaður er sá, sem vinnur verk Drottins sviksamlega“, er ritað. Nauðsyn er á andlegri höfuðárás á kommúnismann frá kirkjunnar hálfu.

Stríð verða ekki unnin nema með sókn, aldrei með varnarstöðu. Kirkjan hefur alltaf verið í varnarstöðu gagnvart kommúnisma til þessa, tapað hverju landinu eftir annað til kommúnista.

Þetta verður að breytast þegar í stað í kirkjunni sem heild. Svo segir í Davíðssálmum, að Guð brjóti sundur járnslárnar. Járntjaldið er smáræði fyrir hann.

Frumkirkjan vann í leyni og ólöglega, og hún sigraði. Vér verðum að læra aftur að vinna á sama hátt. Ég skyldi aldrei fyrr en á tíma kommúnista, hvers vegna svo margir í Nýjatestamentinu eru nefndir auknefnum: Símon, sem nefndur var Níger, Jóhannes Markús og svo framvegis. Vér notum leyninöfn í starfi voru nú í kommúnistalöndum.

Ég skildi aldrei áður, hvers vegna það var, þegar Jesús vildi láta halda síðustu páskamáltíðina, að hann sagði ekki heimilisfangið, heldur: „Farið til borgarinnar, og ykkur mun mæta maður, sem ber vatnskrús.“ Nú skil ég það. Vér gefum einnig svona leynimerki til að fara eftir í starfi neðanjarðar kirkjunnar.

Ef vér föllumst á að starfa þannig — að taka aftur upp starfsháttu frumkristninnar — getum vér starfað með árangri fyrir Krist í löndum kommúnista.

En þegar ég kynntist sumum kirkjuleiðtogum á Vesturlöndum, komst ég að raun um, að stefna þeirra var hlynnt kommúnistum í stað þess að elska kommúnista; það hefði fyrir löngu leitt til skipulagningar kristniboðs í kommúnistalöndum. Ég fann ekki fyrir meðaumkun

miskunnsama Samverjans með hinum týndu sálum af húsi Karls Marx.

Menn trúa ekki raunverulega því, sem þeir fara með í trúarjátningunni, heldur því einu, sem þeir eru fúsir til að deyja fyrir. Kristnir menn í neðanjarðar kirkjunni hafa sannað, að þeir eru reiðubúnir að deyja fyrir trú sína. Ég held nú áfram starfi, sem getur orðið til þess að ég verði fangelsaður á nýjan leik í kommúnistalandi, pyntaður á ný og deyddur, af því að ég stýri leynistarfi bak við járntjaldið, þó að ég stofni mér í hvers konar áhættu. Ég trúi því, sem ég rita.

Ég hef rétt til að spyrja: Mundu kirkjuleiðtogar í Ameríku, sem vingast við kommúnismann, vera reiðubúnir að deyja fyrir þessa trú sína? Hver hindrar þá í að sleppa háum stöðum sínum á Vesturlöndum til þess að gjörast prestar í Austurlöndum og taka upp samstarf þar – á staðnum – við kommúnista? Enginn slíkur kirkjuleiðtogi hefur enn fært sönnur á slíka trú.

Mannleg orð spruttu upp af þörf manna á að skilja hverjir aðra við dýraveiðar og fiskveiðar og síðar við framleiðslu á lífsnauðsynjum og til þess að túlka tilfinningar sínar sín á milli. Það eru ekki til nein mannleg orð til að túlka leyndardóma Guðs og dýpt andlegs lífs á viðeigandi hátt.

Á sama hátt eru ekki til nein mannleg orð, sem geta lýst dýpt djöfullegrar grimmdar. Getur þú túlkað með orðum tilfinningar manns, sem átti að fleygja í ofn hjá Nazistum eða horfði á, að barni hans væri fleygt í þennan ofn?

Gagnslaust er því að lýsa því, hvað kristnir menn hafa liðið og líða enn af völdum kommúnista.

Ég var í fangelsi með Lucretíu Patrascanu, manninum, sem hóf kommúnismann til valda í Rúmeníu. Félagar hans launuðu honum með því að setja hann í

fangelsi. Þótt hann væri heill á geðsmunum, settu þeir hann á geðveikraspítala með brjáluðum mönnum, unz hann brjálaðist einnig. Sama gerðu þeir við Önnu Pauker ráðherra. Kristnir menn sæta einnig oft þessari meðferð. Þeir fá raflost. Þeir eru settir í spennitreyjur.

Heiminum blöskrar það, sem gerist á götum Kína. Rauðu varðliðarnir fremja ógnarvald sitt fyrir allra augum. Reynið nú að gera yður í hugarlund, hvernig farið er með suma kristna menn í kínverskum fangelsum, þar sem enginn sér.

Síðustu fregnir herma, að skorin hafi verið eyru, tunga og fótleggir af kunnum kínverskum, evangelískum rithöfundum og öðrum kristnum mönnum, sem neituðu að afneita trú sinni.

En það versta, sem kommúnistar gera, er ekki það, að þeir pína og deyða líkami manna. Þeir falsa hugsanir manna svo, að vonlaust er, og eitra æskuna og börnin. Þeir hafa gert sína menn að leiðtogum í söfnuðunum, til þess að stjórna kristnum mönnum og eyða kirkjurnar. Þeir kenna æskunni ekki aðeins vantrú á Guð og Krist, heldur að hata þessi nöfn.

Með hvaða orðum getum vér túlkað harmsögu kristinna píslarvotta, sem koma heim eftir margra ára fangelsi og er þá tekið með fyrirleitningu af þeirra eigin börnum, sem hafa orðið herskáir guðleysingjar á meðan?

*Þessi bók er rituð, ekki svo mjög með bleki, heldur með blóði blæðandi hjarta.*

Hinir 3 ungu menn, sem settir voru í eldsofninn á tímum Daniéls, voru leystir úr honum, og fannst ekki af þeim eldseimur. Kristnir menn, sem hafa verið í fangelsum kommúnista, bera engan þykkjukeim í garð kommúnista.

Troðir þú blóm undir fótum, launar það þér með ilm sínum. Þannig launa kristnir menn, sem kommúnistar hafa kvalið, kvölurum sínum með elsku. Vér leiddum

marga af fangavörðum vorum til Krists. Hjá oss drottnar ein löngun: að veita kommúnistum, sem hafa látið oss líða, hið bezta, sem vér eigum, hjálpræðið, sem kemur frá Drottni vorum, Jesú Kristi.

Mér veittist ekki sá heiður, sem margir bræður mínir í trúnni hlutu, að deyja píslarvættisdauða í fangelsi. Ég var látinn laus og gat komizt út úr Rúmeníu til Vesturlanda.

Og á Vesturlöndum fann ég það hjá mörgum kirkjuleiðtogum, sem er alveg andstæða við þá tilfinningu, sem ríkir í neðanjarðar kirkjunni bak við jártjaldið og bambustjaldið. Margir kirkjuleiðtogar á Vesturlöndum bera enga elsku til kommúnista. Það sannast af því, að þeir gera ekkert þeim til hjálpræðis, sem búa í löndum kommúnista. Þeir hafa kristniboð meðal Gyðinga, Múhameðstrúarmanna og Búddatrúarmanna. Þeir reka kristniboð til þess að fá kristna menn til að skipta um söfnuð. En þeir reka ekkert kristniboð meðal kommúnista. Þeir elska þá ekki. Annars hefðu þeir stofnað slíkt kristniboð fyrir löngu, alveg eins og Carey, sem elskaði Indverja, og Hudson Taylor, sem elskaði Kínverja, hófu hvor sitt kristniboð.

En það nægir ekki, að þeir elska ekki kommúnista, og gera ekki neitt til að vinna þá Kristi til handa. Sumir vestrænir kirkjuleiðtogar styrkja kommúnista í vantrúnni með sjálfsánægju sinni og vanrækslu og stundum með því að gerast þeim samsekir. Þeir hjálpa kommúnistum að komast inn í vestræna söfnuði og komast í leiðtogastöður í söfnuðunum og í heiminum. Þeir valda því, að kristnir menn vara sig ekki á hættunum, sem stafa af kommúnisma.

Þeir elska ekki kommúnista og gera ekkert til þess að vinna þá Kristi til handa undir því yfirskini, að þeir megi það ekki, eins og kristnir menn í frumkristni hefðu beðið leyfis hjá Neró til að flytja fagnaðarerindið. Þess

vegna elska þeir ekki sína eigin hjörð heldur. Því að vinni þeir ekki kommúnista Kristi til handa, munu þeir leggja undir sig Vesturlönd og uppræta kristnina þar einnig.

### *GENGIÐ ER FRAM HJÁ SÖGUNNI.*

Fyrstu aldirnar var blómleg kristni í Norður-Afríku. Þaðan voru Ágústínus og Kyprianus, Apanasíus og Tertullíanus. Kristnir menn í Norður-Afríku vanræktu aðeins eina skyldu: að vinna Kristi Múhameðstrúarmenn. Þess vegna réðust Múhameðstrúarmenn inn í Norður-Afríku og upprættu kristnina um margar aldir. Þeir ráða yfir henni allt til þessa, og kristnir menn kalla þá hópinn, sem ógerlegt er að snúa.

Lærum eitthvað af sögunni.

Á siðbótartímum fór saman áhugi Húss, Lúthers og Kalvíns og áhugi þjóðanna í Evrópu á því að losna undan oki páfa, en það var þá kúgunarvald í stjórn-málum og efnahagsmálum. Eins er í dag, áhugi neðan-jarðarkirkjunnar á að útbreiða fagnaðarerindið bæði til kommúnista og fórnarlamba þeirra og áhugi allra frjálsra þjóða á því að lifa við frelsi í framtíðinni, fara saman.

Ekkert vald í stjórn-málum getur kollvarpað kommúnismanum. Kommúnistar ráða yfir kjarnorku, og hernaðarás á þá væri sama sem upphaf nýrrar heimsstyrjaldar. Hundruð milljóna yrðu fórnarlömb hennar. Einnig hafa margir vestrænir ráðamenn verið heilapvegnir og hafa jafnvel ekki löngun til að kollvarpa valdamönnum kommúnista. Það hafa þeir sagt oftsinnis. Þeir vilja, að eiturlyfjabölið, glæpafaraldurinn, krabba-mein og berklar hverfi, en kommúnisminn ekki. En

fórnarlömb hans eru miklu fleiri en allra hinna samanlagt.

Ilya Ehrenburg, rithöfundurinn sovétski, sagði, að hefði Stalin varið allri ævi sinni til þess eins að rita nöfnin á saklausum fórnarlömbum sínum, hefði ævi hans ekki enzt til að ljúka verkinu. Krúsjeff sagði á 20. þingi kommúnistaflokksins: „Stalin tortímði þúsundum heiðarlegra og saklausra kommúnista . . . Af 139 meðlimum og frambjóðendum miðstjórnarinnar, sem kosnir voru á 17. flokksþinginu, voru 98, þ. e. 70%, síðar handteknir og skotnir.“

Ímyndið yður svo, hvað hann gerði kristnum mönnum.

Krúsjeff afneitaði Stalin, en hélt áfram að gera hið sama. Síðan 1959 hefur helmingi þeirra kirkna í Sovét-rússlandi, sem þá voru enn opnar, verið lokað.

Í Kína er komin ný alda villimennsku, verri en sú á tímum Stalíns. Opinberu kirkjulífi er lokið að fullu. Í Rússlandi og Rúmeníu fara fram handtökur að nýju. (Vér höfum nýlega fengið fréttir um fjöldahandtökur á kristnum mönnum í Rússlandi.)

Öll æskan í löndum, sem telja billjón íbúa, er alin upp í hatri til alls, sem vestrænt er, og sérstaklega til kristninnar, og beitt til þess ógn og svikum.

Það er ekki óvenjuleg sjón í Rússlandi að sjá embættismenn á staðnum fyrir framan kirkjur á gægjum eftir börnum. Þau, sem reynast sækja kirkju, eru slegin og rekin út. Eyðendur vestræns kristindóms í framtíðinni eru aldir upp vandlega og eftir áætlun.

Það er aðeins eitt afl, sem getur kollvarpað kommúnismanum. Það er sama aflið, sem varð þess valdandi, að kristin ríki komu í stað hins heiðna rómverska keisaradæmis, það afl, sem gerði villta Teutóna og víkinga að kristnum mönnum, það afl, sem kollvarpaði rannsóknarréttinum blóðþyrsta. Þetta afl er máttur fagnaðar-

erindisins, en neðanjarðar kirkjan er fulltrúi þess og er til í öllum löndum kommúnista.

Stuðningur og hjálp við þessa kirkju er ekki það eitt að hafa samúð með líðandi bræðrum. Það ríður á lífi og dauða yðar eigin lands og kirkna yðar. Stuðningur við þessa kirkju snertir ekki aðeins hagsmuni frjálsra kristinna manna, en ætti einnig að vera stjórnarstefna frjálsra ríkisstjórna.

Neðanjarðar kirkjan hefur þegar unnið Kristi valdamenn meðal kommúnista. Gheorghiu Dej, forsætisráðherra Rúmeníu, dó kristinn og hafði þá játað synd sína og breytt syndsamlegu líferni sínu. Í löndum kommúnista eru til kommúnistar í ríkisstjórn, sem eru kristnir á laun. Þetta getur breiðzt út. Þá má vænta raunverulegrar breytingar á stjórnarstefnu sumra ríkisstjórna kommúnista — ekki eins og breytinganna hjá Tító og Gómúlka, en þar hélzt sama einræði grimms guðleysingjaflokks, heldur afturhvarf til kristindóms og frelsis. Til þessa bjóðast nú einstæð tækifæri.

Kommúnistar, sem eru mjög oft eins einlægir í trú sinni og kristnir menn í sinni, eru nú á krossgötum.

Það var raunverulega trú þeirra, að kommúnisminn mundi skapa bræðralag meðal þjóðanna. Þess í stað sjá þeir nú, að kommúnistalönd rífast hvert við annað eins og hundar.

Þeir höfðu trúað því í raun og veru, að kommúnisminn mundi skapa jarðneska paradís, í mótsetningu við það, sem þeir nefndu ímyndaða paradís á himni. Nú búa þjóðir þeirra við sult. Hveiti verður að flytja inn frá löndum auðvaldsins.

Kommúnistar höfðu treyst leiðtogum sínum. Nú hafa þeir lesið í sínum eigin blöðum, að Stalín hafi verið fjöldamorðingi og Krúsjeff fífl. Sama gildir um þjóðhetjur þeirra, svo sem Rakosi, Gero, Önnu Pauker, Rankovici og fleiri. Kommúnistar trúa ekki lengur á

óskeikulleika foringja sinna. Þeir eru eins og kaþólskir menn án páfa.

Það er tóm í hjörtum kommúnista. Kristur einn getur fyllt það tóm. Mannshjartað leitar Guðs samkvæmt eðli sínu. Það er tóm í hverri sál, unz Kristur fyllir það. Þetta á einnig við um kommúnista. Fagnaðareriðið býr yfir valdi kærleikans, sem getur einnig skírskotað til þeirra. Ég hef séð það eiga sér stað. Ég veit, að það getur orðið.

Kristnir menn, sem kommúnistar hafa hætt og pínt, hafa gleymt því og fyrirgefið það, sem þeim var gert persónulega og fjölskyldum þeirra. Þeir gera það, sem í þeirra valdi stendur, til að hjálpa kommúnistum að komast yfir krossgötturnar og rata til Krists. Til þess þarfnast þeir hjálpar vorrar. Og ekki til þessa eins. Kristilegur kærleikur er alltaf almennur. Hjá kristnum mönnum er enginn greinarmunur. Jesús sagði, að sól Guðs kæmi upp yfir vondum og góðum. Sama gildir um kristilegan kærleika.

Kristnir leiðtogar á Vesturlöndum, sem auðsýna kommúnistum vináttu, réttlæta það með kenningu Jesú, að oss beri að elska óvini vora. En aldrei kenndi Jesús, að vér ættum að elska óvini vora eina og gleyma bræðrum vorum. Þeir sýna elsku sína með samneyti við þá, sem hendurnar hafa stokknar blóði kristinna manna, en færa þeim ekki gleðiboðskapinn um Krist. En þeir, sem kommúnistar kúga, eru gleymdir. Þeir eru ekki elskaðir.

Kirkjur mótmælenda og kaþólskra í Vestur-Þýzka-landi hafa síðustu sjö árin gefið 125 milljónir dollara til hungraðra. Kristnir menn í Ameríku gefa jafnvel meira.

Margir eru hungraðir, en ekki get ég ímyndað mér neinn hungraðri en kristna píslarvotta eða hæfari til að hljóta hjálp frjálsra kristinna manna. Úr því að



kristnir söfnuðir í Þýzkalandi, Bretlandi, í Ameríku og á Norðurlöndum safna svona miklu fé til hjálparstarfsemi, ætti það að ganga til allra, sem í nauðum eru staddir, *en fyrst og fremst til kristinna píslarvotta og fjölskyldna þeirra.*

Gerist það nú?

Ég var keyptur með lausnargjaldi frá félagssamtökum kristinna manna, og það sýnir, að unnt er að leysa kristna menn úr nauðum. Eigi að síður er ég sá eini, sem kristnir menn hafa keypt lausa úr voru landi. Og það, að ég var keyptur laus, mun ákæra kristileg samtök á Vesturlöndum um vanrækslu í að gegna skyldu sinni við aðra.

Frumkristnir menn spurðu sjálfa sig, hvort hinn nýi söfnuður væri aðeins fyrir Gyðinga eða einnig ætlaður heiðingjum. Spurningin hlaut rétt svar. Vandinn hefur komið fram á ný í annarri mynd á 20. öld. Kristindómur er ekki aðeins fyrir Vesturlönd. Kristur er ekki aðeins fyrir Ameríku, England og önnur lýðræðislönd. Þegar hann var krossfestur, benti önnur hönd hans til vesturs, hin til austurs. Hann vill vera konungur, ekki aðeins Gyðinga, heldur einnig heiðingja, konungur kommúnista einnig, ekki Vesturlanda einna. Jesús sagði: „Farið út um allan heiminn og prédikið gleðiboðskapinn allri skepnu.“

Hann gaf blóð sitt fyrir alla, og allir ættu að heyra fagnaðarerindið og trúa því.

Það, sem hvetur oss til að boða fagnaðarerindið í löndum kommúnista, er það, að þar eru þeir, sem verða kristnir, fullir elsku og áhuga. Ég hef aldrei séð neinn hálfvolgan kristinn Rússa. Fyrirverandi ungir kommúnistar verða frábærir lærisveinar Krists.

Kristur elskar kommúnista og vill frelsa þá frá kommúnismanum, eins og hann elskar alla syndara og vill leysa þá frá syndinni. Sumir vestrænir kirkjuleiðtogar

setja aðra afstöðu í stað þessarar einu réttu: Sjálfs-ánægju gagnvart kommúnismanum. Þeir draga taum syndarinnar. Þeir styðja kommúnismann til sigurs og hindra þannig sáluhjálp bæði kommúnista og fórnarlamba þeirra.

### *ÞAÐ, SEM ÉG KOMST AÐ, ÞEGAR ÉG VAR LÁTINN LAUS.*

Þegar ég var látinn laus úr fangelsinu og var kominn aftur til konunnar minnar, spurði hún mig, hvað ég ætlaðist fyrir. Ég svaraði: „Sú hugsjón, sem ég hef fyrir augum, er að verða andlegur einsetumaður.“ Kona mín svaraði, að hún væri mér sammála.

Ég hafði verið mjög þróttmikill í æsku. En fangelsið og einkum einveruárin í fangelsi höfðu breytt mér í hugsandi og hugleiðandi mann. Allir stormar hjartans höfðu hljóðnað. Ég kærði mig ekki um kommúnismann. Ég veitti honum ekki einu sinni athygli. Ég var umvafinn faðmi hins himneska brúðguma. Ég bað fyrir þeim, sem kvöldu oss, og gat elskað þá af öllu hjarta.

Von mín um að verða látinn laus, var mjög lítil, en þegar sú hugsun kom til mín einstaka sinnum, hvað ég mundi gera, ef ég væri látinn laus, var það alltaf hugsun mín að draga mig í hlé einhvers staðar og halda áfram lífinu í ljúfri einingu við hinn himneska brúðguma í eyðimörkinni.

Guð er Sannleikurinn. Biblían er sannleikurinn um Sannleikann. Guðfræðin er sannleikurinn um sannleikann um Sannleikann. Réttrúnaður er sannleikurinn um sannleikann um sannleikann um Sannleikann. Og kristnir menn lifa í þessum margháttuðu sannindum um Sannleikann og þrátt fyrir allt þetta hafa þeir ekki

Sannleikann. Vér vorum hungraðir, lamdir og deyfðir með lyfjum. Vér höfðum gleymt guðfræðinni og Biblíunni. Vér höfðum gleymt sannleikanum um Sannleikann, og því lifðum vér í Sannleikanum. Ritað er: „Mannssonurinn mun koma á þeirri stundu, er þér ætlið eigi, og á þeim degi, sem þér vitið eigi.“ Vér vorum hættir að geta hugsað. Á svörtustu stundum pyntinganna kom mannsönurinn til vor og lét fangelsisveggina ljóma eins og demanta og fyllti klefana ljósi. Einhvers staðar langt burtu voru kvalararnir fyrir neðan oss á sviði líkamans. En andinn gladdist í Drottni. Vér hefðum ekki látið þessa gleði af hendi í staðinn fyrir fögnuð konungahalla.

Ekkert var fjær huga mínum en að berjast gegn einhverjum eða einhverju. Ég vildi engin stríð heyja, ekki einu sinni réttlátt stríð. Ég vildi heldur byggja Kristi lifandi musteri. Úr fangelsinu fór ég í von um kyrrlát ár framundan, sem ég gæti notað til hugleiðinga.

En þegar í stað, daginn eftir lausn mína, mættu mér hliðar á kommúnismanum, sem voru ljótari en allar pyntingar fangelsistímans. Ég hitti mikla prédikara og presta hvern af öðrum frá ýmsum kirkjum, meira að segja biskupa, sem játuðu blátt áfram með mikilli hryggð, að þeir væru fréttamenn leynilögreglunnar gegn sinni eigin hjörð. Ég spurði þá, hvort þeir væru reiðubúnir að hætta þessu, þó að þeir ættu á hættu að lenda sjálfir í fangelsi. Allir kváðu nei við og sögðu, að það væri ekki ótti um sjálfa sig, sem héldi aftur af þeim. Þeir sögðu mér frá nýjum þáttum í söfnuðunum, þáttum, sem voru ekki komnir til sögunnar, áður en ég var handtekinn — að neitun við því að láta í té vitenskju, gæti haft í för með sér það, að kirkjunni yrði lokað.

Í hverjum bæ er fulltrúi stjórnarinnar til eftirlits með trúarbrögðum, maður í leynilögreglu kommúnista.

Hann hefur rétt til að kalla á hvaða prest eða prédikara sem honum þóknast og spyrja hann, hverjir hafi sótt kirkju, hverjir gangi oft til altaris, hver sé áhugasamur um trúmál hver sé sálnaveiðari, hvað sé játning manna o. s. frv. Svarir þú ekki, ertu rekinn og annar „prestur“ settur í þinn stað, sem segir meira en þú. Þar sem fulltrúi ríkisstjórnarinnar hefur engan slíkan mann (en það er nærri aldrei), lokar hann blátt áfram kirkjunni.

Flestir prestar veittu leynilögreglunni vitneskju, en sá var munurinn, að sumir gerðu það hikandi og reyndu að halda einhverju leyndu, en hjá öðrum var það komið upp í vana og samvizkan forhert. Enn aðrir voru orðnir áfjáðir í það og sögðu fleira en krafizt var af þeim.

Ég hlýddi á játningu frá börnum kristinna píslarvotta, sem höfðu verið neydd til að láta í té vitneskju um fjölskyldur, sem höfðu tekið við þeim af gæzku. Þeim var hótað því að geta ekki ella haldið áfram námi.

Ég sótti ráðstefnu baptista, þing, sem var haldið undir merki rauða fánans. Þar höfðu kommúnistar ákveðið, hverjir skyldu valdir leiðtogar.

Ég vissi, að nú voru menn tilnefndir af kommúnistaflokknum við forystu allra opinberra kirkna. Þá vissi ég, að ég sá viðurstygð eyðingarinnar á helgum stað, sem Jesús talar um.

Það hafa alltaf verið góðir og slæmir prestar, en nú ákveður miðstjórn yfirlýsts guðleysisflokks, sem hefur þann tilgang að uppræta trúarbrögðin, hver skuli stýra kirkjunni, og gerist það nú í fyrsta skipti í kirkjusögunni. Stjórna henni, að hvaða markmiði? Áreiðanlega til þess að styðja að því að uppræta trúarbrögðin.

Lenin skrifaði: „Hver trúarleg mynd, hver hugmynd um Guð, jafnvel það að daðra við guðshugmyndina, er óseggjanleg spilling verstu tegundar, sýking af viðurstyggilegustu gerð. Milljónir synda, óhreinna verknaða

og líkamleg sýking eru miklu hættuminni en hin háleita, andlega guðshugmynd.“

Kommúnistaflokkar alls sovétsvæðisins fylgja stefnu Lenins. Að þeirra áliti eru trúarbrögðin verri en krabba-mein, berklar og sárasótt. Og þeir ráða því, hverjir verði leiðtogar í trúarefnum. Með þeim starfa leiðtogar hinnar opinberu kirkju og samsinna þeim meir eða minna.

Ég hef séð æskuna og börnin eitruð með guðleysi, án þess að hin opinbera kirkja hefði nokkur tök á að vinna gegn því. Í engri kirkju í Búkarest, höfuðborg vorri, er haldinn fundur fyrir unglunga eða sunnudagaskóli fyrir börn. Börn kristinna manna eru alin upp í skóla hatursins.

Þegar ég sá allt þetta, tók ég að hata kommúnismann meir en ég hafði hatað hann við pyntingar þeirra.

Ég hataði hann ekki fyrir það, sem hann hafði gert mér, heldur fyrir þann órétt, sem hann vinnur vegs-  
emd Guðs, nafni Krists, og sálum billjón manna, sem lúta valdi hans.

Bændur hvarvetna að úr landinu komu til mín og sögðu mér, hvernig sameignarstefnan væri framkvæmd. Þeir væru nú soltnir þrælur á ökrum og í víngörðum, sem þeir áður áttu sjálfir. Þá skorti brauð. Börn þeirra fengu enga mjólk, enga ávexti — og það í landi, sem átti náttúruauðæfi, sem jöfnuðust á við Kanaansland til forna.

Trúbræður mínir játuðu fyrir mér, að kommúnism-  
inn hefði gert þá alla að þjófum og lygurum. Vegna hungurs urðu þeir að stela af því, sem var þeirra eigin akur áður fyrr, en var nú sameign. Svo urðu þeir að ljúga til þess að hylja þjófnaðinn.

Verkamenn sögðu mér frá ógnarvaldinu í verksmiðj-  
unum og um rányrkju vinnuafls, sem auðvaldssinna hafði aldrei dreymt um. Verkamenn höfðu engan rétt til verkfalla.

Menntamenn urðu að kenna það gegn sinni eigin sannfæringu, að enginn Guð væri til. Allt líf og hugsun þriðjungs heimsins hefur verið eyðilaggt eða falsað.

Ungar stúlkur komu og kvörtuðu um það, að þeim hefði verið stefnt til æskulýðsfélags kommúnista og þær bornar sökum og þeim ógnað, af því að þær hefðu kysst pilt, sem var kristinn, og þeim var fengið nafn á öðrum, sem þær mættu kyssa.

Allt var falskt og ljótt og örvæntingu ofurselt.

Svo hitti ég baráttumenn neðanjarðar kirkjunnar, féлага mína fyrr meir; höfðu sumir þeirra sloppið við að verða handteknir, en aðrir tekið upp baráttuna á ný, eftir að þeir höfðu verið látnir lausir úr fangelsi. Þeir vitjuðu mín, til þess að ég tæki upp baráttuna með þeim. Ég sótti leynifundi þeirra, þar sem þeir sungu úr sálma-bókum, sem voru skrifaðar.

Ég minntist heilags Antoníusar. Hann hafði verið 30 ár í eyðimörkinni. Hann hafði yfirgefið heiminn alveg, gerði ekki annað en fasta og biðja. En þegar hann frétti um deiluna milli Aþanasíusar og Ariusar um guðdóm Krists, yfirgaf hann hugleiðingar sínar og kom til Alexandríu til að styðja sannleikann til sigurs. Ég minntist Bernharðs frá Clairvaux. Hann var einnig munkur, hátt til fjalla. En hann frétti um heimsku krossfaranna, um að kristnir menn væru að drepa Araba og Gyðinga og trúbræður sína, sem fylgdu annarri játningu, í þeim tilgangi að fá unnið tóma gröf. Þá fór hann úr klaustri sínu og steig niður úr hæðum sínum til að prédika gegn krossförunum.

Ég afréð að gera það, sem allir kristnir menn verða að gera, að fylgja dæmi Krists, Páls postula og hinna miklu dýrlinga, að láta af einveruhugmyndinni og taka upp baráttuna.

Hvers konar barátta yrði það?

Kristnir menn í fangelsi hafa alltaf beðið fyrir óvin-

um sínum og flutt þeim fagan vitnisburð. Hjarta vort þráði, að þeir yrðu hólpnir, og vér glöddumst hvert sinn, sem það átti sér stað.

En ég hataði hið illa kerfi kommúnista, og ég vildi styrkja neðanjarðar kirkjuna, það afl, sem eitt getur kollvarpað þessu ægilega harðstjórnarveldi með krafti fagnaðarerindisins. Ég hafði ekki Rúmeníu eina í huga, heldur allan kommúnistaheiminn.

En ég hef hitt fyrir mikið afskiptaleyzi á Vesturlöndum. Rithöfundar um heim allan mótmæltu, þegar tveir kommúnistarithöfundar, Siniavski og Daniel, voru dæmdir til fangavistar af þeirra eigin félögum. En enginn mótmælir, þegar kristnir menn eru settir í fangelsi fyrir trú sína, jafnvel ekki kirkjurnar.

Hver hirðir um bróður Kuzyck, sem var dæmdur fyrir þann glæp að dreifa „eitruðum“ kristnum ritum, eins og guðrækilegum ritum eftir Torrey og ritum úr Biblíunni? Hver veit um bróður Prokofiev, sem var dæmdur fyrir að dreifa skrifuðum prédikunum? Hver veit um kristinn mann af Gyðingaættum, Grunvald, sem var dæmdur fyrir svipað afbrot í Rússlandi, og kommúnistar sviptu hann litlum syni hans ævilangt. Ég veit, hvaða tilfinningar bjuggu mér í brjósti, þegar ég var tekinn frá Mihai mínum. Ég þjáist með Grunvald, Ivanenko, Granny Shevchuk, Taisya Tkachenko, Ekaterina Vekazina, Georgi Vekazin, Pilat-hjónunum í Lettlandi og fleirum og fleirum – nöfn dýrlinga og hetja á 20. öld. Ég beygi mig niður til að kyssa hlekki þeirra eins og frumkristnir menn kysstu hlekki trúbræðra sinna, þegar þeir voru leiddir út til að vera varpað fyrir villidýrin.

Sumir leiðtogar vestrænna kirkna hirða ekki um þá. Nöfn píslarvottanna eru ekki á bænalistum þeirra. Meðan verið var að pína þá og dæma, var opinberum leiðtogum rússneskra baptista og ortodoxra veitt mót-

taka með miklum heiðri í New Delhi, í Genf og á öðrum þingum. Þar fullyrtu þeir við hvern mann, að fullkomið trúfrelsi sé í Rússlandi.

Leiðtogi í Alþjóðaráði kirkna (alkirkjuráðinu) kyssti Nikodim, erkibiskup bolsévika, þegar hann fullyrti þetta. Svo sátu þeir veizlu saman í hinu veglega nafni Alheimsráðs kirkna, en helgir menn í fangelsum átu kál og óþvegnar garnir, eins og ég hafði gert í nafni Jesú Krists.

Þetta gat ekki haldizt. Neðanjarðar kirkjan afréð, að ég færi úr landi, ef færi gæfist, og léti yður kristna menn vita, hvað væri að gerast.

Ég hef afráðið að tala gegn „kommúnismanum“, þótt ég elski kommúnista. Ég tel það ekki rétt að boða fagnaðarerindið án þess að mæla gegn kommúnismanum.

Sumir segja við mig: „Boðaðu hið hreina fagnaðarerindi.“ Þetta minnir mig á, að leynilögregla kommúnista sagði mér einnig að boða Krist, en nefna ekki kommúnisma. Getur það átt sér stað, að þeir, sem fylgja „hinu hreina fagnaðarerindi“, séu innblásnir af sama anda og leynilögregla kommúnista?

Ég veit ekki, hvað þetta svonefnda hreina fagnaðarerindi er. Var boðskapur Jóhannesar skírara hreinn? Hann sagði ekki aðeins: „Takið sinnaskiptum, því að guðsríki er í nánd.“ Hann sagði einnig: „Þú, Heródes, ert illur.“ Hann var hálshöggvinn, af því að hann batt sig ekki eingöngu við hlutlausa kenningu. Jesús flutti ekki aðeins hina „hreinu“ Fjallræðu, en einnig það, sem sumir kirkjuleiðtogar mundu kalla neikvæða ræðu: „Vei yður, þér fræðimenn og Farísear, þér hræsningar . . . þér nöðruafkvæmi.“ Fyrir svo „óhreina“ ræðu var hann krossfestur. Faríseum hefði verið sama um Fjallræðuna.

Syndina verður að nefna sínu nafni. Kommúnisminn er háskalegasta syndin í heiminum nú á dögum. Ekkert fagnaðarerindi, sem mælir ekki gegn honum, er



hið hreina fagnaðarerindi. Neðanjarðarkirkjan mælir gegn honum, þótt frelsi og lífi sé stofnað í voða. Þeim mun síður ber oss að þegja á Vesturlöndum.

Ég er ráðinn í því að mæla gegn kommúnismanum, ekki í þeim skilningi, sem þeir gera það, sem vant er að kalla „andkommúnista“. Hitler var „andkommúnisti“. Eigi að síður var hann harðstjóri. Vér hötum syndina, en elskum syndarann.

### *HVERS VEGNA ÉG LIÐ ÞJÁNINGAR Á VESTURLÖNDUM.*

Ég lið meiri þjáningar á Vesturlöndum en ég gerði í löndum kommúnista.

Þjáning mín er fyrst og fremst þráin eftir hinni ósegjanlegu fegurð neðanjarðar kirkjunnar, kirkjunni, sem fylgir hinum fornu latnesku orðum: *Nudis nudum Christum sequi* (Nakinn maður, fylgdu hinum nakta Kristi).

Mannssonurinn og þeir, sem honum fylgja, eiga hvergi höfði sínu að að halla í herbúðum kommúnista. Kristnir menn þar byggja sér ekki hús. Hvert gagn væri að því? Þau yrðu tekin eignarnámi við fyrstu handtöku þeirra. Það eitt að eiga nýtt hús getur verið meira tilefni til handtöku, því að kommúnistar vilja fá húsið. Þar er ekki unnt að jarða föður sinn eða kveðja heimilisfólk sitt, áður en farið er að fylgja Kristi. Hver er móðir þín, bróðir eða systir? Þér er eins farið í þessu og Jesú. Þér eru ekki aðrir móðir og bróðir en þeir, sem gera vilja Guðs. Gilda skyldleikabönd lengur, þegar það er tíður viðburður, að brúður hallmælir brúðguma, börn foreldrum, eiginkonur eiginmönnum? Andlegu böndin eru æ meir það eina, sem varir. Neðanjarðar kirkjan er

fátæk og líðandi kirkja, en hún hefur enga hálfvolga meðlimi.

Guðspjónusta í neðanjarðarkirkjunni líkist því, er var fyrir 1900 árum í fornirkirkjunni. Prédikarinn kann enga guðfræði. Hann kann ekki ræðugerð frekar en Pétur. Hver guðfræðiprófessor hefði gefið Pétri slæma einkunn fyrir ræðu hans á hvítasunnudag. Ritningarstaðir eru lítt kunnir í löndum kommúnista, því að Biblíur eru fágætar. Auk þess hefur prédikarinn að öllum líkindum verið í fangelsi árum saman og enga Biblíu haft.

Þegar þeir játa trú á föður, er það mikillar merkningar, því að bak við þessa fullyrðingu er saga. Daglega hafa þeir beðið þennan almáttuga föður í fangelsinu um brauð, og þess í stað fengið kál og óþverra, sem ekki er unnt að nefna. Eigi að síður trúa þeir á Guð sem algóðan föður. Þeir líkjast Job, sem sagði, að hann mundi trúa á Guð, þótt hann deyddi sig. Þeir líkjast Jesú, sem kallaði Guð föður, þótt hann væri að því er virtist yfirgefinn á krossinum.

Sá, sem hefur kynnt fegurð neðanjarðarkirkjunnar, getur ekki framar gert sig ánægðan með tótleika sumra vestrænna kirkna.

Ég þoli meiri þjáningar á Vesturlöndum en ég gerði í fangelsi hjá kommúnistum, af því að ég sé nú með eigin augum vestræna menningu deyjandi.

Oswald Spengler reit í bókinni Hrun Vesturlanda:

„Þér eruð að deyja. Ég sé hjá yður öll einkenni hrunsins. Ég get sannað, að hin miklu auðæfi yðar og hin mikla fátækt yðar, auðvald yðar og jafnaðarstefna, styrjaldir yðar og byltingar, guðleysisstefna yðar og bölsýni yðar, kaldhæðni yðar, siðleysi yðar, eyðilögð hjónabönd yðar, takmörkun yðar á fæðingum, sem yður blæðir af frá grunni og er að deyða yður í æðstu stöðvum heilans — ég get sannað yður, að þetta voru einkenni deyjandi

aldaforrnra ríkja — Alexandríu og Grikklands og hins taugabilaða Rómaveldis.“

Þetta var ritað 1926. Síðan hefur lýðræði og menning dáið á hálfri Evrópu allt til Kúbu. Það, sem eftir er af Vesturlöndum, *sefur*.

En eitt er það vald, sem sefur ekki, vald kommúnista. Þótt kommúnistar í austri hafi orðið fyrir vonubrigðum, hefur kommúnisminn í vestri haldið kröftum. Kommúnistar á Vesturlöndum trúa blátt áfram ekki öllum hinum illu fregnum um grimmdarverkin, eymdina og ofsóknirnar í löndum kommúnista. Þeir útbreiða trú sína með óþreytandi ákafa hvarvetna, í salarkynnum æðri stétta, í hópum menntamanna, í háskólum, ræflahverfum og í kirkjunum. Vér, sem kristnir erum, fylgjum oft sannleikanum með hálfum huga. Þeir eru heilshugar við lygina.

Á meðan ræða guðfræðingar Vesturlanda um smámunni.

Það minnir mig á, að meðan herir Múhameðs annars umkringdu Konstantínópel 1493 og skera varð úr því, hvort Balkanlöndin skyldu lúta kristnum eða múhameðskum yfirvöldum. var kirkjufundur í hinni umsetnu borg að ræða þessi vandamál: Hvernig voru augu hinnar helgu meyjar lit? Hvers kyns eru englarnir? Hvað verður, ef fluga dettur í vígt vatn? Verður flugan heilög, eða vatnið vanhelgað? Þetta kann að vera þjóðsaga ein, hvað þá tíma snertir. En lítið yfir kirkjuleg tímarit nú á dögum, og þér munuð sjá, að alveg sams konar vandamál eru rædd þar. Hættan af kommúnismanum og þjáningar neðanjarðarkirkjunnar eru naumast nefndar nokkru sinni.

Þar eru endalausar umræður um guðfræðileg efni, um helgisiði, um óverulega hluti.

Samkvæmi stóð yfir í veizlusal. Einhver spurði: „Ef þú værir á sökkvandi skipi og gætir náð landi á eyðiey

og mættir taka með þér eina bók úr bókasafni skipsins, hvaða bók mundirðu velja?“ Einn svaraði Biblíuna, annar rit Shakespeares. En rithöfundur nokkur sagði hið rétta: „Ég veldi bók, sem gæti kennt mér að smíða bát og komast til lands. Þar væri mér frjálst að lesa, hvað sem ég vildi.“

Það ríður meir á því að varðveita í öllum kirkju- deildum og guðfræðikenningum frelsi og harma, að það er tapað sums staðar, vegna ofsókna kommúnista, en að ríghalda í eina guðfræðiskoðun.

„Sannleikurinn mun gera yður frjálsa,“ sagði Jesús. En á sama hátt „getur frelsið, frelsið eitt, gefið oss sannleikann.“ Og í stað þess að deila um einskis verða hluti, ættum vér heldur að sameinast í baráttunni fyrir frelsinu gegn harðstjórn kommúnismans.

Ég líð einnig þjáningar með vaxandi þjáningum kirkjunnar bak við járntjaldið. Ég get séð þær fyrir mér, því að ég hef þolað þær.

Í júnímánuði sökuðu sovétblöðin Izvestia og Derevenskais rússneska baptista um að kenna safnaðarlimum að deyða börn til þess að bæta fyrir syndir. Þetta er hin forna ákæra fyrir helgimorð, sem gerð var á hendur Gyðingum.

En ég veit, hvað þetta merkir. Ég var í fangelsinu í Cluj í Rúmeníu árið 1959 með fanganum Lazarovici, sem var sakaður um að hafa myrt stúlku. Hann var ekki nema þrítugur, en hár hans hafði gránað á einni nóttu við pyntingarnar. Hann var eins og gamall maður. Neglur hafði hann engar á fingrum. Þær höfðu verið slitnar af til þess að fá hann til að játa glæpinn, sem hann hafði ekki framið. Eftir árs pyntingar var sakleysi hans sannað og hann látinn laus, en frelsið var honum einskis virði framar. Hann var eyðilagður maður upp frá því.

Aðrir lesa blaðagrein og geta hlegið að hinum

heimskulegu ásökunum sovétblaðanna gegn baptistum. Ég veit, hvað það gildir fyrir hina ákærðu.

Það er hræðilegt að vera á Vesturlöndum og hafa slíkar myndir stöðugt fyrir augum.

Hvar er nú Yermogen erkibiskup frá Kaluga (USSR) og hinir biskuparnir sjö, sem mótmæltu öfgum í samvinnu við sovétstjórnina hjá Alexei patriarki og Nikodim erkibiskupi, sem eru verkfæri í höndum kommúnista? Hefði ég ekki séð biskupana, sem mótmæltu í Rúmeníu, deyja rétt hjá mér í fangelsinu, bæri ég ekki áhyggjur út af þessum guðhræddu biskupum. Patriarkinn beitti aga við prestana Nikolai Eshliman og Gleb Yakumin, af því að þeir óskuðu trúfrelsis fyrir kirkjunna. Þetta er vel kunnugt á Vesturlöndum. En ég var í fangelsi með föður Ioan frá Vladimireshti í Rúmeníu, sem varð fyrir hinu sama. Á yfirborðinu var ekkert annað en kirkjuagi. En opinberir kirkjuleiðtogar vorir vinna með leynilögreglunni, eins og allir opinberir kirkjuleiðtogar í löndum kommúnista. Þeir, sem eru agaðir af þeim, eru einnig agaðir á áhrifameiri hátt — með pyntingum, barsmíðum og inntökum — í fangelsinu. Ég titra vegna þjáninga þeirra, sem ofsóttir eru í herbúðum kommúnista. Ég titra, er ég hugsa um eilíf örlög kvalara þeirra. Ég titra vegna vestrænna kristinna manna, sem hjálpa ekki ofsóttum bræðrum sínum.

Í fylgsnum hjarta míns kysi ég heldur að annast um fegurð míns eigin vingarðs og skipta mér ekki af svo ægilegri baráttu. Ég kysi að vera einhvers staðar annars staðar í kyrrð og hvíld. En það er ekki unnt. Því varnar kommúnisminn. Þegar kommúnistar réðust inn í Tíbet, komu þeir þeim fyrir kattarnef, sem skiptu sér ekki af öðru en andlegum málum. Í voru landi ruddu þeir úr vegi öllum, sem flúðu raunveruleikann. Kirkjum og klastrum var lokað, en aðeins haldið því, sem nauðsynlegt var til að blekkja útlendinga. Þessi kyrrð

og hvíld, sem ég þrái, væri undankoma frá raunveruleikanum og jafnframt sálu minni háskasemd.

Ég verð að heyja þessa baráttu, þótt hún sé mér persónulega mjög háskaleg. Hverfi ég, megið þér vita, að kommúnistar hafa hremmt mig. Þeir hremmdu mig á götu árið 1948 og settu mig í fangelsi, undir fölsku nafni. Anna Pauker, ráðherra á þeim tímum, sagði við sendiherra Svía, Sir Patrick van Reuterswaerde: „Wurmbrand er nú á skemmtigöngu á götum Kaupmannahafnar.“ Sænski sendiherrann hafði í vasanum bréf frá mér, sem mér hafði tekizt að lauma út úr fangelsinu. Hann vissi, að honum hafði verið skýrt rangt frá. Slíkt getur gerzt aftur. Verði ég drepinn, hafa kommúnistar útvalið morðingjann. Engir aðrir hafa tilefni til að myrða mig. Ef þér heyrið orðróm um siðspillingu mína, þjófnað, óeðli, saurlífi, óheilindi í stjórnámálum, lygar eða eitthvað annað, er það gert að boði og ógnun leynilögreglunnar: „Vér eyðileggjum yður andlega.“

Góðar heimildir herma mér, að rúmenskir kommúnistar hafi ákveðið að drepa mig eftir vitnisburðinn, sem ég bar fyrir öldungadeild Bandaríkjanna. Þeir munu reyna að ráða mér bana eða ræna mig mannorðinu. Þeir munu reyna að kúga mig með því að beita vini mína í Rúmeníu harðneskju. Þeir ráða yfir öflugum tækjum.

En ég get ekki þagað. Og yðar skylda er að rannsaka það, sem ég segi, með gætni. Þótt þér kunnið að ætla, að ég sé haldinn ofsóknarótta eftir allt, sem ég hef liðið, verðið þér að spyrja sjálfa yður, hvað þetta vald kommúnismans sé, sem veldur slíkum þjáningum hjá þegnum hans. Hvaða vald er það, sem kemur mönnum frá Austur-Þýzkalandi til að fara jafnvel með barn í skriðdreka og ryðjast gegnum gaddavír og eiga það á hættu að verða skotnir ásamt allri fjölskyldunni?

Vesturlönd sofa, og það verður að vekja þau.

Þjáðir menn reyna að fella sökina á einhvern. Slíkt getur sefað sársaukann mikið. Ég get ekki gert það.

Ég get ekki fellt sökina á einhverja af kirkjuleiðtogum Vesturlanda, sem samsinna kommúnismanum. Bölið kemur ekki frá þeim. Það er miklu eldra. Þessir leiðtogar eru sjálfir fórnarlömb miklu eldri illsku. Þeir sköpuðu ekki óþverrann í kirkjunni. Hann var fyrir.

Ég hef heimsótt marga prestaskóla, eftir að ég kom til Vesturlanda. Ég heyrði þar fyrirlestra um sögu kirkjuklukkna og sögu helgisöngva, um kirkjulög, sem horfin eru úr gildi fyrir löngu, eða um kirkjuaga, sem er ekki lengur til. Ég hef séð guðfræðistúdenta læra að sköpunarsagan í Biblíunni sé ekki sönn, né sagan um Adam, um flóðið, um kraftaverk Móse, að spádómarnir hafi verið skrifaðir, eftir að þeir rættust, að meyjarfæðingin sé goðsögn, sömuleiðis upprisa Jesú, að bein hans hafi geymzt einhvers staðar í gróf, að bréf postulanna séu ekki frá þeim komin, að Opinberunarbókin sé eftir geðveikan mann, að Biblían sé hin helga bók á annan hátt. (Eftir er þá heilög bók, þar sem fleiri lygar eru staðhæfðar en í kommúnistablaði).

Þetta er það, sem núverandi kirkjuleiðtogar lærðu, þegar þeir voru í skóla. Í þessu andrúmslofti lifa þeir. Hvers vegna ættu þeir að vera trúir þeim meistara, sem svo miklar kynjar eru sagðar af? Hvers vegna ættu kirkjuleiðtogar að vera trúir þeirri kirkju, þar sem unnt er að kenna það, að Guð sé dauður?

Þeir eru leiðtogar hinnar opinberu kirkju, ekki brúðar Krists. Þeir eru leiðtogar í kirkju, þar sem margir hafa fyrir löngu svikið meistara sinn. Þegar þeir hitta fyrir einhvern úr neðanjarðar-, píslarvotta-, þjáninga-kirkjunni, líta þeir á hann sem furðuskepnu.

Í öðru lagi er ekki rétt að dæma menn aðeins eftir einni hlið. Ef vér gerðum það, værum vér líkir Faríseunum, sem töldu Jesúm vondan, af því að hann hélt

ekki reglur þeirra um hvíldardaginn. Þeir lokuðu augunum alveg fyrir því, sem hefði verið yndislegt við Jesúm, jafnvel í þeirra augum.

Sömu kirkjuleiðtogar og hafa ranga afstöðu til kommúnismans, kunna að hafa rétt fyrir sér í mörgu öðru og geta verið persónulega einlægir.

Og jafnvel geta þeir breytt í því, sem rangt er hjá þeim.

Einu sinni var ég hjá ortódoxum höfuðborgarbiskupi í Rúmeníu. Hann var maður kommúnista og talaði illa um sína eigin sauði. Ég tók hönd hans milli handanna og sagði honum söguna um glataða soninn. Þetta var um kvöld í garði hans. Ég sagði: „Sjáðu, með hvaða kærleika Guð tekur á móti syndara, sem snýr aftur. Hann tekur með gleði jafnvel á móti biskupi sem iðrast.“ Ég söng fyrir hann kristilega söngva. Þessi maður snerist.

Ég var í fangelsi í sama klefa og ortódox prestur, sem ritaði guðleysisfyrirlestra, í von um að verða látinn laus. Ég talaði við hann og reif það í tætlur, sem hann hafði ritað, þótt hann ætti þá á hættu að verða aldrei látinn laus.

Ég get ekki haft neinn fyrir sökum og get ekki létt með því byrðina, sem hvílir á herðum mér.

Annað amar að mér. Jafnvel nánir vinir misskilja mig. Sumir saka mig um beiskju og hefndarhug til kommúnista. En ég veit, að það er ekki satt.

Cloude Montefiore, rithöfundur Gyðingatrúar, sagði, að afstaða Jesú til fræðimannanna og Faríseanna, opinberar ávitur hans í þeirra garð, séu í mótsögn við hans eigin boðorð um að elska óvini vora og blessa þá, sem bölva oss. Og dr. W. R. Matthews, prófastur við Pálskirkjuna í London, sem nýlega hefur látið af starfi, ályktar, að þetta sé ósamræmi og mótsögn hjá Jesú.



Hann afsakar það með því, að Jesús hafi verið ómenntaður.

Hugmynd Montefiores um Jesúm var röng. Jesús elskaði Faríseana, þótt hann mælti gegn þeim opinberlega. Og ég elska kommúnista og verkfæri þeirra í kirkjunni, þótt ég mæli gegn þeim.

Sífelld var sagt við mig: „Gleymdu kommúnistum. Starfaðu aðeins að andlegum málum.“

Ég hitti kristinn mann, sem hafði orðið að liða undir hendi Nazista. Hann sagði mér, að hann væri algerlega mín megin, meðan ég ber Kristi vitni, en ég ætti ekki að segja orð gegn kommúnistum. Ég spurði hann, hvort kristnir menn, sem börðust gegn Hitler í Þýzkalandi, hefðu haft rangt fyrir sér og hefðu átt að halda sig við það að boða það, sem Biblían segir, án þess að segja orð gegn harðstjóranum. Svarið var: „En Hitler deyddi sex milljónir Gyðinga. Það varð að tala gegn honum.“ Ég svaraði: „Kommúnisminn hefur drepið 30 milljónir Rússa og milljónir Kínverja og annarra. Og þeir hafa einnig deytt Gyðinga. Megum vér ekki andmæla, nema þegar Gyðingar eru deyddir, og ekki þegar Rússar eru drepnir?“ Svarið var: „Þetta er allt annað.“ Ég fékk enga skýringu.

Lögreglan barði mig á dögum Hitlers og á tímum kommúnista, og ég gat ekki séð neinn mismun á því. Hvort tveggja var mjög sárt.

Kristindómurinn verður að berjast móti mörgum myndum syndarinnar, ekki aðeins gegn kommúnisma. Þetta er ekki eina vandamálið.

En kommúnisminn er sem stendur mesti óvinur kristninnar og hættulegastur. Og gegn honum verðum vér að sameinast.

Má ég segja það aftur? Markmið mannsins er að verða líkur Kristi. Höfuðmarkmið kommúnista er að aftra því. Þeir eru fyrst og fremst gegn trúnni. Þeir

trúa því, að maðurinn verði sölt og málmar eftir dauðann, ekkert annað. Þeir vilja, að lífinu sé lifað á grundvelli efnisins.

Þeir þekkja ekkert nema fjöldann. Þeirra orð er orð illa andans, sem spurður var nafns: „Legíón.“ Persónuleikinn, æðsta gjöf Guðs, hefur verið að engu gerður. Þeir hafa sett mann í fangelsi, af því að þeir fundu hjá honum bók Alfreds Adlers: Einstaklings sálfræði. Þjónar leynilögreglunnar æptu: „Einstaklings, alltaf einstaklings. Hvers vegna ekki fjölda?“

Jesús vill, að vér séum persónur. Þess vegna er ekki til nein sambræðsla milli vor og kommúnismans. Kommúnistar vita það. Nauka í religia, Vísindin og trúarbrögðin, tímarit þeirra, ritar: „Trúarbrögðin samrýmast ekki kommúnismanum. Hann er þeim fjandsamlegur . . . Stefna kommúnismans er að greiða trúarbrögðunum banahögg . . . Það er sú stefna að skapa guðlaust samfélag, þar sem fólkið verður laust úr þrældómi trúarbragðanna um alla framtíð.“

Getur kristindómurinn staðizt við hliðina á kommúnismanum? Hér svara kommúnistar þeirri spurningu. . . „Kommúnisminn er banahögg á trúarbrögðin.“

## 5

Ég ætla nú að ræða aftur um neðanjarðar kirkjuna. Starf hennar er miklum erfiðleikum háð. Guðleysi er ríkistrú í öllum kommúnistalöndum. Gömlu fólki veita þeir meira eða minna frelsi til að trúá því, sem það vill, en börn og unglingar mega ekki trúá. Allir hlutir í þessum löndum miða að því að útrýma trúnni á Guð, útvarp, sjónvarp, kvikmyndir, leikhús, blöð, bókaútgáfa.

Neðanjarðar kirkjan hefur afar lítil tæk á að standa gegn hinum feikna miklu öflum hins alráða ríkis. Prestar neðanjarðarkirkjunnar í Rússlandi hafa enga guðfræðilega menntun hlotið. Til eru prestar, sem hafa aldrei lesið alla Biblíuna.

Ég skal segja yður, hvernig margir hafa verið vígðir. Vér hittum fyrir ungan Rússa, sem var prestur á laun. Ég spurði hann, hver hefði vígt hann. Hann svaraði: „Vér höfðum engan raunverulegan biskup til að vígja oss. Hinn opinberi biskup vildi engan vígja, sem væri ekki viðurkenndur af kommúnistaflokknum. Því fórum vér, tíu ungir menn kristnir, til grafar biskups, sem dó píslarvottur. Tveir af oss lögðum hönd á legstein hans. Hinir mynduðu hring um oss, og báðum vér Heilagan anda að vígja oss. Vér erum þess fullvissir, að vér erum vígðir af hinum gegnumstungnu höndum Jesú.“

Fyrir mér er vígsla þessa unga manns gild fyrir Guði.

Menn með slíka vígslu, sem hafa aldrei hlotið neina menntun í guðfræði og þekkja einatt lítið til Biblíunnar, halda uppi starfi Krists.

Þetta líkist kirkjunni fyrstu aldirnar. Hvaða presta-

skóla höfðu þeir, sem byltu við heiminum vegna Krists? Voru þeir allir læsir? Hvaðan fengu þeir Biblíurnar? Guð talaði til þeirra.

Vér í neðanjarðar kirkjunni höfum engar dómkirkjur. En er nokkur dómkirkja fegurri en himinhvelfingin, sem vér litum til, þegar vér komum saman á laun í skógum? Fuglakvakið kom í staðinn fyrir orgel. Blómaangan var reykelsi vort. Og slitin fót píslarvotts, nýsloppins úr fangelsi, voru glæstari en prestleg klæði. Tungl og stjörnur voru kertin. Englarnir voru messuþjónarnir, sem kveiktu á þeim.

Ég get aldrei lýst fegurð þessarar kirkju. Einatt eru kristnir menn teknir eftir leynilega guðsþjónustu og sendir í fangelsi. Þar bera kristnir menn hlekki með sömu gleði og brúður ber dýrmætan gimstein, sem unnusti hennar gaf henni. Vötnin eru hljóð í fangelsinu. Þú færð koss hans og faðmlög, og þú mundir ekki hafa sætaskipti við konunga. Sanngláða kristna menn hef ég hvergi fyrir hitt nema í Biblíunni, neðanjarðar kirkjunni og í fangelsi.

Neðanjarðar kirkjan er aðþrengd, en hún á einnig marga vini — jafnvel í leynilögreglunni, jafnvel í ríkisstjórninni. Stundum vernda þessir launtrúuðu menn neðanjarðar kirkjuna.

Nýlega kvörtuðu rússnesk blöð yfir vaxandi fjölda manna, sem væru vantrúarmenn hið ytra. Þetta eru að sögn rússneskra blaða óteljandi karlar og konur í röðum kommúnista, á stjórnarskrifstofum, í útbreiðsludeildum og hvarvetna, sem eru kommúnistar hið ytra, en trúaðir á laun hið innra og meðlimir í neðanjarðar kirkjunni.

Kommúnistablöðin sögðu söguna um unga konu, sem starfaði í útbreiðsludeild kommúnista. Eftir vinnu var hún von að fara til herbergis síns og hitta þar manninn sinn, sögðu blöðin. Eftir mat söfnuðu þau saman

hópi ungs fólks til biblíulestra og bænafundu. Þetta á sér stað um allan heim kommúnista. Það eru tugþúsundir slíkra „ytri vantrúarmanna“ í öllum löndum kommúnista. Þeir telja hyggilegra að fara ekki í sýnikirkjurnar, þar sem gætur eru hafðar á þeim og þeir heyra ekki annað en útvatnað fagnaðarerindi. Þess í stað halda þeir áhrifa- og ábyrgðarstöðum sínum og bera þaðan vitni um Krist í hljóði og með árangri.

Hin trúaða neðanjarðarkirkja á þúsundir meðlima á slíkum stöðum. Þeir hafa samkomur á laun í kjöllurum, þakherbergjum, herbergjum og á heimilum.

Í Rússlandi man enginn rökin fyrir eða gegn skírn barna eða fullorðinna, með eða móti óskeikulleik páfans. Þeir eru ekki þúsundaráríkismenn, hvorki fyrir né eftir. Þeir geta ekki túlkað spádóma og deila ekki um þá, en mig furðaði oft á því, hve vel þeir gátu sannað guðleysingjum tilveru Guðs.

Svör þeirra til guðleysingja eru mjög einföld. „Ef þú værir boðinn í veizlu með alls kyns góðum kjötréttum, mundir þú þá halda, að enginn hefði soðið þá? En náttúran er veizla, sem oss er gerð. Þú færð tómata, ferskjur, epli, mjólk og hunang. Hver hefur gert allt þetta handa mönnunum? Náttúran er blind. Ef þú trúir ekki á neinn Guð, hvernig geturðu þá gert grein fyrir því, að blindri náttúru hafi tekizt að framleiða einmitt þá hluti, sem vér þörfnumst, svo mikla og margháttada?“

Þeir geta sannað, að til sé eilíft líf. Ég hef hlustað á einn tala við guðleysingja: „Gerum ráð fyrir, að unnt væri að tala við fóstur í móðurlífi og þú vildir segja því, að lífið í móðurkviði væri aðeins stutt líf, en eftir það kæmi raunverulegt, langt líf. Hverju mundi fóstrið svara? Það segði það, sem þér guðleysingjar svarið oss, þegar vér tölum við yður um Paradís og helvíti. Það segði, að lífið í móðurkviði sé eina lífið og allt annað sé trúardella. En gæti fóstrið hugsað, segði það við sjálft

sig: „Það vaxa á mig handleggir. Ég þarfnast þeirra ekki. Ég get ekki einu sinni teygt úr þeim. Það vaxa fótleggir, en ég verð að hafa þá kreppta upp að brjósti. Hvers vegna vaxa þeir? Ef til vill kemur líf í stórum heimi á eftir, þar sem ég þarf að ganga. Það vaxa augu, þótt ég sé umlukt svartamyrkri og þarfnist þeirra ekki. Hvers vegna fæ ég augu? Ef til vill kemur seinna heimur ljóss og lita.“ Gæti því fóstrið brotið heilann um sinn eigin þroska, vissi það um líf utan við móðurlíf, án þess að hafa séð það. Eins er oss farið. Meðan vér erum ungir, höfum vér styrkleika, en ekki vit til að beita honum rétt. Þegar vér höfum vaxið með árum til þekkingar og vizku, bíður líkvagninn eftir oss til að flytja oss til grafar. Hvers vegna var þörf á að vaxa að þekkingu og vizku, sem vér getum ekki notað fram- ar? Hvers vegna vaxa fóstirinu handleggir, fótleggir og augu? Það er vegna þess, sem kemur á eftir. Eins er um oss hér. Vér vöxum hér að reynslu, þekkingu og vizku til þess, sem seinna kemur. Vér erum búin und- ir að þjóna á æðra sviði, sem kemur eftir dauðann.“ Hin opinbera kenning kommúnista um Jesúm er sú, að hann hafi aldrei verið til. Þessu eiga starfsmenn neðan- jarðar kirkjunnar auðvelt með að svara: „Hvaða blað ertu með í vasanum? Er það Pravda í dag eða í gær. Lof mér að sjá. Einmitt það. 14. jan. 1964. 1964 síðan hvenær? Síðan Jesús fæddist, sem aldrei var til og gegndi engu hlutverki. Þú segir, að hann hafi aldrei verið til, en þú telur árin frá fæðingu hans. Tíminn var til fyrir hans dag. En þegar hann kom, fannst mönn- unum allt, sem hafði verið á undan, vera einskis vert, og þá byrjaði hinn raunverulegi tími. Kommúnista- blaðið þitt er sjálft sönnun þess, að Jesús er engin ímyndun“

Prestar á Vesturlöndum gera venjulega ráð fyrir því að þeir, sem sækja kirkju, séu raunverulega sannfærðir

um höfuðsannindi kristinnar trúar, en það eru þeir ekki. Sjaldan heyrst ræða, sem sannar sanngildi trúar vorrar. En menn á bak við járnþjaldið, sem hafa lært það, veita þeim, sem vinnast, mjög alvarlegan grundvöll.

Það er enginn glöggur skilveggur milli kirkna, þar sem segja meg, að neðanjarðar kirkjan endi, sem er höfuðvígi kristinnar, og hin opinbera kirkja byrji. Þær eru samfléttaðar. Margir prestar í opinberu kirkjunni vinna jafnframt leyniþjónustu, sem nær langt út fyrir þau takmörk, sem kommúnistar hafa sett þeim.

Hin opinbera kirkja, kirkja þeirra, sem vinna með kommúnistum, á sér langa sögu. Hún hófst þegar eftir byltinguna í Rússlandi með hinni „lifandi kirkju“, undir forystu prests, sem nefndur var Sergius. Þessi „lifandi kirkja“ boðaði þennan boðskap opinberlega í Moskvu á þeim tíma: „Markmið vort er ekki að endurbýggja kirkjuna, heldur að afmá hana, uppræta alla trú“. Fagurt stefnumið kirkju.

Það hefur verið einhver svona Sergius í öllum löndum. Í Ungverjalandi var það faðir Balogh meðal kaþólskra. Hann og nokkrir prestar mótmælenda studdu kommúnista til að ná fullum yfirráðum yfir ríkinu.

Í Rúmeníu komust kommúnistar til valda með tilstyrk ortódox prests, Buducea að nafni, fyrrverandi fasista, sem varð að bæta rauðliðum upp gamlar syndir sínar með því að verða jafnvel enn rauðari en húsbændur hans. Prestur þessi stóð nærri Vishinski, hinum sovétka ráðherra, og brosti til samþykkis, þegar hinn síðar taldi gaf þessa yfirlýsingu við upphaf hinnar nýju kommúnistastjórnar: „Þessi stjórn mun byggja jarðneska paradís, og þér munuð ekki framar þarfnast himneskrar.“

Vitað er, að Nikodím erkibiskup í Rússlandi er fréttasnapur stjórnarinnar. Majór Deriabin, liðhlaupi frá

rússnesku leynilögreglunni, ber það vitni, að Nikodím væri í þjónustu þeirra.

Svona er ástatt í nær öllum kirkjufélögum. Núverandi forysta í rúmensku baptistakirkjunni var sett með valdboði. Hún mælir gegn sannkristnum mönnum. Hið sama gerir forystan í baptistakirkjunni í Rússlandi. Forseti rúmenskra baptista sagði mér, að hann hefði verið fregnberi leynilögreglu kommúnista frá fyrsta degi, er þeir komust til valda.

Mörgum þúsundum kirkna hefur verið lokað. Það var kænskubragð kommúnista að leyfa fáeinar opinberar kirkjur til málamynda og nota þær sem glugga til að gægjast út um, stýra þeim og ef til vill eyðileggja kristna menn og kristindóminn. Þeir réðu það af, að betra væri að láta kirkjustofnunina haldast og gera hana að verkfæri kommúnista til að líta eftir kristnum mönnum og blekkja gesti, sem kæmu til landa þeirra. Mér var sjálfum boðin slík kirkja með því skilyrði, að ég, presturinn, gæfi leynilögreglunni vitneskju um meðlimina. Svo virðist, að Vesturlandamenn skilji þetta ekki: þeir hafa vanizt við, að allir væru ýmist svartir eða hvítir (allir einn veg eða allir annan veg). En neðanjarðar kirkjan mun aldrei viðurkenna málamynda-kirkjur í staðinn fyrir eindregna, áhrifaríka boðun fagnaðarerindisins „allri skepnu“ – einnig æskunni.

En í hinni opinberu kirkju er raunverulegt andlegt líf, þrátt fyrir marga svíksamlega leiðtoga. (Mér virðist líkt ástand vera í mörgum kirkjum á Vesturlöndum. Söfnuðirnir eru trúaðir, stundum þrátt fyrir forystumennina, ekki vegna þeirra).

Helgisiðir ortódoxu kirkjunnar hafa haldizt óbreyttir, og þeir ala hjörtu meðlimanna í þeirri kirkju, enda þótt ræðurnar smjaðri fyrir kommúnistum. Lúterstrúarmenn, presbyterianar (öldungakirkjumenn) og aðrir mótmælendur syngja sömu gömlu sálmana, og svo verða



ræður söguberanna að innihalda eitthvað úr Ritningunni. Fólk snýst til trúar fyrir tilstilli manna, sem það veit fyrir, að eru svikarar, veit, að þeir segja leynilögreglunni frá afturhvarfi þeirra: það verður að fela trú sína fyrir sömu mönnum og fluttu þeim þessa trú með mengaðri prédikun. Þetta er hið mikla kraftaverk Guðs. Segir um það í III. Mós. 11,37: „Þó að eitthvað af hræjunum (sem eru óhrein að lögum Móse) falli á útsæði, sem á að sá, þá er það hreint.“

Einnig verður að kannast við það, að ekki eru allir leiðtogar opinberrar kirkju fylgismenn kommúnista, ekki einu sinni allir æðstu opinberir leiðtogar.

Meðlimir neðanjarðar kirkjunnar eru einnig áberandi í opinberum kirkjum nema þeir, sem verða að fara huldu höfði. Þeir gæta þess, að kristindómurinn verði ekki útvatnaður, heldur stríðandi trú. Þegar leynilög-reglan kom til að loka Vladimireshti-klaustrinu í Rúmeníu, og eins víða í Rússlandi, áttu þeir erfitt. Sumir kommúnistar hafa galdið með lífi sínu fyrir þann glæp að reyna að banna trúna.

En opinberum kirkjum fer sífækkandi. Ég dreg í efa, að enn séu fimm eða sex þúsund kirkjur í öllum Sovétríkjunum. (Bandaríkin hafa 300.000 og sama íbúafjölda.) Og þessar kirkjur eru oftast örlítill húsakynni, ekki kirkja að vorum skilningi. Erlendir gestir sjá troðfulla kirkju í Moskvu, einu mótmælendakirkjuna í borginni, og tala um það frelsi, sem þar býi. „Jafnvel kirkjurnar eru troðfullar“, segja þeir glaðir. Þeir sjá ekki harmsöguna, að það er eina mótmælendakirkjan fyrir 7.000.000 sálir. Og einholukirkjurnar eru jafnvel ekki innan sóknarfæris 80% fólksins vegna vegalengdar. Fjöldinn hlýtur að gleymast, eða honum verður að þjóna með neðanjarðar kirkjuþjónustu. Á öðru er ekki kostur.

Því meir sem kommúnisminn berst út um landið, því meir verður kirkjan að vera neðanjarðar.

Í stað opinberra kirkna, sem er lokað, koma fundahöld guðleysissamtaka.

### *HVERNIG NEÐANJARÐAR KIRKJAN „ELST“ VIÐ BÓKMENNTIR GUÐLEYSINGJA.*

En neðanjarðar kirkjan kann einnig að nota sér þetta. Fyrst og fremst elst hún við guðleysisritin, líkt og hrafnarnir fæddu Elía. Guðleysingjar gera sér mjög far um að gagnrýna ritningargreinar og gera þær hlægilegar.

Þeir gáfu út bækur, sem hétu Hin gamansama Biblía og Biblían handa trúuðum og vantrúuðum. Þeir reyndu að sýna, hve heimskulegar ritningargreinar væru og vitnuðu í margar greinar því til sönnunar. Vér höfðum gaman af þessu. Gagnrýnin var svo heimskuleg, að enginn tók hana alvarlega. En bókin var prentuð í milljónum eintaka og var full af ritningargreinum, sem voru ósegjanlega fagrar, jafnvel þótt kommúnistar gerðu gys að þeim. Fordum voru „villumenn“, sem rannsóknarrétturinn brenndi, fluttir á bálið klæddir alls kyns hlægilegum fatnaði með málverkum af logum helvítis og djöflum. Heilagir villumenn. Eins verða ritningargreinar sannar, jafnvel þótt djöfullinn hafi þær yfir.

Kommúnistaútgáfan hafði mikla gleði af því að fá þúsundir bréfa, sem beiddust endurprentunar á guðleysisritum, sem vitnuðu í ritningargreinar í háðsskyni. Þeir vissu ekki, að þessi bréf komu frá neðanjarðar kirkjunni, sem átti engan annan kost á að ná í ritningarnar.

Vér kunnum einnig að nota guðleysissamkomur þeirra.

Prófessor í kommúnisma hafði sýningu á því á samkomu, að Jesús hefði ekki verið annað en töframaður. Prófessorinn hafði vatnsglas fyrir framan sig. Hann setti í það duft, og það varð rautt. „Þetta er allt kraftaverkið“, sagði hann. „Jesús hafði svona duft falið í ermumunum, og þóttist svo hafa breytt vatni í vín með undursamlegum hætti. En ég get gert enn betur en Jesús. Ég get breytt víninu í vatn aftur.“ Og hann setti annað duft í vatnið. Það var hvítt, svo annað duft, og vatnið varð rautt aftur.

Kristinn maður stóð upp og sagði: „Þér hafið gert oss forviða, félagi prófessor. Vér viljum aðeins biðja yður um eitt enn. Drekkið lítið einn af víninu yðar.“ Prófessorinn sagði: „Það get ég ekki gert. Duftið var eitur.“ Kristni maðurinn svaraði: „Þetta gerir muninn á Jesú og yður. Hann hefur gefið oss gleði í þúsund ár með sínu víni, en þér eitur með yðar víni.“ Kristni maðurinn var settur í fangelsi. En fregnir fóru af atvikinu víðs vegar og styrktu trúna.

Vér erum veikir og smáir eins og Davíð. En vér erum hraustari en Góliat guðleysisins, vegna þess að Guð er með oss. Sannleikurinn er vor megin.

Einu sinni var fyrirlesari kommúnista að halda erindi um guðleysið. Allir verkamenn í verksmiðjunni urðu að koma og meðal þeirra margir kristnir. Þeir sátu hljóðir undir öllum röksemdum gegn Guði og fyrir því, hvað heimskulegt væri að trúá á Krist. Fyrirlesarinn hélt áfram að sanna, að enginn andlegur heimur sé til, enginn Guð, enginn Kristur, ekkert annað líf, maðurinn sé aðeins efni án sálar. Hann endurtók hvað eftir annað, að efnið eitt sé til.

Kristinn maður stóð upp og spurði, hvort hann mætti tala. Það var leyft. Hinn kristni tók upp stólinn sinn og fleygði honum niður. Hann gerði hlé og horfði á hann. Svo gekk hann upp og löðrungaði fyrirlesarann.

Fyrirlesarinn varð mjög reiður. Hann varð sótrauður í framan af bræði. Hann æpti móðganir og kallaði á félagala úr hópi kommúnista til að taka kristna manninn. Hann spurði: „Hvernig dirfðist þú að slá mig? Hver er ástæðan?“

Hinn kristni svaraði: „Þér eruð búinn að sanna, að þér séuð lygari. Þér sögðuð, að allt væri efni, ekkert annað. Ég tók upp stólinn og fleygði honum niður. Hann er sannarlega efni. Stóllinn reiddist ekki. Hann er ekki annað en efni. Þegar ég sló yður, brugðuzt þér ekki eins við og stóllinn. Þér brugðuzt öðruvísi við. Efnið sturlast ekki eða reiðist. En þér gerðuð það. Þess vegna hafið þér á röngu að standa, félagi prófessor. Maðurinn er meira en efni. Vér erum andlegar verur.“

Kristnir almúgamenn hafa afsannað þrauthugsuð guðleysisrök þannig á ótal vegu.

Í fangelsi spurði lögregluþjónn mig hörkulega: „Hve lengi ætlið þér að halda yðar heimskulegu trú?“ Ég sagði við hann: „Ég hef séð óteljandi guðleysingja iðrast þess á banabeði, að þeir voru guðlausir. Þeir hrópuðu á Krist. Getið þér ímyndað yður, að kristin mann iðri þess, þegar dauðinn nálgast, að hann hefur verið kristinn, og kalli á Marx og Lenin til að bjarga sér frá trúnni?“ Hann fór að hlæja og sagði: „Vel svarað.“ Ég hélt áfram: „Þegar verkfræðingur hefur byggt brú, er það engin sönnun þess, að brúin haldi, þótt köttur komist yfir hana. Það verður lest að fara yfir hana til að sanna styrkleika hennar. Það sannar ekki sanngildi guðleysis, þótt þér getið verið guðleysingi, meðan allt gengur vel. Það heldur ekki, þegar mikið er í veði.“ Og ég notaði bækur Lenins til að sanna honum, að Lenin sjálfur bað, meira að segja eftir að hann varð forsætisráðherra Sovétríkjanna, þegar erfiðlega gekk.

Vér erum kyrrlátir og bíðum hljóðir eftir rás atburðanna. Það eru kommúnistar, sem eru órólegir og stofna

til nýrra guðleysisherferða. Með þessu sanna þeir orð Ágústíns: „Hjarta vort er órótt, unz það hvílist í þér.“

### *HVERS VEGNA KOMMÚNISTAR GETA EINNIG UNNIZT.*

Ef þér, frjálsir kristnir menn, styðjið neðanjarðar kirkjuna, vinnur hún hjörtu kommúnista og breytir ásjónu jarðar. Hún mun vinna þá, af því að það er óeðlilegt að vera kommúnisti. Jafnvel hundur vill eiga sitt eigið bein. Hjörtu kommúnista rísa gegn því hlutverki, sem þeir eiga að leika, og fjarstæðum þeim, sem þeir verða að trúá.

Þegar einstakir kommúnistar hafa staðhæft, að efn-ið sé allt, að vér séum ekki annað en handfylli af efn-um, sem komið sé fyrir á sérstakan hátt, og að vér sé-um ekki annað en málmar og sölt eftir dauðann, hef-ur nægt að spyrja þá: „Hvernig stendur á því, að komm-únistar í svo mörgum löndum hafa látið líf sitt fyrir hugsjón sína? Hefur handfylli af efn-um hugsjónir? Geta málmar fórnað sér fyrir heill annarra?“ Þessu geta þeir ekki svarað.

Og svo harðneskjan. Mennirnir voru ekki skapaðir ruddar og geta ekki umborið til lengdar að vera ruddar. Það höfum vér séð við fall Nazistanna. Sumir frömdu sjálfsmorð, en sumir gerðu iðrun og játuðu glæpi sína.

Það er eitthvað jákvætt við hina miklu ofdrykkju í löndum kommúnista. Það er í því þrá eftir viðfeðmara lífi, sem kommúnisminn getur ekki veitt þeim. Venju-legur Rússi er örlátur maður, hugumstór og djúphugull. Kommúnistastefnan er grunn og yfirborðsleg. Hann leit-ar hins djúpa í lífinu, og finni hann það ekki annars stað-ar, leitar hann þess í áfenginu. Með ofdrykkjunni lætur kommúnistinn í ljós hrylling sinn við hinu ruddalega

og svikula lífi, sem hann verður að lifa. Áfengið leysir hann stutta stund, eins og sannleikurinn mundi leysa hann um alla framtíð, gæti hann fundið hann.

Einu sinni var það í Búkarest á hernámstíma Rússa, að ég fékk ómótstæðilega löngun til að fara inn á knæpu. Ég kallaði á konu mína að koma með mér. Þegar inn var komið, sá ég rússneskan höfuðsmann með byssu í hendi. Ógnaði hann hverjum manni og bað um meira að drekka. Fólk var óttaslegið. Ég gekk til knæpueigandans, sem þekkti mig, og bað hann að láta höfuðsmanninn fá áfengi. Hét ég að sitja hjá honum og sjá um, að hann væri rólegur. Var okkur borin hver flaskan af annarri. Á borðinu voru þrjú glös. Fyllti höfuðsmaðurinn jafnan öll þrjú kurteislega . . . og drakk öll þrjú. Við hjónin drukkum ekki. Hugur hans starfaði, þótt drukkinn væri. Hann var vanur áfengi. Ég talaði við hann um Krist, og hann hlustaði með óvæntri athygli.

Að lokum sagði hann: „Nú hefur þú sagt mér, hver þú ert. Ég skal segja þér, hver ég er. Ég er ortodox prestur, sem var með þeim fyrstu til að afneita trúnni, þegar hin mikla ofsókn hófst á valdatímum Stalíns. Ég fór þorp úr þorpi til að segja frá því, að Guð væri ekki til og að ég hefði verið svikari, þegar ég var prestur. „Ég er svikari, og það eru allar prestar“, sagði ég við fólkið. Ég var í miklu áleti fyrir áhuga minn, svo að ég varð foringi í leynilögreglunni. Refsing mín frá Guði var sú, að ég varð að deyða kristna menn þessari hendi, eftir að ég hafði kallið þá. Og nú drekk ég og drekk til að gleyma því, sem ég hef gert. En það lánast ekki.“

Margir kommúnistar fremja sjálfsmorð. Það gerðu mestu skáld þeirra, Essenin og Maiakovski. Það gerði hinn mikli rithöfundur þeirra, Fadeev. Hann hafði nýlokið skáldsögu sinni Hamingjan. Þar segir hann, að hamingjan sé í því fólgin að vinna óþreytandi fyrir

kommúnismann. Sjálfur var hann svo hamingjusamur út af því, að hann skaut sig, eftir að hann hafði lokið sögunni. Það var sálu hans ofraun að bera svo mikla lygi. Joffe og Tomkin, miklir kommúnistaleiðtogar og baráttumenn kommúnismans á tímum keisarans, þoldu ekki að sjá, hvernig kommúnisminn lítur út í raunveruleikanum. Þeir fröndu einnig sjálfsmorð.

Kommúnistar eru óhamingjusamir. Það eru einnig hinir miklu einræðisherrar þeirra. Stalín var óhamingjusamur. Eftir að hann hafði drepið nærri alla fyrri félagaga sína, óttaðist hann sífellt, að honum yrði gefið eit-ur, eða hann fremdi sjálfsmorð. Hann hafði 8 svefnherbergi, sem loka mátti eins og peningaskáp í banka. Enginn vissi nokkurn tíma, í hverju þeirra hann svaf þá og þá nóttina. Hann mataðist aldrei án þess að mat-sveinninn bragðaði matinn í návist hans. Kommúnisminn gerir engan hamingjusaman, ekki einu sinni einræðisherra. Þeir þarfnast Krists.

Vér mundum ekki aðeins frelsa fórnarlömb kommúnismans, heldur og kommúnista sjálfa með því að kollvarpa kommúnismanum.

Neðanjarðar kirkjan ber fram dýpstu þarfir vorra ánauðugu þjóða. Hjálpið henni.

Einkenni neðanjarðar kirkjunnar er trúaralvara hennar.

Prestur, sem kallar sig dulnefninu George, segir frá eftirfarandi atviki í bók sinni um neðanjarðar kirkju Guðs:

Höfuðsmaður í rússneska hernum kom til prests í Ungverjalandi og bað um einkaviðtal. Pilturinn var mjög ungur og óðlátur og vissi vel um hlutverk sitt sem sigurvegari. Honum var fylgt inn í lítið fundaherbergi og dyrunum lokað. Þá kinkaði hann kolli til krossins, sem hékk á veggnum. „Þér vitið, að þetta er lygi“, sagði hann við prestinn. „Þetta er ekki annað en

bragð, sem þér prestar notið til að blekkja fólk, svo hinum auðugu verði auðveldara að halda við fáfræði þeirra. Nú erum við einir. Játíð það fyrir mér, að þér hafið aldrei trúað því, að Jesús Kristur væri sonur Guðs.“

Presturinn brosti. „Ungi maður. Auðvitað trúi ég því. Það er satt.“

„Ég vil ekki láta leika svona á mig“, hrópaði höfuðsmaðurinn. „Þetta er alvara. Verið ekki að hlæja að mér.“

Hann dró fram byssu sína og hélt henni upp að prestinum.

„Ef þér játíð ekki fyrir mér, að þetta sé lygi, mun ég skjóta.“

„Ég get ekki játað það, því að það er ekki satt. Drottinn vor er raunverulega og sannarlega sonur Guðs“, sagði presturinn.

Höfuðsmaðurinn fleygði byssunni á gólfið og faðmaði guðsmanninn. Tárin komu fram í augu hans.

„Það er satt“, sagði hann. „Það er satt. Ég trúi því líka, en ég gat ekki verið viss um, að menn vildu deyja fyrir þessa trú, fyrr en ég kæmist að því sjálfur. Ég þakka yður fyrir. Þér hafið styrkt trú mína. Nú get ég dáið fyrir Krist. Þér hafið sýnt mér hvernig.“

Mér er kunnugt um fleiri svona tilvik. Þegar Rússar tóku Rúmeníu, gengu tveir vopnaðir rússneskir hermenn inn í kirkju með byssur sínar í höndunum. Þeir sögðu: „Við trúum ekki yðar trú. Þeir, sem víkja ekki frá henni þegar í stað, verða skotnir undir eins. Þeir, sem yfirgefa trú yðar, færi sig til hægri.“ Nokkrir viku til hægri. Þeim var skipað að fara út úr kirkjunni og heim. Þeir flýðu eins og þeir ættu lífið að leysa. Þegar Rússarnir voru orðnir einir með þeim kristnu mönnum, sem eftir voru, föðmuðu þeir þá að sér og sögðu: „Við erum einnig kristnir, en við vildum ekki eiga samfélag



við aðra en þá, sem telja trúna þess virði að deyja fyrir hana.“

Slíkir menn berjast fyrir fagnaðarerindinu í vorum löndum. Og þeir berjast ekki eingöngu fyrir fagnaðarerindinu. Þeir eru einnig hermenn frelsisins.

Á heimilum margra kristinna manna er mörgum stundum eytt til að hlýða á heimslega hljómlist. Það má einnig heyra háværa hljómlist á vorum heimilum, en það er aðeins til að hylja umræðurnar um fagnaðarerindið og neðanjarðarstarfið, svo að nágrannar verði þess ekki varir og geti ekki gert leynilögreglunni aðvart.

Mikil er gleði þeirra, þá sjaldan þeir hitta alvarlega kristna menn frá Vesturlöndum.

Sá, sem þetta ritar, er ekki annað en ómerkilegur maður. En ég er rödd hinna mállausu, þeirra, sem eru múlbundnir og eiga aldrei fulltrúa á Vesturlöndum. Í þeirra nafni óska ég eftir trúaralvöru og alvöru í meðferð á málum kristninnar. Í þeirra nafni óska ég eftir fyrirbæn og virkri hjálp hinni trúuðu, liðandi neðanjarðar kirkju í löndum kommúnista til handa.

Vér munum vinna kommúnista. Fyrst og fremst af því, að Guð er með oss. Í öðru lagi vegna þess, að boðskapurinn svarar til dýpstu þarfa hjartnanna.

Kommúnistar, sem höfðu verið í fangelsi hjá Nazistum, játuðu fyrir mér, að þeir hefðu beðizt fyrir á erfiðum stundum. Einnig hef ég séð liðsforingja kommúnista deyja með orðin „Jesús, Jesús“ á vörum.

Vér vinnum, af því að allur menningararfur vor er vor megin. Rússar geta bannað allt, sem kristnir nútímamenn rita. En til eru bækur eftir Tolstoy og Dostoevski, og þar finnur fólkíð ljós Krists. Svo er um Goethe í Austur-Þýzkalandi, Szienkiewicz í Póllandi og aðra. Mesti rithöfundur Rúmeníu var Sadoveanu. Kommúnistar hafa gefið út bók hans: Ævir helgra manna, undir

titlinum: Helgisagan um helga menn. En þrátt fyrir þennan titil er innblástur í æviferli helgra manna.

Þeir geta ekki útilokað eftirprentanir af verkum Raf-aels, Michelangelós og Leonardós da Vinci úr listasög-  
unni. Þessar myndir tala um Krist.

Þegar ég tala við kommúnista um Krist, eru dýpstu þarfir hjarta hans bandamenn mínir, aðstoðarmenn mínir. Það er ekki erfiðast fyrir hann að svara rökum mínum. Erfiðast fyrir hann er að þagga niður rödd samvizku sinnar, sem er mín megin.

Ég hef þekkt persónulega prófessora í Marxisma, sem báðu Guð að hjálpa sér, þegar þeir áttu að flytja erindi um guðleysi. Ég hef þekkt kommúnista, sem fóru á leynifund langt í burt. Þegar upp um þá komst, lugu þeir til, að þeir hefðu ekki verið á neðanjarðarsam-  
komu. Svo grétu þeir af iðrun yfir því, að þeir hefðu ekki haft kjark til að standa við þá trú, sem hafði knú-  
ið þá á fundinn. Þeir eru líka menn.

Og sé einstaklingur kominn til trúar, jafnvel mjög frumstæðrar trúar, þroskast þessi trú og vex. Vér erum þess fullvissir, að hún sigrar, vegna þess að vér í neðan-  
jarðar kirkjunni höfum séð hana sigra hvað eftir annað.

Kommúnistar eru elskaðir af Kristi. Það er unnt og verður að vinna þá Kristi. Það getur enginn unnið þá nema neðanjarðar kirkjan bak við járn tjaldið. Hver sá, sem þráir að uppfylla löngun Jesú til að frelsa sálir alls mannkyns, skyldi styðja neðanjarðar kirkjuna í verki hennar. Jesús sagði: „Gjörið allar þjóðirnar að læri-  
sveinum.“ Hann sagði aldrei: Nemið staðar við járn-  
tjaldið. Trúin á Guð og hin mikla skipun neyðir oss til að komast bak við járn tjaldið til þriðja hvers núlif-  
andi manns í ánaud kommúnismans.

Vér getum náð til þeirra með því að vinna með neð-  
anjarðar kirkjunni, sem er þar þegar.

## ÞRÍR HÓPAR MYNDA NEÐANJARÐAR- KIRKJUNA:

### 1) *prestar, sem kommúnistar hafa sett af.*

Það eru 3 hópar, sem mynda neðanjarðar kirkjuna í löndum kommúnista. Fyrst eru það þúsundir á þúsundir ofan af prestum, sem reknir hafa verið frá söfnuðum sínum, af því að þeir vildu ekki slá af fagnaðarerindinu. Margir slíkir prestar hafa verið fangelsaðir árum saman og pyntaðir vegna trúar sinnar. Þeir hafa verið látnir lausir og þeir tafarlaust tekið við þjónustu sinni, en jafnframt starfað í neðanjarðar kirkjunni með dugnaði. Þótt kommúnistar lokuðu kirkjum þeirra eða settu aðra „áreiðanlegri“ presta í þeirra stað, halda þeir áfram þjónustu sinni með meiri árangri með því að starfa á laun á neðanjarðar samkomum, í hlöðum, þakherbergjum, kjöllurum og á túnum á nóttinni, eða hvar, sem trúað fólk kemur saman á laun. Þessir menn eru lifandi píslarvottar, sem vilja ekki láta af þjónustu sinni og eiga á hættu meiri pyntingar og nýjar fangelsanir.

### 2) *leikmannakirkjan.*

Annar hópur neðanjarðar kirkjunnar er hinn mikli her leikmanna og kvenna. Því verður að gefa gaum, að það eru engir kristnir að nafninu til, óheilir eða hálfvolgir í Rússlandi eða Kína. Það er allt of kostnaðarsamt að vera kristinn. Hið næsta, sem hafa verður í huga, er það, að ofsóknin hefur alltaf framleitt betri kristna menn, menn, sem vitna og vinna sálir. Ofsókn kommúnista hefur snúizt við og framleitt alvarlega, helgaða trúmenn, sem eru sjaldséðir í frjálsum löndum. Þetta fólk fær ekki skilið, hvernig unnt sé að vera kristinn, án þess að vilja vinna hverja sál, sem á vegi þeirra verður.

Rauða stjarnan (málgagn rússneska hersins) réðst á

kristna menn í Rússlandi og sagði: „Tilbiðjendur Krists vilja næla gráðugum klónum í hvern mann.“ En líf-  
erni þeirra lýsir og vinnur þeim ást og virðingu ná-  
granna þeirra og samborgara. Kristnir menn eru bezt  
þokkaðir allra í hverju þorpi og hverri borg, ástsælir bú-  
endur. Þegar veikindi hindra, að móðir geti annazt börn  
sín, er það kristin móðir, sem kemur og lítur eftir þeim.  
Þegar maður er svo veikur, að hann getur ekki höggvið  
í eldinn, er það kristinn maður, sem gerir það fyrir  
hann. Þeir sýna trú sína í líferninu, og þegar þeir fara  
að vitna um Krist, hlusta menn og trúa, vegna þess að  
þeir hafa séð Krist í lífi þeirra. Enginn getur tekið til  
máls í kirkju nema prestur með leyfi, en milljónir  
brennheitra kristinna manna vinna sálir í hverju horni  
kommúnistaheimsins, vitna og þjóna á markaðstorgum,  
við vatnsbrunna þorpanna, hvar sem þeir fara. Blöð  
kommúnista viðurkenna, að kristnir kjötkaupmenn  
laumi smáritum í umbúðirnar utan um kjötið, sem þeir  
selja. Kommúnistablöðin viðurkenna, að kristnir menn,  
sem gegna áhrifastöðum í prentsmiðjum kommúnista,  
laumist inn aftur seint á nóttinni og prenti nokkur þús-  
und af kristilegum ritum og loki aftur fyrir sólarupp-  
komu. Blöð kommúnista viðurkenna einnig, að kristin  
börn í Moskvu hafi einhvers staðar fengið guðspjöll og  
skrifi svo upp kafla. Síðan láta börnin þetta í frakka-  
vasa kennara sinna. Hinn mikli hópur leikmanna og  
kvenna er orðinn mjög virkur, áhrifaríkur að vinna sál-  
ir í hverju kommúnistalandi.

Fyrrverandi kristniþóðar á Kúbu hafa skýrt svo frá,  
að leynileg kirkja sé að spretta upp, því að allir sannir  
prestar hafi verið handteknir og ofsóttir, en kommún-  
istaprestar settir í staðinn.

Eldur ofsóknanna hefur hreinsað milljónir helgaðra,  
sanna, brennheitra trúmanna í kirkju leikmanna, eld-  
urinn, sem kommúnistar vonuðu, að eyddi þeim.

3) *Opinberir prestar, sem láta ekki beizlast eða þagga niður í sér.*

Hinn 3. hópur í neðanjarðarkirkjunni, sem líf er í, er hinn mikli hópur trúaðra presta í hinum opinberu, en beizluðu kirkjum. Neðanjarðar kirkjan er ekki algerlega aðgreind frá hinni opinberu kirkju. Í mörgum kommúnistalöndum eins og Júgóslavíu, Póllandi og Ungverjalandi starfa margir prestar hinnar opinberu kirkju á laun í neðanjarðar kirkjunni. Í sumum löndum eru þær samofnar. Þessir prestar mega ekki tala um Krist nema í litlu einholukirkjunum sínum. Þeir mega ekki hafa barna- eða unglingasamkomur. Þeir, sem eru ekki kristnir, þora ekki að koma. Prestar mega ekki biðja fyrir sjúkum safnaðarlimum á heimilum þeirra. Þeir eru umluktir á allar hliðar af fyrirmælum kommúnista, sem gera kirkjur þeirra allt að því gagnslaugar. Þessir prestar búa við reglur, sem gera „trúfrelsið“ hlægilegt, en oft hætta þeir frelsinu með því að stunda leyniþjónustu meðfram, langt út fyrir takmarkanir kommúnista. Þessir prestar halda uppi leynilegu starfi meðal barna og unglunga. Þeir boða fagnaðarerindið á laun á heimilum og í kjöllurum. Á laun taka þeir við kristilegum ritum og útbýta þeim meðal hungraðra sálna. Þeir stofna frelsi sínu í voða með því að hafa hinar opinberu takmarkanir að engu í leyni og þjóna hungruðum sálum allt í kringum sig. Á yfirborðinu eru þeir undirgefnir og hlýðnir, en hætta lífi sínu til að útbreiða guðsorð á laun. Margir menn af þessu tagi hafa nýlega verið uppgötvaðir og handteknir í Rússlandi. Þeir fengu nokkurra ára fangelsi.

Allir þessir menn starfa í neðanjarðarkirkjunni, fyrrverandi prestar, sem kommúnistar hafa tekið og ofsækja, leikmannakirkjan og opinberir prestar, sem vinna miklu stærra verk og viðtækara á laun en þeim er leyft. Og neðanjarðar kirkjan mun haldast, unz kommúnisminn

er að velli lagður. Í sumum löndum er einn hópurinn starfsamari en annar, en allir eru þeir til og starfa fyrir Krist við mikla áhættu.

Maður nokkur, sem ferðast oft um kommúnistalönd og hefur mikinn hug á trúmálum, kom heim aftur og skrifaði, að hann hefði aldrei fyrir hitt neðanjarðar kirkjuna.

Það er eins og að ferðast um Mið-Afríku, meðal ómenntaðara kynflokka, og koma aftur og segja: „Ég hef gert nákvæma rannsókn. Ég hef spurt þá, hvort þeir tali mælt mál. Allir sögðu þeir mér, að þeir gerðu það ekki.“ Sannleikurinn er sá, að þeir tala það allir, en vita ekki, að það er mælt mál, sem þeir tala.

Fyrstu áratuginna vissu kristnir menn ekki, að þeir væru kristnir. Hefðu þeir verið spurðir um trú þeirra, hefðu þeir svarað, að þeir væru Gyðingar, Ísraelsmenn, sem trygðu á Jesúm sem Messías, bræður, heilagir, börn Guðs. Það voru aðrir, sem gáfu þeim nafnið kristnir miklu síðar, fyrst í Antíokkíu.

Enginn af fylgjendum Lúters vissi, að hann væri Lúterstrúar. Lúter sjálfur mótmælti nafninu kröftuglega. Neðanjarðar kirkjan er nafn, sem kommúnistar og vestrænir vísindamenn, sem rannsakað hafa trúarlegt ástand í Austur-Evrópu, hafa gefið leynisamtökum, sem spruttu upp sjálfkrafa í löndum kommúnista. Meðlimir neðanjarðar kirkjunnar nefna ekki samtök sín þessu nafni. Þeir nefna sig kristna, trúaða, börn Guðs. En þeir vinna neðanjarðar starf, þeir koma saman neðanjarðar, þeir útbreiða fagnaðarerindið á leynifundum, koma stundum á samkomu með sömu útlendingunum, sem halda því fram, að þeir hafi ekki séð neðanjarðar kirkjuna. Þetta er viðeigandi nafn, sem andstæðingar hafa gefið og þeir, sem líta hlýtt til þessara leynisamtaka utan frá.

Það má ferðast árum saman um Vesturlönd, án þess

að rekast á njósnahring sovétlanda, en það er ekki sama sem að hann sé ekki til. Aðeins er hann ekki svo heimskur að sýna sig forvitnum ferðamönnum.

Ég kem með nokkur ummæli úr blöðum sovétmanna, sem sýna tilveru og vaxandi gildi þessarar hugrökku neðanjarðar kirkju.

## 6

Ég hef sagt frá vorri eigin reynslu við að útbreiða boðskap Krists á laun í sovéthernum og í Rúmeníu kommúnismans.

Ég hef skírskotað til yðar að hjálpa til að boða Krist meðal kommúnista og þess fólks, sem þeir undiroka.

Er áskorun mín ímyndun ein og óframkvæmanleg? Hún er raunsæ.

Er neðanjarðar kirkjan til í Rússlandi og öðrum löndum nú? Er unnt að vinna neðanjarðarstarf þar nú?

Þessum spurningum getum vér svarað með mjög góðum fregnum.

Kommúnistar eru að halda upp á hálftrar aldar afmæli kommúnistastjórnar. En sigur þeirra er ósigur. Kristindómurinn hefur sigrað, kommúnisminn ekki. Samtök vor rannsaka blöð kommúnista vandlega. Þau eru full af fróðleik um neðanjarðar kirkjuna. Nú fyrst er neðanjarðar kirkjan orðin það sterk, að hún er farin að starfa hálfopinberlega, kommúnistum til skelfingar. Vitneskja, sem vér höfum úr annarri átt, staðfestir fregnir kommúnistablaðanna.

Munið, að neðanjarðarkirkjan er eins og hafísjaki. Hann er mestmegnis neðansjávar, en lítill hluti er oft sýnilegur.

Á eftirfarandi síðum ætla ég að setja nokkuð af merkustu fregnunum.

### *Tindur jakans.*

7. nóvember 1966 hélt neðanjarðar kirkjan fund mikinn í Suhumi (í Kákasus) undir beru lofti. Margt trúað



fólk kom úr öðrum borgum á fundinn. 47 ungra manna tók við Kristi eftir altariskall og voru skírðir á staðnum í Svartahafinu, alveg eins og á tímum Bibliunnar.

Fræðslutími fór ekki á undan. Eftir 50 ára einræði kommúnista eru prestar neðanjarðar kirkjunnar ekki lærðir guðfræðingar, því að þeir hafa engar Biblíur eða aðrar bækur og enga prestaskóla. En það var Filippus djákni ekki heldur. Og þegar maður, sem hann hafði ef til vill ekki talað við nema klukkutíma, spurði hann: „Sjá, hér er vatn. Hvað hamlar mér að skírast?“, svaraði hann: „Ef þú trúir af öllu hjarta, er það heimilt.“ Svo gengu þeir rakleitt niður að vatninu, og maðurinn var skírður. Post. 8,36–38.

Vatn er nóg í Svartahafinu, og neðanjarðar kirkjan hefur tekið upp starfshætti frumkristninnar.

Uchitelskaia Gazeta (tímarit kennara) 23. ágúst 1966 flytur þá fregn, að baptistar við Don, sem neita að skrá söfnuð sinn að lögum og hlýðnast svonefndum leiðtogum sínum, útnefndum af kommúnistum, hafi haldið mótmælafund á götunum.

Það var fyrsta maí. Eins og Jesús gerði kraftaverk sín á hvíldardögum til að ögra andstæðingum sínum, Faríseunum, kýs og neðanjarðar kirkjan hátíðisdaga kommúnista til að ögra lögum kommúnista.

Kommúnistar hafa alltaf kröfugöngur sínar 1. maí. Verða þá allir að koma. En þetta sinn birtist einnig neðanjarðar kirkjan, annað stóra aflið í Rússlandi, á götunni þann dag.

Fimmtán hundruð trúaðra manna komu. Þeir komu aðeins vegna kærleika Guðs. Þeir vissu, að þeir stofnuðu frelsi sínu í hættu. Þeir vissu, að þeirra biðu hungur og pyntingar í fangelsum.

Allir trúaðir í Rússlandi þekkja „leyniávarpið“, sem evangelískir kristnir menn í Barnaul létu prenta. Þar er skýrt frá því, hvernig systir Hmara í þorpinu Kul-

unda fékk fregnina um, að maðurinn hennar hefði dáið í fangelsi. Hún var orðin ekkja með 4 lítil börn. Þegar komið var með líkið af manni hennar, gat hún séð förin eftir handjárnin á höndum hans. Hendur hans, fingur og iljar voru skaðbrennd. Merki eftir hnifstungur voru neðan á kviðnum. Vinstri fóturinn var bólginn. Á báðum fótum voru merki eftir högg. Allur líkaminn var þakinn sárum eftir hræðilega barsmið.

Hver sá trúaður maður, sem kom á mótmælafundinn í Rostov við Don, vissi, að þetta gat beðið hans einnig. Samt komu þeir.

En þeir vissu einnig, að þessi píslarvottur, sem hafði látið lífið Guðs vegna, aðeins 3 mánuðum eftir að hann tók trúna, var grafinn í viðurvist fjölda trúaðra manna, sem höfðu spjöld með þessari áletrun:

„Lífið er mér Kristur og dauðinn ávinningur.“

„Hræðizt ekki þá, sem líkamann deyða, en geta ekki líflátið sálina.“

„Sá ég undir altarinu sálir þeirra manna, sem drepnir höfðu verið fyrir sakir Guðs orðs.“

Dæmi þessa píslarvotts veitti þeim í Rostov hugrekki.

Þeir mynduðu þröng um lítið hús. Fólk var alls staðar, sumir á næstu þökum, aðrir uppi í trjám eins og Zakkeus forðum. 80 snerust til trúar, aðallega ungt fólk. 23 þeirra voru áður í Komsomol (meðlimir í Æskulýðsfylkingu kommúnista).

Hinir trúðu fóru um alla borgina að ánni Don, þar sem skírnin fór fram.

Bílar hlaðnir kommúnistalögreglu komu á vettvang og umkringdu hina trúðu á árbakkanum. Var ætlunin að handtaka þá, sem fyrir þessu stóðu (þeir gátu ekki handtekið alla 1500). Hinir trúðu féllu á kné þegar í stað og báðu heitt til Guðs, að hann verndaði lýð sinn og leyfði þeim að halda guðspjónustu sína þann dag. Síðan umkringdu bræður og systur, öxl við öxl, þá,

sem stýrðu guðsþjónustunni, í þeirri von, að þeir gætu hindrað lögregluna í að handtaka þá. Voru þá viðsjár miklar.

Uchitelskaia Gazeta segir frá því, að hin ólöglegu samtök baptista í Rostov hafi neðanjarðar prentsmiðju. (Orðið baptisti nær til evangeliskra og Hvítasunnmannanna í Rússlandi.) Prentuð eru rit til að hvetja unglunga til að standa við trú sína. Í einu þessara neðanjarðar rita eru foreldrar hvattir til „að hafa börn sín með við jarðarfarir, svo að þau læri að óttast ekki hið ókomna“. Tel ég það einnig heppilegt. Foreldrar eru einnig beðnir að veita börnum sínum kristilegt uppeldi sem móteitur við því guðleysi, sem þeim er byrjað í skólum kommúnista.

Uchitelskaia Gazeta lýkur greininni með þessari spurningu: „Hvers vegna eru kennarar svo feimnir við að hafa afskipti af heimilum, þar sem börn eru gerð að hálfvitum (með trúnni)?“

Þetta kennaratímarit lýsir því einnig, sem gerðist við réttarhald yfir starfsmönnum neðanjarðar kirkjunnar, sem höfðu skirt á laun.

„Hinir ungu trúmenn, sem til voru kvaddir sem vottar, sýndu kommúnistaréttinum ögrun og fyrirlitningu. Sýndu þeir af sér reiði og ofstæki. Ungar konur, sem á horfðu, gláptu með aðdáun á verjendur, en með vanþóknun á guðlausan almenning.“

Meðlimir neðanjarðar kirkjunnar hafa stofnað sér í hættu á barsmið og fangelsun til að fara fram á meira frelsi við aðalstöðvar Kommúnistaflokksins í Rússlandi.

Vér höfum leyniskjal frá hinni ólöglegu nefnd Evangeliskra baptistakirkna, sem er andstæðan við Baptistasambandið, sem lýtur stjórn kommúnista og er undir handleiðslu svikarans Karevs, sem vegsamar kommúnista, sem frömdu fjöldamorð á kristnum mönnum, og miklar það frelsi, sem þar ríki, í „Sovétlíf nú á dögum“

(nr. 6, 1963). Hefur skjalinu verið smyglað til Vesturlanda um leynda vegu.

Þar er oss sagt frá annarri hetjulegri mótmælaaðgerð, að þessu sinni í Moskvu sjálfri. Ég þýði úr ávarpinu:

*„Ariðandi boðskapur.*

Elskuðu bræður og systur. Blessun og friður sé með yður, frá Guði föður vorum og Drottni vorum Jesú Kristi.

Vér hröðum oss að segja yður, að fulltrúar kirknanna í „Evangelískir baptistar“, 500 að tölu, sem fóru til Moskvu 16. maí 1966 til viðræðna við fremstu valdamenn, fóru til húss miðstjórnar Kommúnistaflokksins í USSR með beiðni um áheyrn.

Vér afhentum bænaskjal, stílað til aðalritarans, Brezhnevs.“

Í ávarpinu segir ennfremur, að þessir 500 menn hafi staðið allan daginn fyrir framan bygginguna. Það var fyrsta mótmælaganga í Moskvu gegn kommúnisma og var gjörð af fulltrúum frá neðanjarðar kirkjunni. Við lok dagsins afhentu þeir annað bænaskjal, stílað til Brezhnevs. Þar var kvartað yfir því, að félagi Stroganov nokkur neitaði að koma beiðninni til skila til Brezhnevs og hefði í frammi hótanir.

Fulltrúarnir 500 höfðust við á götunum alla nóttina.. Vagnar óku hjá og slettu á þá óþverra og for. Þeim voru einnig sýndar móðganir. Þótt rigndi og þeir fengju þessar móttökur, héldu þeir kyrru fyrir til morguns fyrir framan byggingu Kommúnistaflokksins.

Næsta dag var stungið upp á því, að hinir 500 trúbræður gengju inn í bygginguna og hittu einhverja minniháttar embættismenn, en sendinefndin hafnaði því einróma, því að vitað var, að trúaðir, sem höfðu gengið á vit yfirvalda, voru oft barðir, er þeir gengu

inn í byggingu, þar sem engir vottar voru. Haldið var áfram að bíða móttöku hjá Brezhnev.

Þá kom það, sem óhjákvæmilegt var.

Kl. 1,45 e. h. komu 28 almenningsvagnar og hefndin gagnvart hinum trúuðu hófst. „Vér mynduðum hring, héldumst í hendur og sungum sálminn: „Beztu dagana berum vér krossinn.“ Menn úr leynilögreglunni tóku að berja oss, unga og gamla. Þeir tóku menn út úr röðinni og börðu þá í andlitið, höfuðið, og fleygðu þeim á malbikið. Suma hinna trúuðu drógu þeir til bílanna á hárinu. Þegar sumir leituðu undankomu, voru þeir barðir, þangað til þeir misstu meðvitund. Bílarnir voru fylltir og mennirnir fluttir á ókunnan stað. Söngvar bræðra vorra og systra heyrðust úr bílum lögreglunnar. Allt þetta fór fram í viðurvist mannfjölda.“

Svo kemur nokkuð fegra. Þegar hinir 500 höfðu verið handteknir og vafalaust pyntaðir, höfðu bróðir G. Bins og annar bróðir úr forystunni, Horev (hinir raunverulegu hirðar hinnar kristnu hjarðar), þó hugrekki til að fara til sömu miðstjórnar Kommúnistaflokksins — alveg eins og Jesús til að prédika, eftir að Jóhannes skírari var framseldur, á sama stað og með sömu orðum og Jóhannes skírari varð að líða fyrir: „Gjörið iðrun, því himnaríki er í nánd.“

Bins og Horev spurðu, hvar sendinefndin, sem handtekin var, væri niður komin, og kröfðust þess, að hún yrði látin laus. Þessir tveir hugrökku bræður hurfu blátt áfram. Síðar komu þær fregnir, að þeir hefðu verið settir í Lefortovskaia-fangelsið.

Voru þessir kristnu menn í neðanjarðar kirkjunni hræddir? Nei. Aðrir komu þegar í stað og hættu frelsi sínu, birtu þetta ávarp, sögðu frá því, sem gerzt hafði, og sögðu, að þeim „hefði hlotnast sú náð, ekki aðeins að trú á Krist, heldur og að þola þjáningar hans vegna“, Fil. 1,29. Þeir uppörva bræðurna, „að enginn

láti bifast af þjáningum þessum, því að þér vitið, að til þess erum vér útvaldir“, I. Þess. 3,3. Þeir vitna einnig í Hebr. 12,2 og biðja hina trúuðu að líta „til Jesú, höfundar og fullkonnara trúarinnar, sem í stað gleði þeirrar, sem hann átti kost á, leið þolinmóðlega á krossi, mat smán einskis.“

Neðanjarðar kirkjan hefur opinberlega mótmælt guðleysinu, sem eittrar æskuna í Rostov og í Moskvu — og um allt Rússland. Þeir berjast gegn kommúnistaeitrinu og gegn hinum sviksamlegu leiðtogum hinnar opinberu kirkju, sem þeir rita um í einu af leynilegum ávörpum sínum: „Á vorum dögum ræður Satan kirkjunni og „kirkjan“ tekur við öllum úrskurðum, sem fara í bág við boð Guðs.“ (Tilfært í Pravda Ukraini 4. okt. 1966).

Pravda Vostoka birti réttarrannsóknina yfir bræðrunum Alexei Neverov, Boris Garmashov og Axan Zubov, sem stofnuðu hópa til að hlusta á útvarpsprédikun frá Ameríku. Þeir tóku þessar sendingar á band og dreifðu síðar.

Þeir voru einnig sakaðir um að hafa staðið fyrir prédikunarsamkomum á laun undir yfirskini ferðalaga og listvínahópa. Þannig starfar neðanjarðar kirkjan, alveg eins og kirkjan vann forðum í Katakombunum í Róm.

Sovietskaia Moldavia 15. september 1966 kvartar einnig yfir því, að neðanjarðar kirkjan fjölríti bæklinga. Þeir safnist saman á almannafæri, þótt bannað sé með lögum, og fari stað úr stað til að vitna um Krist.

Sama blað segir, að 3 ungir piltar og 4 stúlkur hafi sungið kristilegan söng í lestinni frá Reni til Chisinau: „Helgum Kristi æskuárin.“ Höfundur kvaðst hafa komizt í uppnám, af því að þetta trúaða fólk sé að prédika „á strætum, í stöðvum, lestum, almenningsvögnum og jafnvel stofnunum ríkisins“. Aftur er það neðanjarðar kirkjan að starfi í Rússlandi nú á dögum.

Þegar dómurinn var kveðinn upp yfir þessum kristnu

unglingum fyrir þann glæp að syngja kristilega sálma opinberlega, féllu hinir dæmdu á kné og sögðu: „Vér felum sálir vorar Guði á vald. Vér þökkum þér, Drottinn, að þú hefur leyft oss að líða fyrir þessa trú.“ Svo sungu áheyrendur undir forsöng hins „ofstækisfulla“ Madans í réttarsalnum sálminn, sem bræður þeirra höfðu þá verið dæmdir fyrir í fangelsi og til pyntingar.

1. maí efndu kristnir menn í þorpunum Copceag og Zaharovka til guðspjónustu í skóginum á laun, af því að þeir höfðu engar kirkjur.

Þeir efna einnig til samkomuhalds undir því yfirskini, að um afmælisboð sé að ræða. (Mörg kristin heimili með 4–5 heimilismenn halda 35 afmæli á ári til að breiða yfir samkomu.)

Ekkert fangelsi og engar pyntingar geta hrætt kristna menn í neðanjarðar kirkjunni. Það er alveg eins og í fornkirkjunni, að ofsóknirnar verða aðeins til að dýpka trú þeirra.

Pravda Ukraini 4. október 1966 sagði um bróður Prokofiev, einn af leiðtogum neðanjarðar kirkjunnar í Rússlandi, að hann sé þegar búinn að vera í fangelsi þrívægis, en jafnskjótt og hann er látinn laus, fer hann að koma á fót sunnudagaskólum á laun aftur. Nú erúið að handtaka hann á ný.

Hann reit leynilegt ávarp: „Hin opinbera kirkja hefur svipt sig blessun Guðs með því að lúta reglugerðum manna.“ (Hann á við lög kommúnista.)

Hafið aldrei í huga fangelsi á Vesturlöndum, þegar þér heyrið um dæmdan bróður í Rússlandi. Fangelsi þar er sama sem sultur, pyntingar og heilapvottur.

Nauka i Religia (Vísindi og trúarbrögð) nr. 9 1966 segir, að kristnir menn dreifi guðspjöllum undir kápu á Ogoniok (tímarit). Þeir afhendi bækur með mynd af Önnu Kareninu, skáldsögu eftir Leo Tolstoy; innan undir er hluti af Biblíunni.

Peir syngja söngva. Lagið er alþjóðasöngur kommúnista, en orðin lofa Krist. (Kazakstankaia Pravda, 30. júní 1966).

Í leynilegu bréfi, sem út er gefið í Kulanda (í Síberíu), segja kristnir menn, að hin opinbera stjórn „baptista“ „hafi eyðilaggt kirkjuna og hina sönnu þjóna hennar í heiminum á sama hátt og æðstu prestarnir og Farísearnir framseldu Jesúm Krist Pílatusi“. En hin trúaða neðanjarðarkirkja starfi áfram.

Brúður Krists heldur áfram að þjóna honum. Kommúnistar viðurkenna sjálfir, að ég hafi á réttu að standa, þegar ég fullyrði, að neðanjarðar kirkjan ávinni Kristi kommúnista. Þeir geta unnizt.

Bakinskii Rabocii (Verkamaðurinn í Baku) 27. apríl 1966 birti bréf frá Taniu Ciugunovu (meðlimi í æskulýðsfylkingu kommúnista), sem tók kristna trú. Yfirvöld kommúnista lögðu hald á bréfið: „Kæra Nadia frænka, ég sendi þér blessanir frá Drottni vorum hinum elskaða. Nadia frænka, ó, hve hann elskar mig. Vér erum ekkert frammi fyrir honum. Nadia frænka, ég held þú skiljir þessi orð: „Elskið óvini yðar, blessið þá, sem bölvu yður, gerið þeim gott, er hata yður, og biðjið fyrir þeim, sem atyrða yður.“

Eftir að þetta bréf náðist, varð Peter Serebrennikov, bróðirinn, sem leiddi hana og marga aðra unga kommúnista til Krists, að fara í fangelsi. Kommúnistablaðið tekur upp úr einni af ræðum hans: „Vér verðum að trúa frelsara vorum eins og frumkristnir menn gerðu. Oss er Biblían æðsta lögmál. Vér viðurkennum ekkert annað. Vér verðum að hraða oss að frelsa menn frá synd, einkum æskuna.“ Þegar honum var sagt, að sovétlögin banni að segja æskunni frá Kristi, svaraði hann: „Biblían er oss hin einu lög,“ mjög heilbrigt svar, á þeim stað, þar sem grimmt guðleysiseinræði ræður í landi.



Kommúnistablaðið lýsir „villimannlegri“ mynd: „Ungir piltar og stúlkur syngja sálma. Þau taka skírn og halda hinni illu, svíksamlegu kenningu um elsku til óvinarins.“

Babinskii Rabocii segir, að margir ungir piltar og stúlkur, sem eru meðlimir í Bandalagi kommúnistaæskunnar, séu í raun réttir kristin. Greininni lýkur með þessum orðum: „Máttlausir hljóta skólar kommúnista að vera, leiðinlegir og sneyddir ljósi, úr því að prestar geta hrifsað burtu lærisveina fyrir nefinu á hlutlausum uppalendum þeirra.“

Kazakstanskaia Pravda 30. júní 1966 er þrumulostið yfir því að hafa komið að því, að beztu nemandinn með beztu einkunnirnar var kristinn drengur.

Kirgizskaia Pravda 17. janúar 1966 tekur þetta upp úr mæðrablaði neðanjarðar kirkjunnar: „Sameinumst í viðleitni og bæn um að helga Guði líf barna vorra frá vöggunni ... Björgum börnum vorum frá áhrifum heimsins.“

Viðleitnin hefur borið árangur. Kommúnistablöðin votta það. Kristindómurinn eflist meðal æskumanna.

Blað frá Celiabinsk í Rússlandi lýsir því, hvernig ung stúlka, Nína að nafni, varð kristin; hún var í Bandalagi kommúnistaæskunnar. Það gerðist með þeim hætti, að hún kom inn á kristilega samkomu.

Sovietskaia Justitia nr. 9 1966 lýsir svona neðanjarðar samkomu: „Hún er haldin um miðnætti. Menn komu úr ýmsum áttum, varir um sig, jafnvel fyrir skugganum sínum. Bræðurnir fylltu hið dimma herbergi; mjög lágt er undir loft. Svo margir voru þeir, að hvergi var hægt að krjúpa. Ljósið á hinum lélega gaslampa slokknaði, af því að loftlaust var. Svitinn bogaði af andlitum þeirra, sem viðstaddir voru. Úti á götunni var einn þjónanna á verði gagnvart lögreglunni.“ En Nína sagði, að sér hefði verið tekið með faðmlögum, hlýju og um-

hyggju á slíkum fundi. „Þeir áttu mikla og lýsandi trú, eins og ég á nú, trú á Guð. Hann tekur oss undir vernd sína. Komsomolir, sem þekkja mig, mega fara fram hjá mér án þess að heilsa mér. Þeir mega líta á mig með fyrirlitningu og kalla mig baptista, eins og þeir væru að löðruna mig. Þeir mega það. Ég þarfnast þeirra ekki.“

Þannig hafa margir ungir kommúnistar eins og hún tekið þá ákvörðun að þjóna Kristi allt til enda.

Svörin, sem kristnir menn í neðanjarðar kirkjunni gefa, þegar þeir eru leiddir fyrir rétt hjá kommúnistum, eru innblásin af Guði. Einn dómari spurði: „Hvers vegna leiddir þú fólk til hins bannaða sértrúarflokks þíns?“ Kristin stúlka sagði: „Markmið vort er að leiða allan heiminn til Krists.“

„Trúarbrögð yðar eru andvíg vísindunum“, sagði dómariinn við annað réttarhald. Stúlkann var stúdent, og hún svaraði: „Eruð þér kunnugri vísindunum en Einstein og Newton? Þeir trúðu. Alheimur vor er kenndur við Einstein. Ég hef lært í æðri skóla, að hann sé nefndur alheimur Einsteins. Einstein skrifar: „Ef vér hreinsum Gyðingdóm spámanna og kristindóminn eins og Jesús kenndi hann frá síðari viðbótum, einkum prestavízku, eru eftir trúarbrögð, sem geta bjargað heiminum frá öllu þjóðfélagsböli. Það er heilög skylda hvers manns að gera það mesta, sem honum er unnt, til að leiða þessi trúarbrögð til sigurs.“ Og munið eftir hinum mikla sálfræðingi vorum Pavlov. Segja ekki vorar eigin bækur, að hann hafi verið kristinn? Jafnvel Marx sagði í formálanum að Das Kapital, að kristindómurinn, einkum í þeirri mynd, sem hann hefur hjá mótmælendum, sé kjörin trúarbrögð til að endurskapa skapgerð manna, sem syndin hefur eyðilaggt. Ég hafði skapgerð, eyðilagða af synd. Marx hefur kennt mér að verða kristin til þess að umskapa hana. Hvernig getið þér marxistar dæmt mig fyrir þetta?“

Auðskilið er, hvers vegna dómariinn varð orðlaus.

Sömu ásökun, um að hafa trúarbrögð andvíg vísindunum, svaraði kristinn maður fyrir rétti: „Ég er viss um, herra dómari, að þér eruð ekki jafnmikill vísindamaður og Simpson, sem fann klóróformið og mörg önnur lyf. Þegar hann var spurður, hvað hann teldi mestu uppgötvun sína, svaraði hann: „Það er ekki klóróformið. Mesta uppgötvun mín var sú að vita að ég er syndari, og að ég gæti orðið hólpinn fyrir náð Guðs.“

Lífið, sjálfsfórinn, blóðið, sem þeir eru reiðubúnir að úthella fyrir trú sína, er mesta röksemdin fyrir kristindóminum, sem neðanjarðar kirkjan getur borið fram. Hún er það, sem Albert Schweitzer, hinn frægi kristni-boði í Afríku, kallaði „hið heilaga samfélag þeirra, sem bera mark kvalanna,“ samfélagið, sem Jesús taldist til, harmkvælamaðurinn. Neðanjarðar kirkjan er tengd frelsaranum með bandi elskunnar. Sama band tengir limi kirkjunnar hvern við annan. Enginn í heiminum getur lagt þá að velli.

Í bréfi, sem laumað var út, sagði neðanjarðar kirkjan: „Vér biðjum ekki um að verða betur kristnir, heldur að vér verðum sú eina gerð kristinna manna, sem Guð ætlar oss að vera: kristnir menn, líkir Kristi, þ. e. kristnir menn, sem bera krossinn fúslega Guði til dýrðar.“

Þegar kristnir menn eru spurðir, eða eru fyrir rétti, neita þeir að segja til leiðtoga sinna, vitrir sem höggormar samkvæmt kenningu Jesú.

Pravda Vostoka (Sannleikur austursins) 15. janúar 1966 segir frá því, „hvernig María Sevciuk svaraði því, hver hefði leitt hana til Krists: „Guð laðaði mig til safnaðar síns.“ Annar var spurður: „Hver er leiðtogi þinn?“ Svarið var: „Vér höfum engan mannlegan leiðtoga.“

Kristin börn voru spurð: „Hver hefur kennt ykkur að yfirgefa brautryðjendurna og taka ofan rauða bindið?“

Þau svöruðu: „Við gerðum það af frjálsum vilja. Enginn kenndi okkur það.“

Þótt sums staðar sjái tindinn á ísjakanum, iðka kristnir menn annars staðar sjálfskírn, svo að leiðtogar þeirra verði ekki handteknir. Sums staðar fer skírnin fram í fljóti, og hafa báðir grímu, skírandi og skírnþegi, svo að enginn geti tekið ljósmynd af þeim.

Uchitelskaia Gazeta 3. janúar 1964 segir frá guðleysiserindi í þorpinu Veronin í héraðinu Volnecino-Korskii. Jafnskjótt og fyrirlesarinn hafði lokið máli sínu, tóku trúaðir menn að ráðast opinberlega á guðleysiskenninguna með spurningum, sem fyrirlesarinn gat ekki svarað. Þeir spurðu: „Hvar fáið þér kommúnistar siðareglur þær, sem þér boðið, en hlýðið ekki, t. d.. stelið ekki og drepið ekki.“ Hinir kristnu sýndu fyrirlesaranum fram á, að allar slíkar reglur væru úr Biblíunni, sem kommúnistar berjast gegn. Fyrirlesarinn komst í alger vandræði, og fundinum lauk með sigri trúaðra.

### *OFSÓKNIR GEGN NEÐANJARÐARKIRKJUNNI MAGNAST.*

Kristnir menn í neðanjarðar kirkjunni liða nú meira en nokkru sinni fyrr. Öll trúarbrögð eru ofsótt í Rússlandi. Kristnum mönnum er það mikið hryggðarefni að vita um þrengingu Gyðinga í kommúnistalöndum. En aðalskotsþónn ofsóknarinnar er neðanjarðar kirkjan. Sovétblöðin segja frá öldu fjöldahandtaka og réttarhalda. Á einum stað voru 82 kristnir menn settir á geðveikrahæli. 24 dóu eftir fáeina daga vegna „langvarandi bænahalds“. Hvenær fór löng bæn að verða banvæn? Getið þér ímyndað yður, hvað þeir urðu að þola?

Versta þrautin, sem á þá var lögð, er sú, komist það upp, að þeir fræði börn sín um Krist, að börnin eru

tekin frá þeim ævilangt, og enginn réttur er til að vitja þeirra.

Sovétríkin undirrituðu yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna gegn mismunun á sviði menntunar, sem segir: „Foreldrar verða að hafa rétt til að tryggja trúarlegt og siðferðilegt uppeldi barnanna samkvæmt sinni eigin sannfæringu.“ Svikarinn Krev, leiðtogi hins opinbera Baptistasambands í Sovétríkjunum, fullyrðir, að þessi réttur sé raunveruleiki í Rússlandi, — í greininni, sem áður er til vitnað, — og trúgjarnir menn trúa honum. Hlýðið nú á, hvað sovétblöðin segja:

Sowjetskaia Russia 4. júní 1963 greinir frá því, að baptistinn Makrinskowa átti 6 börn, sem öll voru tekin frá henni, af því að hún veitti þeim kristna trú og bannaði þeim að bera bindi brautryðjendanna.

Þegar hún heyrði dóminn, sagði hún: „Ég líð fyrir trúna.“ Hún verður að greiða fyrir fæði barnanna, sem tekin voru frá henni. Nú er verið að gefa þeim eitur guðleysisins. Kristnar mæður, minnizt þrauta hennar.

Ucitelskaia Gazeta segir oss, að hið sama hafi komið fyrir Ignatii Mullin og konu hans. Dómarinn heimtaði, að þau hyrfu frá trúnni. Hann sagði: „Veljið milli Guðs og dóttur ykkar. Kjósið þið Guð?“ Faðirinn svaraði: „Ég læt ekki af trú minni.“

Páll segir: „Allt samverkar þeim til góðs, sem Guð elska.“ Ég hef séð börn, sem fengu kristið uppeldi, tekin frá foreldrum sínum og sett í kommúnistaskóla. Í stað þess að þau tækju í sig eitur guðleysis, útbreiddist trúin, sem þau höfðu lært heima, til hinna barnanna.

Biblían segir, að þeir, sem elska börnin sín meir en Jesúm, séu hans ekki verðir. Þessi orð eru tekin í alvöru bak við járntjaldið.

Reynið að vera án barnanna yðar í viku. Þá munuð þér þekkja þjáningar bræðra yðar í Rússlandi.

Það væri óheiðarlegt að tala eingöngu um neðanjarðar kirkju mótmælenda. Hinir ortódoxu kristnu menn í Rússlandi eru gjörbreyttir. Milljónir þeirra hafa verið í fangelsi. Þar hafa þeir ekki haft nein talnabönd, enga róðukrossa, engar helgar myndir, ekkert reykelsi og engin kerti. Leikmenn voru í fangelsi án vígðra presta. Prestarnir höfðu engin messuklæði, ekkert hveitibrauð, ekkert messuvín, engar helgar oliur, engar bækur með tilbúnum bænum til að lesa. Og þeir komust að því, að þeir gátu komizt af án allra þessara hluta með því að fara beint til Guðs í bæn. Þeir tóku að biðja, og Guð tók að úthella anda sínum yfir þá. Ekta, andleg vakning er að verða meðal ortódoxra í Rússlandi, mjög líkt þeirri kristni, sem heldur sig við grundvallaratriði kristindómsins (Fundamental Christianity).

Því er það, að bæði í Rússlandi og lepprikjunum er til ortódox neðanjarðar kirkja, sem er í raun rétttri evangelisk grundvallarkirkja og mjög nærri Guði, og heldur aðeins mjög litlu af hinum ortódoxu helgisiðum af vana. Þessi rétttrúaða (ortódoxa) neðanjarðar kirkja hefur einnig lagt fram mikla píslarvotta. Hver gæti sagt, hvar hinn mikli erkibiskup Yermogen frá Kaluga er nú niður kominn? Hann dirfðist að mótmæla hinu sviksamlega samstarfi milli patriarkstólsins og hinnar guðlausu kommúnistastjórnar.

Fimmtíu ára stjórn kommúnista! Og rússnesku blöðin eru full af fréttum um sigur neðanjarðar kirkjunnar. Hún gengur gegnum ósegjanlega erfiðleika, en hefur verið trú . . . og vex.

Vér í Rúmeníu höfum sáð sæðinu með leynilegu starfi í rússneska hernum. Það hafa aðrir í Rússlandi sjálfu gert og í öðrum löndum, sem Rússar hafa ruðzt inn í. Sæðið hefur borið ávöxt.

Það er unnt að ávinna kommúnistaheiminn Kristi til handa. Kommúnistar geta orðið kristnir. Það geta þeir

einnig, sem þeir kúga, ef vér viljum aðeins hjálpa þeim.

Sönnun þess, að ég hafi rétt að mæla, er sú, að neð-anjarðar kirkjan blómgast í Sovétsambandinu, í Kína og nær öllum löndum kommúnista.

Ég ætla að koma með nokkur bréf frá Rússlandi, þau seinustu úr rússneskum fangelsum, til þess að sýna fegurð sannkristinna systkina vorra við óttalegar aðstæður.

*Varía, kommúnistastúlka, finnur Krist og verður vinnuþræll.*

Fyrstu þrjú bréfin eru frá Maríu, kristinni stúlku, sem leiddi Variú til Krists.

„... Ég á heima hér enn. Ég nýt mikillar elsku. Stúlka í Komsomolsellunni elskar mig einnig. (Komsomol er æskulýðsbandalag kommúnista). Hún sagði við mig: „Ég skil ekki, hvaða vera þú ert. Margir móðga þig hér og særa, og samt elskarðu alla.“ Ég svaraði henni, að Guð hafi kennt oss að elska alla, ekki aðeins vini, heldur og óvini. Þessi stúlka gerði mér áður mikið mein, en ég bað fyrir henni af sérstöku tilefni. Þegar hún spurði mig, hvort ég gæti elskað hana einnig, faðmaði ég hana, og við fórum báðar að gráta. Nú erum við farnar að biðja saman.

Biðjið fyrir henni. Hún heitir Varía.

Þegar hlustað er á þá, sem afneita Guði, virðist svo sem þeir geri það í alvöru. En lífið sýnir, að margir þeirra bera mikla þrá í hjarta, þótt þeir bölvu Guði með vörunum. Það má heyra andvörp hjartans . . . Þetta fólk er að leita einhvers og vill hylja innri tómleika með óguðleika.

Systir yðar í Kristi, María.

*Annað bréf.*

„Í fyrra bréfi mínu skrifaði ég yður um guðleysingjastúlkuna, Variú. Nú ætla ég að segja yður fljótt, mín elskuleg, frá hinni miklu gleði vorri: Varía hefur

veitt Kristi móttöku sem persónulegum frelsara sínum og vitnar opinskátt um þetta fyrir öllum.

Þegar hún trúði Kristi og kynntist gleði hjálpræðisins, varð hún jafnframt mjög vansæl. Það var af því, að hún hafði áður útbreitt það, að enginn Guð sé til. Nú hefur hún ákveðið að bæta fyrir sök sína.

Við fórum með Varíu á samkomu guðleysingja. Ég sagði henni að fara varlega, en það dugði ekki. Varía fór og ég með henni til að sjá, hvað gerðist. Eftir að kommúnistasöngurinn hafði verið sunginn (hún tók ekki þátt í söngnum), bað hún um orðið. Þegar röðin kom að henni, gekk hún fram fyrir fundarmenn. Hún vitnaði djarflega og með mikilli tilfinningu fyrir þeim, sem saman komnir voru, um frelsara sinn, Krist, og bað fyrri félaga sína að fyrirgefa sér, að augu hennar hefðu verið lokað fram að þessu og hún hefði ekki séð, að hún væri á glötunarleið og væri að leiða aðra þangað. Hún grátbað alla að vikja af vegi syndarinnar og koma til Krists.

Allir hljóðnuðu, og enginn greip fram í fyrir henni. Þegar hún hafði lokið máli sínu, söng hún með ágætri rödd sinni allan kristna sálminn: „Ég blygðast mín ekki fyrir boðskapinn um Krist, sem dó, né fyrir að verja boð hans og mátt kross hans.“

Og svo . . . svo fóru þeir burt með Varíu.

Það er 9. maí í dag. Vér vitum ekkert um hana. En máttugur er Guð að frelsa hana. Biðjið.

Yðar María.

*Þriðja bréf.*

Í gær 2. ágúst átti ég tal við elsku Varíu í fangelsinu. Hjarta mitt blæðir, þegar ég hugsa um hana. Hún er í rauninni ekki annað en barn. Hún er aðeins 19 ára. Hún er einnig barn andlega í trúnni á Drottin. En hún elskar Drottin af öllu hjarta og fór þegar í stað hinn erfiða veg. Vesalings stúlkan er svo hungruð. Þegar



vér vissum, að hún væri í fangelsi, fórum vér að senda henni böggla. En hún fékk ekki nema lítið af því, sem vér sendum henni.

Þegar ég sá hana í gær, var hún mögur, föl og tekin. Einungis augun ljóma af friði Guðs og með himneskum fögnuði.

Já, elskurnar mínar, þeir, sem hafa ekki reynt hinn dásamlega frið Drottins, geta ekki skilið það . . . En sælir eru þeir, sem eiga þennan frið . . . Oss, sem erum í Kristi, ættu engar þjáningar og hindranir að stöðva.

Ég spurði gegnum járngrindurnar: „Varía. Iðrastu ekki þess, sem þú gerðir?“ „Nei,“ svaraði hún. „Og létu þeir mig lausa, færi ég aftur og segði þeim frá hinni miklu elsku Krists. Þú skalt ekki halda, að ég þjáist. Það gleður mig mjög, að Drottinn elskar mig svona mikið og gefur mér þá gleði að líða fyrir nafn hans.“

Ég bið yður að biðja sérstaklega fyrir henni af hjarta. Líklega verður hún send til Síberíu. Þeir hafa tekið frá henni fötin hennar og alla hluti. Hún stendur uppi allslaus með það, sem hún er í. Hún á enga ættingja og vér verðum að safna handa henni nauðsynlegustu hlutum. Ég hef lagt til hliðar síðustu peningana, sem þér senduð mér. Verði Varía flutt úr landi, afhendi ég henni þá. Ég trúí því, að Guð styrki hana og gefi henni kraft til að standast einnig í framtíðinni. Guð varðveiti hana.

Yðar María.

### *Fjórða bréf.*

Kæra María. Loksins get ég skrifað þér. Vér komumst heilu og höldnu til . . . Fangabúðir vorar eru tíu mílur frá bænum. Ég get ekki lýst lífi voru. Þú þekkir það. Ég vil ekki skrifa nema lítið um mig. Ég þakka Guði, að hann gefur mér heilsu og að ég get unnið líkamlega vinnu. Við systir X vorum settar til vinnu í verkstæðinu. Við vinnum þar við vélar. Verkið er erfitt, og systir X er slæm til heilsu. Ég verð að vinna fyrir okkur báð-

ar. Ég lýk fyrst mínu verki og hjálpa svo systur minni. Við vinnum 12 til 13 stundir á dag. Fæða okkar er allveg eins og þín, mjög naum. En það er ekki þetta, sem mig langaði að skrifa þér.

Hjarta mitt vegsamar Guð og þakkar honum, að hann sýndi mér veginn til hjálpræðis fyrir þitt tilstilli. Nú hefur líf mitt tilgang, á þessum vegi, og ég veit, hvert fara skal og fyrir hvern ég líð. Mig langar til að segja öllum og vitna fyrir öllum um hina miklu gleði hjálpræðisins, sem ég hef í hjarta mínu. Hver getur gert oss viðskila við kærleika Guðs í Kristi? Enginn og ekkert. Hvorki fangelsi né þrautir. Þrautirnar, sem Guð sendir oss, styrkja oss aðeins æ meir í trúnni á hann. Hjarta mitt er svo fullt, að náð Guðs flóir yfir. Þeir bölvu mér og refsa við vinnu, af því að ég get ekki þagað, en verð að segja öllum, hvað Drottinn hefur gert fyrir mig. Hann hefur gert mig að nýrri mannveru, nýrri sköpun, mig, sem var á leið til glötunar. Get ég þagað eftir þetta? Nei, aldrei. Meðan varir mínar geta talað, skal ég vitna fyrir öllum um hina miklu elsku hans.

Á leið til búðanna mættum vér mörgum bræðrum og systurum í Kristi. Furðulegt er það, að finna má í andanum, að þau eru börn Guðs, þegar maður sér bræðurna og systurnar í fyrsta sinn. Það er óþarft að tala. Það finnst og er vitað við fyrsta tillit, hver þau eru.

Á járnbrauarstöð einni á leiðinni kom kona og gaf oss mat og sagði aðeins tvö orð: „Guð lifir.“

Fyrsta kvöldið, sem vér komum hingað (seint), var farið með oss í neðanjarðar skálana. Vér heilsuðum þeim, sem viðstaddir voru, með orðunum: „Friður sé með yður.“ Oss til mikillar gleði heyrðum vér úr öllum hornum svarið: „Vér tókum móti yður með friði.“ Vér fundum frá fyrsta kvöldinu, að vér vorum í fjölskyldu.

Já, það var svo í raun réttu. Vér erum mörg hér,

sem trúum á Krist sem persónulegan frelsara vorn. Meir en helmingur fanganna eru trúaðir. Vér höfum meðal vor mikla söngvara og góða prédikara fagnaðar-erindisins. Dásamlegt er að eiga að minnsta kosti svolitla bænastund við fætur frelsarans á kvöldin, þegar vér komum öll saman eftir erfitt verk. Með Kristi er frelsi alls staðar. Ég lærði hér marga fagra sálma og dag hvern gefur Guð mér meira og meira af orði sínu. Þegar ég varð 19 ára, hélt ég fæðingardag Kristis í fyrsta sinn. Aldrei gleymi ég þessum dásamlega degi. Vér urðum að vinna allan liðlangan daginn. Eigi að síður gátu nokkrir bræðra vorra gengið til árinna rétt hjá. Þar brutu þeir ísinn og undirbjuggu staðinn. Um nóttina var ég skírð ásamt 7 bræðrum — samkvæmt orði Guðs. Ó, hve ég er nú glöð. Mikið vildi ég, að þú værir líka hjá mér, María, svo að ég geti að minnsta kosti bætt fyrir það, sem ég gerði þér áður, — með elsku minni til þín. En Guð setur oss hvert eitt á sinn stað, og vér verðum að standa stöðug þar, sem Guð setur oss.

Heilsaðu allri fjölskyldu Guðs. Guð mun blessa sameiginlegt verk yðar ríkulega, eins og hann hefur einnig blessað mig. Lesið Hebr. 12,1—3. Allir bræðurnir biðja að heilsa yður og gleðjast af því, að trú yðar á Guð er svo sterk og að þér vegsamið hann án afláts í þrengingum yðar. Skrifir þú öðrum, þá berðu þeim kveðjur vorar.

Þín Varía.

### *Fimmta bréf.*

Kæra María. Loksins veitist mér færi á að rita þér fáeinar línur. Ég get sagt þér, elskan mín, að ég og systir X erum við góða heilsu fyrir náð Guðs og líður vel. Við erum í ... Þeir senda okkur til ..., og þar eigum við að vera.

Ég þakka þér fyrir móðurlega umhyggju fyrir mér. Við fengum allt, sem þú bjóst til fyrir okkur. Ég þakka

þér fyrir dýrmætasta hlutinn, fyrir Biblíuna. Þakkir til allra, og þegar þú skrifar þeim, þá berðu þeim kveðju mína og þakkir fyrir það, sem þau hafa gert fyrir mig.

Síðan Drottinn opinberaði mér hinn mikla leyndardóm heilagrar elsku sinnar, tel ég mig hamingjusamasta allra í heimi. Ofsóknirnar, sem ég verð að þola, tel ég sérstaka náð. Það gleður mig, að Drottinn gaf mér þá miklu hamingju að líða fyrir hann frá fyrstu dögum trúar minnar. Biðjið öll fyrir mér, að ég fái staðið stöðug í trúnni á Drottin til enda. Drottinn varðveiti yður öll og styrki yður til hinnar helgu baráttu. Ég og systir X kyssum yður öll. Þegar við verðum sendar til . . . , fáum við e. t. v. færi á að skrifa þér aftur. Hafðu ekki áhyggjur af okkur. Við erum glaðar og fögnum, því að laun okkar eru mikil á himni. Matt. 5,11n.

Þín Varía.

Þetta er síðasta bréfið frá Variú, ungu kommúnistastúlkunni, sem fann Krist, vitnaði um hann og var dæmd til þrælkunar. Það fréttist ekki frammar af henni, en hin fagra elska hennar og vitnisburður um Krist sýnir hina andlegu fegurð hinnar líðandi, trúföstu neðanjarðar kirkju í þriðjungu heimsins undir valdi kommúnismans.

*BOÐSKAPUR MINN TIL YÐAR  
FRÁ NEÐANJARÐARKIRKJUNNI.*

Ég hef verið nefndur „rödd neðanjarðar kirkjunnar“. Ég tel mig ekki þess verðan að vera rödd svo virðulegs hluta af líkama Krists.

Þó er svo, að ég stýrði árum saman hluta af neðanjarðar kirkjunni í kommúnistalöndum. Það var undur, að ég lifði af 14 ár við pyntingar, þar af 2 ár í dauðaklefa í fangelsi. Enn meira undur var það, að Guði þóknadist að sækja mig í fangelsið og flytja mig þaðan og koma mér til Vesturlanda til að tala til hinnar frjálsu kirkju.

Ég tala af hálfu trúbræðra minna, sem liggja í óteljandi nafnlausum gröfum. Ég tala fyrir hönd bræðra minna, sem koma saman í skógum, kjöllurum, þakherbergjum og á öðrum slíkum stöðum.

Neðanjarðar kirkjan í Rúmeníu afréð, að ég skyldi reyna að komast úr landi og fara með skilaboð til frjálsra kristinna manna í heiminum. Það er kraftaverk, að mér hefur tekizt að komast úr landi og vinna það verk, sem mér var falið af þeim, sem eftir eru, starfandi við áhættu, líðandi og deyjandi í kommúnistalöndum.

Boðskapurinn, sem ég kem með frá neðanjarðar kirkjunni er þessi:

„Yfirgefið oss ekki.“

„Gleymið oss ekki.“

„Afskráið oss ekki.“

„Gefið oss þau tæki, sem vér þörfnumst. Vér munum greiða kostnaðinn við að nota þau.“

Þetta er boðskapurinn, sem mér hefur verið á herðar lagt að koma til yðar. Ég tala fyrir þá kirkju, sem þagg- að hefur verið niður í, neðanjarðarkirkjuna, hina mál- lausu kirkju, sem hefur enga rödd að tala með.

Heyrið hróp bræðra yðar og systra í löndum komm- únista. Þau biðja ekki um undankomu, öryggi eða auð- velt líf. Þau biðja um tæki til að vinna gegn guðleysis- eitrun æskunnar, næstu kynslóðar. Þeir biðja um Bibl- íur til þess að útbreiða orð Guðs. Hvernig eiga þeir að útbreiða orð Guðs, ef þeir hafa það ekki?

Neðanjarðar kirkjan líkist skurðlækni, sem var að ferðast með lest. Rakst lestin á aðra lest, og fjöldi fólks lá á jörðinni limlest, sært og deyjandi. Skurðlæknirinn gekk meðal hinna deyjandi og hrópaði: „Ó, að ég hefði tækin mín! . . . Ó, að ég hefði tækin mín!“ Með þess- um tækjum hefði hann getað bjargað lífi margra. Hann hafði fúsleikann . . . en hann vantaði tækin. Svona er ástatt fyrir neðanjarðar kirkjunni. Fegin vildi hún gefa allt, sem hún á. Glöð gefur hún píslarvotta sína. Fús- lega hættir hún á að vera árum saman í fangelsum kommúnista. En ónýtur er allur fúsleiki hennar, vanti tækin til að vinna með. Beiðni hinnar trúföstu, hug- rökku neðanjarðar kirkju til yðar, sem eruð frjálsir, er þessi: „Gefið oss tækin, guðspjöllin, Biblíurnar, bæk- urnar, hjálpina, — og vér gerum það, sem eftir er.“

### *FRJÁLSIR KRISTNIR MENN GETA HJÁLPAÐ.*

Hver frjáls kristinn maður getur veitt hjálp undir eins með þessum hætti:

Guðleysingjar eru menn, sem viðurkenna ekki hinar

ósýnilegu uppsprettulindir lífs síns. Þeir hafa engan skilning á hinu leyndardómsfulla í alheiminum og í lífinu. Kristnir menn geta bezt hjálpað þeim með því að framganga sjálfir í trú, en ekki skoðun, lifa sjálfir í samfélagi Guðs, hins ósýnilega.

Þeir geta bezt hjálpað oss með því að lifa lífi kristinna manna í samræmi við trúna, fórnarlífi. Þeir geta hjálpað með því að mótmæla opinberlega, hvenær sem kristnir menn eru ofsóttir.

Kristnir menn á Vesturlöndum geta hjálpað oss með því að biðja fyrir kommúnistum, að þeir verði hólpnir. Það kann að virðast barnaleg bæn. Vér báðum fyrir kommúnistum, og daginn eftir pyntuðu þeir oss jafnvel meir en áður en vér báðum. En bæn Drottins fyrir Jerúsalem var einnig barnaleg. Þeir krossfestu hann eftir þessa bæn. En aðeins fáum dögum seinna börðu þeir sér á brjóst og um 3 þúsundir snerust á einum degi. Bænin var ekki heldur til einskis fyrir hina. Ég og margir aðrir kristnir menn báðum fyrir Hitler og hans mönnum. Og ég er viss um, að bæn okkar studdi að ósigri hans, jafnmikið og byssukúlur bandamanna.

Oss ber að elska náungann eins og sjálfa oss. Kommúnistar eru náungar vorir, ekki síður en hver annar.

Kommúnistar eru ávöxturinn af því að breyta ekki eftir orðum Krists: „Ég er kominn til þess að þeir hafi líf og hafi nægtir.“ Kristnir menn hafa ekki veitt öllum nægtir. Suma hafa þeir skilið eftir á jaðri þess alls, sem dýrmætt er í lífinu. Þeir menn hafa risið upp og myndað kommúnistaflokkinn. Oft eru þeir fórnarlömb þjóðfélagslegs ranglætis. Nú eru þeir beiskir og grimmir. Vér verðum að berjast gegn þeim. En þótt kristnir menn berjast við óvin, skilja þeir hann og elska.

Vér erum ekki án saka um það, að sumir menn eru kommúnistar. Vér erum sekir að minnsta kosti vegna vanrækslu á skyldunni. Það ber oss að bæta fyrir með

því að elska þá og biðja fyrir þeim. Eitt er að elska, annað að geðjast.

Ég er ekki það barnalegur að halda, að elskan ein geti leyst vandamál kommúnista. Ég mundi ekki ráða yfirvöldum ríkis að leysa vandamál glæpalýðs með elsku einni. Það verður að vera lögregluvald, dómara og fangelsi fyrir glæpalýð, ekki prestar einir. Geri glæpamenn ekki iðrun, verður að láta þá í fangelsi. Ég mundi aldrei nota kristilega orðið „elska“ til að vinna gegn rétttri stjórnmalabaráttu, fjárhagslegri eða menningarlegri baráttu gegn kommúnistum, því að ég sé, að þeir eru ekki annað en glæpamenn á alþjóðakvarða. Glæpamenn stela peningabuddu. Þeir stela heilum löndum. En prestur og kristinn einstaklingur eiga að gera sitt bezta til að leiða kommúnistann til Krists, hvaða glæpi sem hann fremur, eigi síður en saklaus fórnarlömb hans. Hann verður að biðja fyrir þeim með skilningi.

### *BRÝN ÞÖRF ER Á GUÐSPJÖLLUM OG BIBLÍUM.*

Í öðru lagi geta frjálsir kristnir menn hjálpað með því að senda Biblíur og rit úr Biblíunni. Ráð er til að senda þetta örugglega til kommúnistalanda. Hef ég þegar sent mikið, sem hefur komið örugglega til skila, síðan ég fór. Það skortir ekki leiðir til að senda, ef þér, frjálsir kristnir menn, viljið aðeins leggja það fram handa bræðrum yðar og systur í neðanjarðar hreyfingunni. Sjálfur fékk ég Biblíur, sem fluttar voru inn með sérstökum hætti, meðan ég var enn í Rúmeníu. Það er vandalaust að senda, aðeins að þær séu til.

Það er mjög brýn þörf á þeim. Þúsundir kristinna manna hafa ekki séð Biblíur eða guðspjöll í 20 eða 50 ár í leppríkjum Rússlands.



Tveir mjög óhreinir þorpsbúar komu heim til mín dag nokkurn. Voru þeir komnir frá sínu þorpi til að moka frosinni mold allan liðlangan veturinn til að innvinna peninga í þeirri von, að þeir gætu keypt gamla, slitna Biblíu fyrir þá og farið með hana til þorps síns. Ég hafði fengið Biblíur frá Ameríku, og gat ég fengið þeim nýja Biblíu, ekki gamla og slitna. Þeir gátu ekki trúað sínum eigin augum. Þeir reyndu að fá að borga mér með peningum, sem þeir höfðu inn unnið. Ég hafnaði peningum þeirra. Þeir skunduðu heim til þorps síns með Biblíuna. Fáeinum dögum síðar fékk ég bréf með óhemju þakklæti fyrir Ritningarnar. Þeir voru utan við sig. Það var undirritað af 30 þorpsbúum. Höfðu þeir skorið Biblíuna vandlega í 30 hluta og skipt þeim á milli sín.

Það er hrærandi að heyra Rússa biðja um eina blaðsíðu úr Biblíunni. Hann elur sál sína á henni. Þeir láta glaðir kú eða geit fyrir Biblíu. Einn maður, sem ég þekki, lét giftingarhringinn sinn fyrir illa farið Nýja testamenti.

Börnin okkar hafa aldrei séð jólakort. Ef þau fengju það, mundu öll börnin í þorpinu safnast utan um það, og einhver gamall maður mundi segja þeim frá barninu Jesú og Maríu mey og svo söguna um Jesúm Krist og hjálpræðið. Allt þetta . . . út af einu jólakorti. Vér getum sent Biblíur, guðspjöll og bækur. Þetta er ein leiðin, sem þú getur haft til að gera eitthvað.

Í þriðja lagi verðum vér að prenta og senda sérstakar bækur til gagnarása á guðleysiseitrið, sem æskunni er fengið frá leikskóla til æðri skóla. Kommúnistar hafa samið Leiðsögubók guðleysingjans. Hún er Biblíu guðleysingjans. Börnum í leikskóla eru kenndar einfaldar útgáfur, og eftir því sem barnið vex eru því kenndar þyngri útgáfur af sömu Leiðsögubók. Þessi illa Biblíu fylgir barninu, meðan það er að vaxa og taka framför-

um, og eitrar það með guðleysi alla leið. Hinn kristni heimur hefur aldrei prentað svar við Leiðsögubók guðleysingjans. Vér getum og verðum að senda svar við hinum eitruðu guðleysiskenningum. Vér verðum að gera þetta þegar í stað, því að neðanjarðar kirkjan hefur engar bókmenntir, sem hún geti lagt í hendurnar á æskunni, sem þessi bók eitrar. Neðanjarðar kirkjan er með hendurnar bundnar á bak aftur, þangað til hún hefur slíkar bókmenntir á ýmsum málum kommúnistalanda.

Æska vor, sem drukkið hefur eitrið, verður að fá svar, svar Guðs, hið kristna svar, svar vort. Þetta er annað atriði, sem þú getur hjálpað til við, með því að stuðla að því að koma út bókum til svars við Leiðsögubók guðleysingja, unglinga- og barnabókum með myndum og barnabiblíum.

Hið fjórða, sem vér verðum að gera er að taka í höndina á neðanjarðar kirkjunni og fá henni fjárhagslegan stuðning til að ferðast og fara um með fagnaðarerindið manna meðal. Nú sem stendur eru margir þeirra bundnir heima vegna skorts á fé til að kaupa farmiða með almenningsvögnum og lestum og fyrir mat á leiðinni. Þannig hafa þeir strandað og geta ekki komizt neitt, þótt þorp 20–30 mílur í burtu kalli árangurslaust á þá að koma á leynilegar samkomur.

Með því að gefa þeim fáein pund á mánuði (5–10 sterlingspund), getum vér leyst þá úr læðingi til að gegna þessum beiðnum og fara til fjarlæggra borga og þorpa með orð Guðs.

Fyrirverandi prestar, sem hafa verið í fangelsi vegna trúar sinnar, hafa boðskap, sem brennur þeim í hjarta, hjarta þeirra logar af elsku til týndra sálna, en þá vantar tækin til að fara með þennan boðskap í borgir og þorp. Fáein pund á mánuði gætu bætt úr því.

Kristnir leikmenn og konur verða að fá hjálp. Þau

hafa naumast nóg til að draga fram lífið, af því að þau eru kristið fólk, og hafa ekkert afgangs til að ferðast þorp úr þorpi, borg úr borg með fagnaðarerindið. Þetta er kraftaverkið, fáein pund á mánuði duga. Prestar og opinberar kirkjur, sem vinna hliðstætt starf á laun við mikla áhættu, verða að hafa sjóði, sem þeim séu fengnir á laun í þess konar tilgangi.

Kaup þeirra, sem kommúnistastjórnin ætlar þeim, er ákaflega lítið. Fúsleiki þessara presta til að hætta frelsi sínu með því að hafa fyrirmæli kommúnista að engu og prédika fagnaðarerindið meðal barna, unglinga og fullorðinna á leynisamkomum, dugir ekki. Þeir verða að hafa tækin til að vinna sitt ávaxtaríka, leynilega starf.

Fimm eða tíu pund á mánuði kæmu slíkum meðlimi neðanjarðar kirkjunnar að gagni til að breiða út fagnaðarerindið á áhrifaríkan hátt.

Þetta er enn leið til að hjálpa neðanjarðarkirkjunni.

Svo verðum vér að útvarpa fagnaðarerindinu til kommúnistalanda. Með því að nota stöðvar í hinum frjálsa heimi, getum vér fætt neðanjarðar kirkjuna andlega; henni er brýn þörf á brauði lífsins. Sökum þess að ríkisstjórnir kommúnista nota sjálfar stuttbylgju til að útvarpa áróðri sínum til síns eigin fólks, hafa milljóónir Rússa og annarra ánauðugra þjóða tæki, sem ná þessu útvarpi. Nú eru dyr opnar til að útvarpa til kommúnistalanda. Þetta verk verður að færa út. Neðanjarðar kirkjan verður að hafa þá andlegu fæðu, sem útvarpað er. Þetta er enn leið til að hjálpa neðanjarðar kirkjunni í kommúnistalöndum.

## HÖRMUNGAR FJÖLSKYLDNA KRISTINNA PÍSLARVOTTA.

Vér verðum að sjá fjölskyldum kristinna píslarvotta fyrir hjálp. Tugir þúsunda slíkra fjölskyldna þola nú þjáningar með hörmungum, sem engin leið er að lýsa. Þegar meðlimur neðanjarðar kirkjunnar er handtekinn, verður fjölskylda hans fyrir hræðilegri útreið. Það er algerlega ólöglegt að hjálpa þeim. Kommúnistar hafa undirbúið þetta feikna vel, til að auka þjáningar konunnar og barnanna, sem eftir eru skilin. Þegar kristinn maður lendir í fangelsi — og oft í þjáningum og dauða — er það aðeins byrjun þjáninganna. Fjölskylda hans líður endalaust þjáningar. Ég get sagt þá staðreynd, að ég og fjölskylda mín hefðum ekki lifað af, ef kristnir menn í hinum frjálsa heimi hefðu ekki sent mér hjálp: þá hefðum vér ekki lifað það að koma hingað og skrifa þessi orð. Nú alveg nýlega hefur hafizt ný alda í Rússlandi og víðar með fjöldahandtökum og ógnum. Píslarvottum fjölgar stöðugt. Þótt þeir séu grafnir og öðlist sín laun, eiga fjölskyldur þeirra við hræðilegar hörmungar að búa. Vér getum hjálpað þeim og verðum að hjálpa. En hver verðskuldar frekar hjálp kristinna manna en fjölskyldur þeirra, sem hafa látið lífið fyrir Krist eða eru pyntaðir vegna trúarinnar í fangelsum kommúnista?

Kristniboð Evrópu hefur þegar sent mikla hjálp til fjölskyldna kristinna píslarvotta, síðan ég var látinn laus. Það, sem gert hefur verið, er tiltölulega lítið hjá því, sem vér gætum gert með yðar hjálp.

Sem meðlimur neðanjarðarkirkjunnar, sem hefur lifað af og komizt undan, hef ég fært yður boðskap, áskorun, beiðni frá bræðrum mínum, sem ég skildi við.

Þeir hafa sent mig með þessi skilaboð til yðar. Það

er kraftaverk, að ég skuli hafa lifað af og komið þeim til skila.

Ég hef sagt yður, hve áriðandi það er að færa kommúnistaheiminum Krist. Ég hef sagt yður, hve brýn þörf er á að færa fjölskyldum kristinna píslarvotta hjálp. Ég hef sagt yður, hvernig unnt er að koma við hjálp til neðanjarðar kirkjunnar í því starfi hennar að útbreiða fagnaðarerindið.

Tunga mín æpti, þegar ég var barinn á iljar. Hvers vegna æpti ég? (Ég var ekki barinn á munninn.) Vegna þess, að tungan og fæturnir eru á sama líkama. Og þér kristnir menn eruð limir á sama líkama Krists, sem nú verður fyrir höggum í fangelsum kommúnista, þar sem menn verða píslarvottar Krists.

Getið þér fundið sársauka vörn?

Fornkirkjan hefur lifnað við aftur í allri fegurð sinni, fórn og sjálfsgjöf í löndum kommúnista.

Meðan Drottinn vor Jesús Kristur háði harða baráttu í Getsemanegarði, voru Pétur, Jakob og Jóhannes aðeins steinsnar frá mesta harmleik sögunnar, en þeir sváfu djúpum svefni. Hve mikið af yðar eigin umhyggju og gjöfum fer til stuðnings við kirkju píslarvottanna? Spyrið presta yðar og kirkjuleiðtoga, hvað gert sé í yðar nafni til að hjálpa bræðrum yðar og systrum bak við járntjaldið.

Að baki járntjaldinu eru atburðir, hetjudáðir og píslarvætti fornkirkjunnar að endurtaka sig — núna — og hin frjálsa kirkja sefur.

Bræður vorir þar eru að heyja hina stærstu og hugprúðustu baráttu á 20. öldinni, einir og hjálparvana, baráttu, sem er sambærileg við hetjuskap og hugheilindi fornkirkjunnar. Og hin frjálsa kirkja heldur áfram að sofa, sinnulaus um baráttu þeirra og þrautir, alveg eins og Pétur, Jakob og Jóhannes sváfu, meðan frelsari þeirra leið hörmungar.

Ætlið þér að sofa, meðan neðanjarðar kirkjan, bræður yðar í Kristi, þjáist og berst ein fyrir fagnaðarerindinu? Viljið þér heyra boðskapinn: „Minnizt vor, hjálpið oss“? „Yfirgefið oss ekki.“ Nú hef ég skilað boðskapnum frá hinni trúföstu, ofsóttu neðanjarðar kirkju í löndum kommúnista, frá bræðrum yðar og systur, sem liður þjáningar í fjötrum hins guðlausa kommúnisma.

Lesendur geta skrifað til höfundarins. Áritun er hjá European Christian Mission, 24 Elm Grove, London, N. 8, England.

Þeir, sem hefðu hug á að styrkja starf Mr. Wurmbrands, geta sent framlög sín til:

ICHTHYS BÓKAFÉLAG,  
Pósthólf 330,  
Akureyri.



Á sama tíma og sendiherrar vestrænna ríkja sitja veizlur með framámönnum Austur-Evrópu, í stórborgum handan jártjaldsins, eru kristnir menn pyntaðir og heilapvegir í fangelsum í nágrenni sendiráðanna. Fagnaðarerindið um Krist er hættulegt skipulagi kommúnismans, þess vegna er talið nauðsynlegt að þagga niður í hinum kristnu. En þrátt fyrir ofsóknir og fangelsanir, pyntingar á sál og líkama, standa hinir kristnu stöðugir í trú sinni. Um þetta eru fáir til frásagnar hér á Vesturlöndum. Þó kemur það fyrir, að hægt er að „kaupa“ menn út úr fangelsum kommúnista, t. d. í Rúmeníu. Einn þeirra, er þannig var „keyptur“, er rúmenski presturinn Sr. Richard Wurmbrand. Norðmenn keyptu hann lausan árið 1964. Saga hans vitnar um ótrúlegt hugrekki og bjargfasta trú hinna kristnu. Bók sú, sem hér kemur fyrir augu íslenzkra lesenda, hefur

og verið gefin út í mörgum útgáfum. Markmið Wurmbrands með bókinni er: „að opna augu heimsins fyrir þeirri staðreynd, að kristindómsofsóknir tilheyra ekki liðinni tíð, heldur eru stundaðar í dag af enn meiri grimmd en á dögum frumkristninnar í Róm“.

Samtök Sr. Wurmbrands, „Jesus to the Communist World Inc.“, gefa út samnefnt fréttabréf. Bréfið kemur út mánaðarlega á ensku og annan hvern mánuð á dönsku, norsku og sænsku. Bréfið geta þeir, sem þess óska, fengið sent ókeypis. Nafn og heimilisfang, ásamt upplýsingum um, á hvaða framangreindu tungumáli bréfið óskast, má senda til undirritaðra:

ICHTHYS BÓKAFÉLAGIÐ  
PÓSTHÓLF 330  
AKUREYRI